# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

52. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 2. MARS 2017



DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

ENN LÆGRA DORMAVERÐ



LÆKKUM VERÐ!

Dorma lækkar verð á öllum rúmum að meðaltali um 12%

# NATURE'S SUPREME
## heilsurúm með Classic botni

| Stærð cm | Verð áður kr. | Lækkað verð kr. |
|---|---|---|
| 80x200 | ~~86.900~~ | 82.900 |
| 90x200 | ~~92.900~~ | 89.900 |
| 100x200 | ~~99.900~~ | 96.900 |
| 120x200 | ~~119.900~~ | 109.900 |
| 140x200 | ~~138.900~~ | 119.900 |
| 160x200 | ~~149.900~~ | 134.900 |
| 180x200 | ~~164.900~~ | 149.900 |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. m²
- Vandaðar kantstyrkingar



LÆKKAÐ VERÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.
Aukahlutir á mynd: Höfuðgafl og koddar.

Nature's Bedding



Nature's Bedding

LÆKKAÐ VERÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast

Aukahlutur á mynd: Höfuðgafl.

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

## NATURE'S ELEGANCE
heilsurúm með Classic botni

| Stærð cm | Verð áður |
|---|---|
| 160x200 | ~~207.900 kr.~~ |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. m²

Nú aðeins **169.900 kr.**



Nature's Bedding

LÆKKAÐ VERÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

## NATURE'S LUXURY
heilsurúm með Classic botni

| Stærð cm | Verð áður |
|---|---|
| 180x200 | ~~189.900 kr.~~ |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Þrýstijöfnunar yfirdýna
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. m²

Nú aðeins **169.900 kr.**

# Stillanlegt og þægilegt

LÆKKAÐ VERÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast



Charlotte Julien
Dream your world™

SHAPE
BY NATURE'S BEDDING

# STILLANLEGT HEILSURÚM
## með Shape heilsudýnu

Endurnýjanleg hráefni
Memory foam
Bambus trefjar
Aloe Vera
Open cell structure

**C&J stillanleg rúm:**

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Hljóðlátur mótor

### Shape og C&J silver

| Stærð cm | Verð áður kr. | Lækkað verð kr. |
|---|---|---|
| 2x80x200 | ~~349.900~~ | 319.900 |
| 2x90x200 | ~~369.900~~ | 339.900 |
| 2x90x210 | ~~389.900~~ | 365.900 |
| 2x100x200 | ~~389.900~~ | 365.900 |
| 120x200 | ~~199.900~~ | 187.900 |
| 140x200 | ~~224.900~~ | 214.900 |

Enn lægra DORMA **verð**

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

52. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 2. MARS 2017




Sigríður Tinna, starfsmaður Íslandspósts, ýtir vagni með pökkum gærdagsins frá bresku netversluninni ASOS um ganga Íslandspósts en verslunin nýtur mikilla vinsælda hér á landi. Erlendar sendingar til almennings jukust um 42 prósent á síðasta ári, tölurnar eru ekki sundurliðaðar en ljóst er að fatnaður er þar mjög fyrirferðarmikill. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fatakaup í gegnum netið aukast mikið

**Þrátt fyrir mikið hagvaxtarskeið hefur fataverslun á Íslandi dregist saman. Virðist það vera eini angi verslunar sem ekki hefur náð vopnum sínum eftir hrunið. Netverslun með fatnað hefur tekið mikinn kipp og verður stórum og þekktum verslunum lokað.**

**VIÐSKIPTI** Fataverslun virðist vera eini angi verslunar á Íslandi sem ekki hefur náð vopnum sínum eftir hrun, þrátt fyrir kaupmáttaraukningu almennings, styrkingu krónunnar og niðurfellingu tolla á fatnaði og skóm. Velta íslenskrar fataverslunar dróst saman um tólf prósent í janúar á milli ára, sem er sama mynstur og verið hefur undanfarin misseri samkvæmt mælingum Rannsóknaseturs verslunarinnar. Í sama mánuði var velta í smásöluverslun almennt vaxandi.

Á sama tíma hefur sprenging orðið í afgreiddum sendingum hjá Íslandspósti. Erlendar sendingar til almennings jukust um 42 prósent á síðasta ári, í takt við niðurfellingu vörugjalda. Tekið skal fram að tölurnar eru ekki sundurliðaðar á vöruflokka en ljóst er að fatnaður er mjög fyrirferðarmikill í netverslun Íslendinga.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að þar á bæ klóri menn sér í höfðinu yfir þessu þar sem allar forsendur séu uppi til að hagstætt sé

**42%**

**aukning varð á erlendum sendingum til almennings á síðasta ári, í takt við niðurfellingu vörugjalda.**

að versla hér á landi. „Ef þú kaupir á netinu þá ertu að borga tvöfaldan virðisaukaskatt, bæði í landinu sem keypt er í og við komuna hingað til landsins. Samt sér fólk sér hag í því,“ segir Andrés. Hann segist ekki vilja svara því hvort það þýði að álagning íslenskra fataverslana sé einfaldlega of mikil. Verslunarrekendur verði sjálfir að svara því.

Svava Johansen, eigandi NTC, gerir lítið úr áhrifum netverslunar á sinn rekstur. „Hún er vaxandi en þetta eru svo ólíkir hópar. Það er einn hópur sem kaupir mikið á netinu og annar ekki. Hvort fyrri hópurinn muni halda áfram að stækka eða þetta muni ganga til baka veit ég ekki. Við spyrjum okkur að því hvort fólk hafi ekki líka félagslegar þarfir. Vill fólk sitja eitt eftir vinnu fyrir framan tölvuna og kaupa, eða vera á meðal fólks?“

Fréttablaðið tók púlsinn á nemendum í HR og spurði út í fataverslun á netinu. Allir nemendurnir sem talað var við höfðu keypt sér föt í gegnum netið. – snæ / sjá síðu 4

## Uppbygging á stjórnarráðsreit

**STJÓRNSÝSLA** Áætlað er að fram fari samkeppni um skipulag á svonefndum Stjórnarráðsreit og niðurstöður úr henni verði kynntar á 100 ára fullveldisafmæli Íslendinga, 1. desember 2018. „Það sem við erum að skoða núna eru möguleikar á því að hagræða í húsnæðismálum Stjórnarráðsins í heild. Þá erum við að horfa til þess að fá sem flest ráðuneytin inn á Stjórnarráðsreitinn í framtíðinni,“ segir Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu. Hún segir að skipulagssamkeppnin verði undirbúin strax á þessu ári.

„Markmið okkar eru að ráðuneytin verði í öruggu framtíðarhúsnæði en nokkur ráðuneyti, til dæmis forsætisráðuneytið, er að hluta til í leiguhúsnæði,“ bætir Ragnhildur við. – jhh / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um Þýskaland og Evrópusambandið. 15

**SPORT** Freyr Alexandersson var að mestu ánægður með frammistöðu Íslands í 1-1 jafnteflinu við Noreg í fyrsta leiknum á Algarve-mótinu. 22

**MENNING** Viðar Hreinsson hlýtur viðurkenningu Hagþenkis fyrir bókina Jón lærði og náttúrur náttúrunnar. 30

**LÍFIÐ** Nýjasta lag Áttunnar nýtur mikilla vinsælda á YouTube en sumir vilja meina að um svindl sé að ræða. 44




**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Bjart og fallegt vetrarveður í dag, en nokkuð ákveðin norðanátt með skýjuðu veðri og dálitlum éljum austanlands. Frost yfirleitt á bilinu 0 til 8 stig.

SJÁ SÍÐU 28

## Food and Fun á Grillinu



Matarhátíðin Food and Fun hófst í Reykjavík í gær. Hátíðin stendur yfir til 5. mars næstkomandi. Á meðal veitingastaða sem taka þátt í hátíðinni er Grillið á Hótel Sögu. Þar sér finnski matreiðslumaðurinn Toni Kostian um matargerðina og sést hann hér standa yfir diski með nýelduðum kræsingum. Food and Fun var fyrst haldin í febrúar árið 2002 og hefur hún verið haldin öll ár síðan, ýmist í febrúar eða mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Telja kannanir samræmast hefð

**VIÐSKIPTI** Borgun telur sig hafa framkvæmd áreiðanleikakannanir á viðskiptavinum samkvæmt verklagshefð á Evrópska efnahagssvæðinu þegar sambærileg viðskipti eru annars vegar. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Borgun.

Var hún send út til að bregðast við þeim fréttum að Fjármálaeftirlitið hefði vísað máli tengdu fyrirtækinu til héraðssaksóknara í tengslum við athugasemdir við verklag og eftirlit vegna áreiðanleikakannananna.

„FME hefur hins vegar gert athugasemdir við hvernig gagna hefur verið aflað og hvernig áreiðanleiki þeirra hefur verið tryggður. Borgun tekur athugasemdum FME alvarlega eins og fram kom í yfirlýsingu Borgunar síðastliðinn föstudag,“ segir í tilkynningu Borgunar.

Unnið sé að úrbótum í takt við kröfur FME og stefnt sé á að því ljúki innan tveggja mánaða. **– þea**



Hundurinn Neró leikur sér í snjónum, áhyggjulaus. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Víða týnd dýr undir snjónum

**DÝR** Dæmi eru um að kettir hafi fundist innlyksa undir sólpöllum eftir snjókomu helgarinnar. Dýravinasamtök beina þeim tilmælum til fólks að moka frá pöllum til að kanna hvort dýr leynist þar undir.

„Ég lenti í því að ein kisan mín hvarf í þrjá sólarhringa. Síðan fannst hún illa haldin undir palli í garði nágranna míns,“ segir María Þorvarðardóttir hjá Dýraverndunarfélagi Hafnarfjarðar.

María segir þetta ekki vera eina dæmið um dýr sem hafi týnst í hríðinni. Fjölmörg dæmi um slíkt sé að finna í ýmsum Facebook-hópum þar sem fólk auglýsir eftir týndum dýrum eða segir frá fundi týndra dýra.

„Við viljum benda fólki á að moka frá sólpöllum sínum og ýmsum skúmaskotum. Mörg dýr leituðu sér skjóls þar nú fyrir veðrinu og komast síðan ekki út,“ segir María. **– jóe**


Hungurvaka

**Skálholtsfélagið efnir til málþings um Konur og kvennamenningu í Skálholti.**

Fjallað verður um líf og hag kvenna á staðnum um aldir með stuttum fyrirlestrum, örsögum og myndum.

Ætlunin er að draga fram úr glatkistunni og vekja áhuga, hungur eftir að vita meira og rannsaka betur.

**Framsögu hafa:**
Hildur Hákonardóttir, Karitas Kristjánsdóttir, Kristinn Schram og Kristján Valur Ingólfsson.



**Málþingið verður haldið í sal Þjóðminjasafnsins föstudaginn, 3. mars kl. 16-18 og er öllum opið.**


# Saksóknari ætlar að ákveða næstu skref

Davíð Þór Björgvinsson verður áfram saksóknari í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum enda hefði það tafið málið mikið að setja nýjan mann í starfið. Nokkrir möguleikar eru í stöðunni. Sýkna eða að falla frá ákæruliðum.

**DÓMSMÁL** Tilkynnt var í gærkvöldi að Sigríður Andersen dómsmálaráðherra hefði sett Davíð Þór Björgvinsson, prófessor og fyrrverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, ríkissaksóknara á ný í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.

Hann var settur ríkissaksóknari vegna endurupptökubeiðni í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum eftir að Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari lýsti sig vanhæfa. „Einnig mun ég, ef þurfa þykir, setja nýja dómara í embætti í þessu máli séu menn einnig vanhæfir þar,“ sagði dómsmálaráðherra í samtali við Fréttablaðið.

Eftir að endurupptökunefnd birti niðurstöður sínar á föstudag sagðist dómsmálaráðherra líta þannig á að hlutverki Davíðs Þórs í málinu væri lokið. Skjöl málsins hlaupa á mörgum þúsundum blaðsíðna og er það mjög flókið. Það hefði því tafið málareksturinn gríðarlega ef nýr saksóknari hefði þurft að taka við af honum. Það varð niðurstaða fundar sem fram fór í innanríkisráðuneytinu í gær að farsælast yrði að Davíð Þór héldi áfram með málið.

Davíð Þór segir að það þurfi því að breyta orðalagi í setningarbréfi hans sem saksóknara. Að því búnu muni hann snúa sér með málið til Hæstaréttar Íslands. „Þá snýr saksóknari sér þangað með bréf þar sem Hæstarétti er formlega tilkynnt þessi ákvörðun endurupptökunefndar.“

Hæstiréttur muni síðan veita honum frest til að skila greinargerð. „Við vinnslu þeirrar greinargerðar tek ég afstöðu til þess hvaða kröfur ég mun gera,“ segir Davíð Þór og bætir við að það séu nokkrir möguleikar í stöðunni. Eftir atvikum geti það verið sýkna eða að falla frá ákæruliðum sem endurupptökunefnd telur að eigi að taka upp.

„Þetta er tæknileg útfærsla og ég held að það sé nú ekki skynsamlegt fyrir mig að vera að binda mig með yfirlýsingum í fjölmiðlum um það nákvæmlega hvernig á að gera þetta.“

Davíð Þór segir stöðuna sem komin er upp vera alveg nýja og það sé óljóst hvernig eigi að standa að málum. „En ég held að markmiðin séu skýr hjá öllum, að koma þessu til Hæstaréttar til endanlegrar ákvörðunar.“ **jonhakon@frettabladid.is**



Sævar Ciesielski við meðferð málsins fyrir Hæstarétti Íslands árið 1980. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

### Endurupptaka vegna nýrra gagna

Endurupptökunefnd féllst á endurupptöku dóms Hæstaréttar gagnvart Kristjáni Viðari Júlíussyni, Sævari Ciesielski og Tryggva Rúnari Leifssyni fyrir að hafa orðið Guðmundi Einarssyni að bana og gagnvart Alberti Klahn Skaftasyni fyrir að hafa hjálpað til við að fjarlægja lík Guðmundar og fela það. Einnig var fallist á endurupptöku máls gagnvart Guðjóni Skarphéðinssyni, Kristjáni Viðari og Sævari fyrir að hafa orðið Geirfinni Einarssyni að bana. Hins vegar var hafnað beiðni um endurupptöku varðandi sakfellingu Erlu Bolladóttur, Kristjáns Viðars og Sævars Marínós fyrir að hafa borið rangar sakir á fjóra menn.


2.-6. MARS
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
KRINGLU
KAST
OPIÐ
10–21
ALLA FIMMTUDAGA
20–50%
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
Kringlan
Af öllu hjarta
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

## Nemendur HR spurðir út í fataverslun á netinu

**Stefanía Ósk Pétursdóttir**
Já, í janúar keypti ég mér af þremur mismunandi fatasíðum. Af því að það er svo dýrt að versla á Íslandi. Þannig að það hefur aukist. Áður keypti ég mér aldrei á netinu. Allt er komið til landsins og það gekk vel.



**Þorsteinn Hjörleifsson**
Það er bara tölu-vert ódýrara. Ég pantaði af ASOS í janúar og það tók tvo daga að koma til landsins. Þannig að það er mjög hentugt.



**Edda Steinunn Rúnarsdóttir**
Ég kaupi fullt þegar ég fer til útlanda og kaupi hér heima í neyð. Ég versla alveg pínu á netinu. Ég hef verslað við einn sem sendir til Íslands föt frá H&M og Forever 21. Svo hef ég líka keypt af ASOS og Ali Express.



**Axel Björnsson**
Maður getur keypt þrennar buxur úti á verði einna hér heima. Það sparar klárlega. Ég kaupi ekki hér nema í neyð, en það gerist alveg. Það er bara pínu leiðinlegt að kaupa sér lélegt bindi á 5.000 krónur þegar maður getur keypt sér tíu bindi af sömu gæðum á því verði.



**Viktoría Vasilynka Alfreðsdóttir**
Þegar ég keypti mér í fyrsta skipti frá ASOS þá var ég í sjokki að sjá vöru-húsin þeirra. Ég er eiginlega hætt að versla á Íslandi. Ef ég ætla að kaupa mér föt fyrir ákveðið tilefni þá fer ég 100 prósent á netið og skoða vöruúrvalið þar. Ég kíki ekki lengur í Kringluna. Á Íslandi kaupi ég frekar hversdagsföt og make-up en meira að segja förðunarvörur eru farnar að fást á netinu. Svo er svo mikil einsleitni á Íslandi og maður mætir í partí þar sem allir eru í eins fötum.



# Íslendingar beina viðskiptum sínum til netsins og frá landinu

**Netverslun hefur tekið mikinn kipp á sama tíma og fataverslun á Íslandi dregst saman á miklu hagvaxtarskeiði. Tvöfaldur virðisaukaskattur á fatnaði sem keyptur er af netinu virðist engin áhrif hafa á íslenska neytendur sem telja kaupin samt hagstæðari. Erlendum netsendingum fjölgaði um 42 prósent á síðasta ári.**



Aníta Brá Leifsdóttir, starfsmaður póstsins, flokkar hér ASOS-sendingar sem bárust til landsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VIÐSKIPTI** Velta íslenskrar fataverslunar dróst saman um tólf prósent í janúar á milli ára, sem er sama mynstur og verið hefur undanfarin misseri. Fataverslun virðist vera eini angi verslunar á Íslandi sem ekki hefur náð vopnum sínum eftir hrun, þrátt fyrir kaupmáttaraukningu almennings, styrkingu krónunnar og niðurfellingu tolla á fatnaði og skóm.

Á sama tíma hefur sprenging orðið í afgreiddum sendingum hjá Íslandspósti. Erlendar sendingar til almennings jukust um 42 prósent á síðasta ári, í takt við niðurfellingu vörugjalda. Tekið skal fram að tölurnar eru ekki sundurliðaðar á vöruflokka en ljóst er að fatnaður er mjög fyrirferðarmikill í netverslun Íslendinga.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að þar á bæ klóri menn sér í hausnum yfir þessu þar sem allar forsendur séu uppi til að hagstætt sé að versla hér á landi. „Það bendir allt til þess að netverslun hafi farið á algjört flug seinni hluta síðasta árs. Það mun koma enn betur fram á næstunni.“

Almenningur virðist sjá hag sinn í því að kaupa fatnað á netinu. „Baráttan fer fyrir því að ná tollunum af var klárlega til að jafna samkeppnisstöðu fataverslunar á Íslandi við fataverslun í samanburðarlöndunum. Ef þú kaupir á netinu þá ertu að borga tvöfaldan virðisaukaskatt, bæði í landinu sem keypt er í og við komuna hingað til landsins. Samt sér fólk sér hag í því,“ segir Andrés. Hann segist ekki vilja svara því hvort það þýði að álagning íslenskrar fataverslunar sé einfaldlega of mikil. Verslunarrekendur verði sjálfir að svara því. „Þetta eru samt allt hlutir sem koma inn í myndina,“ segir Andrés.
snaeros@frettabladid.is

**12%**
**samdráttur varð í fataverslun í janúar milli ára.**

### Aukning í erlendum sendingum til Íslandspósts




# Hræðist ekki komu H&M verslanakeðjunnar

**VIÐSKIPTI** „Netverslun fer vaxandi en þetta eru svo ólíkir hópar. Það er einn hópur sem kaupir mikið á netinu og annar ekki. Hvort fyrri hópurinn muni halda áfram að stækka eða að þetta gangi til baka veit ég ekki.“ segir Svava Johansen, eigandi NTC, sem rekur ellefu fataverslanir og netverslun.

„Við spyrjum okkur að því hvort fólk hafi ekki líka félagslegar þarfir? Vill fólk sitja eitt eftir vinnu fyrir framan tölvuna og kaupa, eða vera á meðal fólks?“ Það er ekki aðeins netverslun sem ógnar fataverslun því H&M mun opna búðir hér á landi innan skamms. „Eflaust eru 25 prósent af öllum kvenfatnaði sem hefur verið keyptur erlendis úr H&M. Fjórðungur af veltu íslenskra kvenna fer þangað og það mun að hluta til skila sér heim.

Við erum ekkert að hræðast H&M en að sjálfsögðu erum við ekki sofandi á verðinum.“ Fyrr í vikunni var greint frá því að Topshop myndi hætta hér á landi. Svava segir að þar hafi mun sterkari samkeppnisaðili við NTC horfið af markaðnum. „Topshop hefur verið meiri keppinautur en H&M. Zara er það líka. Við vitum alveg að það er flott verslun að koma en við erum búin að greina hana og vitum hvað við þurfum að varast og hvar við erum í lagi.“ Hún segir að hún óttist ekki opnun H&M.

„Það er ekki stór hópur yfir þrítugt sem kaupir í H&M nema föt á börnin sín og svo einhverja boli, sokka og nærföt. En það fer ekkert þangað til að kaupa tösku eða skó. Ég held að fjöldi þeirra sem koma inn í verslunarmiðstöðvarnar verði meiri sem mun auka söluna í verslununum í kring,“ segir Svava. – snæ

> **Við spyrjum okkur að því hvort fólk hafi ekki líka félagslegar þarfir. Vill fólk sitja eitt eftir vinnu fyrir framan tölvuna og kaupa, eða vera á meðal fólks**
>
> Svava Johansen, eigandi NTC






FIAT TIPO
VERÐ FRÁ: 2.790.000 KR.

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÞAÐ ÞARF SVO LÍTIÐ TIL AÐ FÁ HEILMIKIÐ FIAT TIPO HLAÐINN AUKABÚNAÐI – MEÐ FIMM ÁRA ÁBYRGÐ
KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM FIAT. VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR, RJÚKANDI HEITT KAFFI Á KÖNNUNNI
Bíll á mynd Fiat Tipo 1.4 Lounge 2.990.000 kr.
fiatisland.is

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS




**Invincible 33" breyting fylgir með**
Hilux er ódrepandi harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum.

**Hilux Invincible aukahlutapakki:** 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.
**Verðmæti: 780.000 kr.**

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Invincible-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.








Skipulagssamkeppni fer fram um uppbyggingu á stjórnarráðsreit. Áætlað er að niðurstöður verði kynntar í lok næsta árs.

# Uppbygging hefjist á næstu fimm árum

**Áætlað er að kynna úrslit skipulagssamkeppni vegna stjórnarráðsreitsins á hundrað ára fullveldisafmæli Íslands. Í hönd fer kostnaðargreining vegna uppbyggingarinnar. Uppbygging gæti hafist á næstu fimm árum.**

**STJÓRNSÝSLA** Áætlað er að fram fari samkeppni um skipulag á svonefndum stjórnarráðsreit og niðurstöður úr henni verða kynntar á 100 ára fullveldisafmæli Íslendinga, 1. desember 2018.

„Það sem við erum að skoða núna eru möguleikar á því að hagræða í húsnæðismálum Stjórnarráðsins í heild. Þá erum við að horfa til þess að fá sem flest ráðuneytin inn á Stjórnarráðsreitinn í framtíðinni,“ segir Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu. Hún segir að skipulagssamkeppnin verði undirbúin strax á þessu ári.

„Markmið okkar eru að ráðuneytin verði í öruggu framtíðarhúsnæði en nokkur ráðuneyti, til dæmis forsætisráðuneytið, er að hluta til í leiguhúsnæði,“ bætir Ragnhildur við. Eins og fram hefur komið komu upp rakaskemmdir í húsnæði velferðarráðuneytisins í Hafnarhúsinu, og voru skrifstofur ráðuneytisins því fluttar að Skógarhlíð 6. Áætlað er að starfsemi þess ráðuneytis verði innan tveggja ára flutt í húsnæði að Skúlagötu 4, sem er sama húsnæði og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er í. Sú ákvörðun er háð því að Hafrannsóknastofnun, sem er líka núna að Skúlagötu 4, flytji úr húsinu.

> Markmið okkar eru að ráðuneytin verði í öruggu framtíðarhúsnæði en nokkur ráðuneyti, til dæmis forsætisráðuneytið, er að hluta til í leiguhúsnæði,
>
> Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu

Gert er ráð fyrir að uppbygging á stjórnarráðsreitnum gæti hafist á næstu fimm árum og segir Ragnhildur að gert verði ráð fyrir tilteknum fjármunum í þetta verkefni í langtímaáætlunum. „Þetta er vissulega margra ára verkefni og forsendan er að í heild reynist framkvæmd og uppbygging af þessu tagi hagkvæmari til lengri tíma litið en að hafa ráðuneytin mjög dreifð og í mismunandi hagkvæmu húsnæði, jafnvel í leiguhúsnæði, á dýrum stað í miðbænum,“ segir hún.

Ragnhildur segir að í hönd fari greining á hvað uppbygging á húsnæðinu myndi kosta. „En það fer auðvitað eftir því hve mörg ráðuneyti yrðu í slíku húsnæði,“ segir hún. Áhugi er fyrir því að starfsemi utanríkisráðuneytisins á Rauðarárstíg flytjist á reitinn auk þess sem rætt er um fleiri ráðuneyti.

Ragnhildur segir stjórnarráðsreitinn vera dýran reit á góðum stað. „Við höfum verið að horfa á það hvort einhverjar stofnanir ættu líka að færast inn á reitinn. En það mun væntanlega koma í ljós þegar skipulagssamkeppnin fer af stað,“ segir hún. **jonhakon@frettabladid.is**

## Hafró í Hafnarfjörðinn

Hafrannsóknastofnun verður flutt í Fornubúðir 5 í Hafnarfirði, segir í skýrslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem birt var á vef Alþingis í gær. Húsnæðið við Fornubúðir verður að mestu nýbygging og hægt er að sníða hana að þörfum stofnunarinnar, sem kemst með því undir eitt þak, en er nú á þremur stöðum í höfuðborginni; í leiguhúsnæði á Grandagarði og skrifstofur og rannsóknarstofur eru bæði á Skúlagötu 4 og að Árleyni 22. „Rannsóknaskipin fá lægi í höfninni rétt við húsið. Þá er mögulegt að stækka húsið og þegar eru uppi hugmyndir um að koma þar á fót þekkingarsetri um hafið og heimskautin, auk þess sem sjávarklasi með sprotafyrirtækjum og þekkingarfyrirtækjum í sjávarútvegi hefur lýst miklum áhuga á að komast í nábýli við stofnunina með samstarf í huga,“ segir í skýrslunni. **– jhh**


Mon
GUERLAIN
THE NEW FRAGRANCE
ANGELINA JOLIE
GUERLAIN
GUERLAIN FÆST Í HAGKAUP SMÁRALIND.

# Kolsvört loftslagsskýrsla frá ráðherra

**Skýrsla umhverfisráðherra til Alþingis um stöðu loftslagsmála er óvenju berorð. Hún er kolsvart stöðumat en afmarkar einnig risavaxið verkefni. Að óbreyttu mun losun verða meiri á Íslandi en í flestum eða öllum þróuðum ríkjum til ársins 2030. Stóriðjan fær pílur.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Án meiriháttar inngrips stendur Ísland hvorki við skuldbindingar sínar í loftslagsmálum samkvæmt Kyoto-bókuninni frá árinu 1997 né undir skuldbindingum sínum samkvæmt Parísarsáttmálanum nýja. Losun á hvern Íslending er þegar nærri þrefalt meiri en gerist á heimsvísu og rétt um helmingi meiri en að meðaltali í ríkjum Evrópusambandsins (ESB). Þegar allt er lagt að jöfnu er Ísland ekki í fararbroddi í loftslagsmálum heldur á hið gagnstæða við.

### Í besta falli svört skýrsla

Skýrsla Bjartar Ólafsdóttur umhverfisráðherra um stöðu og stefnu Íslands í loftslagsmálum var lögð fram á Alþingi á mánudag. Hún verður í besta falli kölluð svört, og kemur hún fast á eftir greiningu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á möguleikum Íslands til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti.

Í skýrslu Bjartar, sem er berorð og þar sem í engu er reynt að tala niður stöðuna, segir einfaldlega frá því að losun hafi aukist um 26% á Íslandi frá 1990 til 2015. Á sama tíma hefur losun dregist saman um 24% samtals í 28 ríkjum ESB. Í skýrslu Hagfræðistofnunar bendir spá til þess að losun geti aukist um 53 til 99% hérlendis til 2030 en ívið minna, eða 33-79%, ef tillit er tekið til kolefnisbindingar með landgræðslu og skógrækt. Líklega eru fá eða engin dæmi um jafn mikla fyrirsjáanlega aukningu í losun til 2030 hjá öðrum þróuðum ríkjum. Ímynd hreinleika, sem ítrekað er haldið á lofti, sé því brothætt, í besta falli.

„Það er ekki endalaust hægt að vísa til hitaveituvæðingar fortíðarinnar sem dæmi um framsækni Íslands í loftslagsmálum. Við þurfum að grípa öll loftslagsvænu tækifærin sem blasa við og setja aukinn kraft í verkefni sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis. Rafvæðing samgangna er dæmi um slíkt verkefni; þar þarf að ganga til verka með sama hugarfari og í jarðhitavæðingunni,“ segir á einum stað og fellur vel að varnaðarorðum sérfræðinga sem í viðtölum við Fréttablaðið á dögunum sögðu nákvæmlega það sama.





Kallað hefur verið eftir aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum um langt árabil. FRÉTTBLAÐIÐ/ERNIR

**Þau rök eru gjarnan sett fram að út frá loftslagssjónarmiðum sé gott að fá mengandi stóriðju hingað til lands til að nýta endurnýjanlega orku. Spyrja má á móti hvort rétt sé að hvetja til slíks sérstaklega með ívilnunum, ekki síst þegar hægt er að nota orkuna á annan hátt, s.s. til gagnavera og orkuskipta.**

Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra



## Stóriðjan á að draga stórlega úr losun

- Losun frá stóriðju hér á landi – í áliðnaði, járnblendi og kísilmálmframleiðslu – fellur undir ETS-viðskiptakerfið samkvæmt EES-samningnum. Þar fá fyrirtæki úthlutaðar losunarheimildir eða kaupa þær á markaði og þurfa að tryggja að losun sé innan þeirra heimilda.
- Ef losun er meiri þurfa fyrirtækin að kaupa heimildir, en ef þeim tekst að draga úr losun umfram kröfur geta þau selt heimildir.
- Í þessu kerfi eru yfir 10.000 fyrirtæki í Evrópu, sem eiga samtals að draga úr losun um 43% árið 2030 miðað við 1990. Fyrirtækin búa við sams konar kröfur alls staðar á EES-svæðinu og geta keypt og selt heimildir sín á milli, óháð landamærum.
- Litið er svo á að ábyrgð á losun sé með þessum hætti sett á fyrirtækin sjálf en ekki með beinum hætti á ríkin þar sem þau starfa. Það verður því ekki gert ráð fyrir því að aðgerðaáætlun [stjórnvalda] fjalli mikið um losun frá stóriðju.

**Heimild:** Skýrsla umhverfis- og auðlindaráðherra um stöðu og stefnu í loftslagsmálum

- Íslensk stjórnvöld lýstu því yfir á aðildarríkjaþingi Sameinuðu þjóðanna í Kyoto árið 1997 að þau gætu ekki fallist á þær magntakmarkanir sem ríkinu voru ákveðnar samkvæmt Kyoto-bókuninni. Fyrir því voru færð þau rök að vegna smæðar íslenska hagkerfisins hefðu einstakar stóriðjuframkvæmdir svo mikil hlutfallsleg áhrif á heildarlosun ríkisins að skuldbindingar bókunarinnar útilokuðu þær framkvæmdir sem áætlað var að ráðast í á Íslandi á þessum tíma.
- Árið 2001 var samþykkt ákvörðun nr. 14/CP.7, sem felur upp að vissu marki í sér undanþágu frá skuldbindingum bókunarinnar fyrir ríki þar sem einstök stóriðjuverkefni hafa veruleg hlutfallsleg áhrif á heildarlosun ríkisins. Hefur þessi ákvörðun verið kölluð íslenska ákvæðið.

**Heimild:** Umhverfisstofnun

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá ráðgjafarfyrirtækinu Environice, sagði stjórnvöld hafa verið óhóflega værukær. Mikið hafi verið gert af því að tala upp stöðu Íslands en afrek fortíðarinnar nýtt í því samhengi. Þar sé til dæmis vinsælt að tala um hitaveitubyltinguna þegar nærtækara væri að ræða verkefnin sem liggja vel skilgreind á borðinu – og hafa gert um langt árabil.

### Skuldbindingar

Sá hluti skýrslunnar sem tekur til fortíðarinnar og stöðunnar í dag er í raun allur á sama veg. Látum Parísarsamkomulagið eiga sig í bili, því nýjustu losunartölur fyrir Ísland benda til að Íslendingar muni eiga erfitt með að standa við skuldbindingar sínar innan ramma Kyoto-bókunarinnar til 2020 – hvað þá mun metnaðarfyllri markmið sem undirrituð voru í París í desember 2015. Aðgerðaáætlun frá 2010 hefur miðað að því að standa við Kyoto-bókunina og fyrstu árin eftir að áætlunin gekk í gildi dróst losun saman nokkurn veginn í takt við væntingar. Nýjar losunartölur fyrir 2015 benda hins vegar til að losun standi í stað eða leiti upp á við á ný, segir í skýrslu Bjartar. Þar kemur meðal annars til að áhrifa samdráttar eftir bankahrunið 2008 gætir ekki lengur og mikill vöxtur er í sumum greinum; ferðaþjónustu og byggingariðnaði.

„Uppgjör tímabilsins fer ekki endanlega fram fyrr en eftir 2020 og ef losun er umfram skuldbindingar getur Ísland keypt heimildir í slíku uppgjöri. Augljóslega er þó betra að geta staðið við skuldbindingar og á það verður stefnt,“ segir í skýrslunni og hér má gefa sér að dregið sé úr. Varla vilja íslensk stjórnvöld ganga þau svipugöng að kaupa upp heimildir til að standa undir skuldbindingum sínum. Sérstaklega þar sem af því hefur verið gumað um langt árabil að Ísland hafi alla burði til að verða forysturíki í loftslagsmálum, nokkuð sem er endurtekið í skýrslunni.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að skýrsla ráðherra einkennist af mun meira raunsæi en við eigum að venjast hjá ráðamönnum. Í fyrsta skipti í langan tíma sé sett fram markmið sem hönd er á festandi. Ísland ætlar að draga úr losun um allt að 40% í samvinnu við önnur Evrópuríki og bent á að viðmið ESB geri ráð fyrir samdrætti á bilinu 35 til 40%. Er þá ekki átt við stóriðju heldur þá losun sem fellur undir íslenska lögsögu.

„Skýrslan vanmetur ekki þörfina fyrir gríðarlegt átak í loftslagsmálum og það er gott. Á hinn bóginn er enn eftir að sjá hvort aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni fylgi umhverfisráðherra í þessu mikilvæga máli. Til dæmis eru þau markmið sem kynnt eru í þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra um orkuskipti í samgöngum afar óljós. Ráðherrarnir tala ekki sama tungumál og það verður að laga,“ segir Árni.

### Mengandi stóriðja

Í loftslagsumræðunni hefur stóriðjan oft verið tekin út fyrir sviga. Það kemur til af því að losun stóriðjunnar er ekki á ábyrgð stjórnvalda og reiknast ekki inn í aðgerðir til að ná loftslagsmarkmiðunum. Langmest af aukningu losunar fram til þessa og í fyrirliggjandi spám er þó frá stóriðju, en fellur undir viðskiptakerfi ESB (ETS) og losun þeirra er á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra. Það skal hins vegar tekið fram að þótt stjórnvöld þurfi ekki að bera beina ábyrgð á stóraukinni losun frá stóriðju stefnir engu að síður í að Ísland standi að óbreyttu hvorki við skuldbindingar sínar innan Kyoto-bókunarinnar til 2020 né Parísarsamningsins til 2030.

Eðli skýrslunnar er hins vegar stóra myndin og þar er vísað til spár Hagfræðistofnunar sem sýnir mikla aukningu í losun frá mengandi stóriðju hérlendis á komandi árum.

„Þau rök eru gjarnan sett fram að út frá loftslagssjónarmiðum sé gott að fá mengandi stóriðju hingað til lands til að nýta endurnýjanlega orku. Spyrja má á móti hvort rétt sé að hvetja til slíks sérstaklega með ívilnunum, ekki síst þegar hægt er að nota orkuna á annan hátt, s.s. til gagnavera og orkuskipta. Nú fara hátt í 80% af raforku á Íslandi til stóriðju og það hlutfall verður enn hærra á næstu árum, ef áform um frekari uppbyggingu stóriðjunnar á grunni fyrri ákvarðana verða að veruleika,“ segir þar.



CITROËN

# NJÓTTU. GÆÐIN HRÍFA.




## CITROËN C4 CACTUS

SJÁLFSKIPTUR • AFAR RÚMGÓÐUR • STÓRT SKOTT • SPARNEYTINN
HLIÐARVÖRN • HÁ SÆTISSTAÐA • STÓR SNERTISKJÁR • BLUETOOTH

citroen.is

Nútímaleg og framúrskarandi hönnun einkennir Citroën C4 Cactus. Einstakt notagildi, mikið rými og hagkvæmni í rekstri. Citroën er skrefi á undan fyrir þá sem vilja komast sinna ferða á hagkvæman og þægilegan hátt, innan- sem utanbæjar. Citroën C4 Cactus er nægjanleg stór til að rúma alla sem þú elskar mest, allir sitja hátt í góðum sætum og eru með frábært útsýni. 358 lítra skottið er sérlega rúmgott og hentar vel fyrir útivistina þína. Citroën C4 Cactus er ótrúlega sparneytinn bíll og státar af einstakri hliðar- og stuðaravörn sem verndar hann fyrir minni rispum og skellum. Komdu, prófaðu og njóttu Citroën C4 Cactus og gæðin munu hrífa þig.

**NJÓTTU CITROËN Í DAG.**

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# Töldu Staðastað í lagi eftir mygluaðgerð

**Heilbrigðiseftirlit Vesturlands taldi í lok mars í fyrra er viðgerðum lauk að prestsbústaðurinn á Staðastað væri ekki heilsuspillandi. Kirkjan viðurkennir myglu í húsinu fyrir þann tíma. Þess er krafist að sóknarpresturinn endurgreiði innréttingar úr fjárhúsi staðarins.**

**TRÚFÉLÖG** Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, segir því hafnað af hálfu fasteignasviðs kirkjunnar að prestsbústaðurinn á Staðastað sé óíbúðarhæfur eins og sóknarpresturinn Páll Ágúst Ólafsson sagðist í Fréttablaðinu í gær telja að eftir væri að skera úr um.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands skoðaði íbúðarhúsið á Staðastað 31. mars að ósk kirkjunnar. Viðstaddir voru fulltrúar kirkjunnar og starfsmaður verkfræðistofunnar Verkís auk sóknarprestsins sjálfs. Tilefnið var að endurbótum á húsinu var nýlega lokið eftir að fjölskyldan flúði það vegna heilsuvandamála sem talin voru stafa af myglu.

Meðal þess sem var gert var að setja niður drenlögn, kjallaragólf var brotið upp og þurrkað og sótthreinsað áður en það var flotað. Parket var lagt á herbergi, veggir í millibyggingu rifnir og endurnýjaðir og hiti settur í gólfplötu.

Heilbrigðiseftirlitið, sem í október 2015 hafði gert alvarlegar athugasemdir við ástand og viðhald hússins, vitnaði í sinni greinargerð til skýrslu Verkís um töku loftsýna og snertisýna frá 1. mars.

„Við úttekt Heilbrigðiseftirlits Vesturlands á húsnæðinu er niðurstaðan sú að HeV telur að unnið hafi verið af fagmennsku við endurbætur og að húsnæðið sé komið í samt lag og ekki heilsuspillandi,“ er niðurstaðan.

> **Mínir ráðgjafar hjá Eflu segja að í ljósi heilsufars fjölskyldunnar þyrfti umfangsmeiri prufur en þarna var ráðist í.**
>
> Páll Ágúst Ólafsson, sóknarprestur á Staðastað



„Mínir ráðgjafar hjá Eflu segja að í ljósi heilsufars fjölskyldunnar þyrfti umfangsmeiri prufur en þarna var ráðist í og eftir fund minn með biskupi í október var það sameiginleg niðurstaða okkar að vafi væri á að húsið væri íbúðarhæft,“ svarar Páll Ágúst á hinn bóginn.

Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, hafnar fullyrðingum Páls Ágústs í Fréttablaðinu í gær um að kirkjan vilji ekki leyfa prestinum að láta taka sýni úr veggjum íbúðarhússins á Staðastað til að ganga úr skugga um að myglan sé horfin eftir endurbæturnar og hugsanlega finna út hvaða tegundir af myglusveppum séu í húsinu svo prestsfjölskyldan geti fengið viðeigandi læknismeðferð.



**Presturinn snýr ekki aftur til búsetu á Staðastað eftir viðgerðir.** FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

„Það segir sig sjálft að við myndum ekki setja okkur á móti því,“ segir Oddur, sem kveður prestinn aldrei hafa boðist til að greiða slíka rannsókn. Þvert á móti hafi hann viljað að kirkjan greiddi kostnaðinn. „Í kröfugerð sóknarprestsins er krafa um að allur útlagður kostnaður hans verði greiddur af Kirkjumálasjóði.“

Séra Páll Ágúst vill bætur vegna tjóns sem fjölskyldan hafi orðið fyrir vegna afhendingartíma og ástands prestsbústaðarins. Einnig vill hann bætur vegna tekna af veiðihlunnindum og dúntekju sem ekki hafi skilað sér. Kirkjan var reiðubúin að greiða samtals rúmar 1.800 þúsund krónur vegna þessara liða en þá væri búið að draga frá 839 þúsund krónur sem Páll Ágúst var sagður skulda vegna „óheimils niðurrifs innréttinga í fjárhúsi“, eins og það var orðað í sáttatillögu kirkjunnar.

Þessu atriði var svarað með bréfi frá lögmanni Páls Ágústs. „Það er umbjóðanda mínum óskiljanlegt að umræddar framkvæmdir séu klæddar í búning niðurrifs,“ segir í bréfi lögmanns prestsins varðandi þetta atriði. „Slíkt er bæði ósanngjarnt og í andstöðu við samþykkt kirkjuráðs.“

Páll segir þar vísað til þess að kirkjuráð hafi samþykkt að sett yrði upp sögusafn í fjárhúsinu til að heiðra minningu Ara fróða og það sé sjálfgefið að þá þyrftu gamlar krær og jötur úr fjárhúsinu að víkja.

„Það leiðir af sjálfu sér að við hefðum ekki krafið hann um endurgreiðslur ef hann hefði fengið leyfi,“ svarar framkvæmdastjóri kirkjuráðs hins vegar um fjárhúsið.

Í síðustu viku lagði Páll Ágúst fram nýtt tilboð sem kirkjuráð hafnaði á laugardag. **gar@frettabladid.is**


# Sala á eignarhlutum í óskráðum félögum

**Auglýstir eru til sölu eftirtaldir eignarhlutir í eigu Landsbankans hf. og Hamla fyrirtækja ehf., dótturfélags Landsbankans. Hlutirnir eru auglýstir til sölu í samræmi við stefnu Landsbankans um sölu eigna. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsvæði bankans, www.landsbankinn.is/eignirtilsolu.**

| Félag | Stærð eignarhlutar |
|---|---|
| » Eignarhaldsfélag Suðurnesja | 2,0% |
| » Fasteignafélagið Borg ehf. | 52,9% |
| » Fasteignafélagið Sunnubraut 4 ehf. | 32,9% |
| » Grundarstræti ehf. | 21,3% |
| » Hvetjandi ehf. | 14,0% |
| » Hæðin á Höfðabraut | 6,3% |
| » Ísfélag Vestmannaeyja hf. | 0,1% |
| » Seljalax ehf. | 0,7% |
| » Sparisjóður Suður-Þingeyinga | 1,7% |
| » Tækifæri hf. | 0,8% |
| » Urtusteinn ehf. | 4,3% |
| » Vesturferðir ehf. | 8,5% |

Fyrirspurnum er varða sölu eignarhlutanna skal beint á netfangið **eignarhlutir@landsbankinn.is**. Sala eignarhluta í eigu samstæðu Landsbankans fer fram í samræmi við stefnu Landsbankans um sölu eigna en stefnuna má finna á vefsvæði Landsbankans, **www.landsbankinn.is/um-bankann/stefna/sala-eigna.**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000




**Beitir NK fékk rúmlega 3.000 tonn á 13 tímum – sem varla verður leikið eftir í bráð.** MYND/KRISTÍNSVANHVÍT

# Beitir NK með stærsta loðnufarm sögunnar

**SJÁVARÚTVEGUR** Stærsti loðnufarmur sem íslenskt skip hefur borið til hafnar á Íslandi kom til Neskaupstaðar í nótt, en þá kom Beitir NK í heimahöfn með rúmlega 3.000 tonn. Beitir fyllti sig á loðnumiðunum á aðeins þrettán klukkutímum sem er til marks um þá veislu sem loðnusjómenn eru í þessa dagana.

Í frétt á heimasíðu Síldarvinnslunnar, en Beitir NK er eitt skipa hennar, segir að ef farið sé 20 ár aftur í tímann megi sjá að þessi farmur Beitis jafngildir fullfermi fimm minnstu loðnuskipanna sem þá voru í viðskiptum við Síldarvinnsluna. Ef hins vegar er farið tíu ár aftur í tímann jafngildir Beitisfarmurinn fullfermi þriggja minnstu skipanna. Megi á þessu sjá hver þróun loðnuflotans hefur verið síðustu áratugi.

Í viðtali við skipstjórann á Beiti, Tómas Kárason, kemur fram að þessi mikli afli fékkst í aðeins fjórum köstum, og kannað yrði hvort unnt yrði að vinna hrogn úr farminum – sem eru verðmætasta afurðin.

„Það er mjög mikið af loðnu að sjá og ég hef aldrei tekið þátt í svona loðnuveiði. Svo er loðnan líka svo stór og falleg,“ segir Tómas í viðtalinu. **– shá**

# FA gagnrýnir rafrettufrumvarp

**STJÓRNMÁL** „Þetta plagg heilbrigðisráðherra virðist illa undirbúið og lítið hugsað. Það er ástæða til að vinna þetta mál mun betur og draga úr þeim inngripum í athafna- og atvinnufrelsi sem felast í frumvarpsdrögunum,“ er haft eftir Ólafi Stephensen, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda, í grein sem birtist á vef FA í gær um svokallað rafrettufrumvarp.

> **Þetta plagg heilbrigðisráðherra virðist illa undirbúið og lítið hugsað.**
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Þar kemur fram að FA hafi sent velferðarráðuneytinu umsögn um frumvarpið en það snýst meðal annars um að fella rafrettur undir sömu lög um sölu og markaðssetningu og gilda um tóbak. Þá verði bannað að nota rafrettur á opinberum stöðum líkt og tóbak, aldurstakmark sett á viðskipti, flöskustærðir vökva til áfyllingar verði takmarkaðar sem og stærðir rafrettutanka.

FA gagnrýnir að engin greinargerð fylgi frumvarpsdrögum og því sé ekki hægt að sjá hvaða greinar frumvarps eigi rætur að rekja til tilskipunar frá Evrópusambandinu. Þá sé af sömu ástæðu ekki hægt að greina mat ráðuneytisins á þeim rannsóknum sem liggja fyrir um skaðsemi eða skaðleysi rafretta.

„Í þriðja lagi gagnrýnir FA að án rökstuðnings skuli vera lagt til að sömu takmarkanir verði á notkun rafsígaretta og reyktóbaks og óheimilt að nota þær á tilteknum stöðum.“ **– þea**

Krabbameinsfélagið



Einu sinni þóttu Buffalo skór ómissandi tískuvara. Nú vitum við svo miklu betur. Það sama á við um tóbak.

**Tóbak er tímaskekkja.**

# Þú veist betur

mottumars.is

MOTTU MARS



Starfsfólk Kauphallar Íslands skoðar þróun hlutabréfaverðs Icelandair Group. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Veltan með bréf jókst um 67%

Heildarviðskipti með hlutabréf í Kauphöll Íslands í febrúar námu 85,2 milljörðum króna eða 4.262 milljónum á dag. Það er 88 prósenta hækkun frá fyrri mánuði og 67 prósenta hækkun milli ára.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Kauphöllinni. Mest voru viðskipti með bréf í Marel en velta með þau nam 17,6 milljörðum. Icelandair Group kom þar á eftir með þrettán milljarða og olíufélagið N1 með 8,4 milljarða. Bréf Haga veltu 6,7 milljörðum og Símans tæpum 6,5 milljörðum en 20 félög eru skráð á Aðalmarkað Kauphallarinnar. Úrvalsvísitalan (OMX18) hækkaði um 0,3 prósent milli mánaða og stendur nú í 1.725 stigum. – **hg**

## Kristrún til Viðskiptaráðs

Kristrún Frostadóttir hefur verið ráðin hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands. Tekur hún við starfinu af Birni Brynjúlfi Björnssyni sem hefur gegnt því síðastliðin þrjú ár.

Samkvæmt tilkynningu Viðskiptaráðs mun Kristrún hefja störf í lok mánaðarins. Hún var áður sérfræðingur í greiningardeild bandaríska fjárfestingarbankans Morgan Stanley, fyrst í New York og síðan í London. Sérsvið Kristrúnar á síðarnefnda staðnum sneri að greiningu á evrópskum netverslunarfyrirtækjum. Þar áður starfaði hún sem blaðamaður á Viðskiptablaðinu og sem hagfræðingur í starfshópi á vegum forsætisráðuneytisins. – **hg**



Kristrún Frostadóttir

# Tommi vill í stjórn og sendi eigendum Icelandair bréf

**Veitingamaðurinn Tómas A. Tómasson sendi stærstu hluthöfum Icelandair Group bréf í gær og leitaði eftir stuðningi við stjórnarframboð. Hann telur fyrirtækið vanta stjórnarmann úr veitingabransanum.**

Haraldur Guðmundsson
hordur@frettabladid.is

Tómas Andrés Tómasson, betur þekktur sem Tommi á Búllunni, sendi tuttugu stærstu hluthöfum Icelandair Group bréf í gær og leitaði eftir stuðningi við framboð sitt í stjórn fyrirtækisins. Veitingamaðurinn landsfrægi segir í bréfinu að hann vilji enda starfsferil sinn hjá félaginu og loka hringnum sem hófst við matreiðslu í eldhúsi Loftleiða árið 1967.

„Mér þykir vænt um Icelandair og þar er ég alinn upp en fyrstu tíu árin á mínum ferli voru hjá Loftleiðum og Flugleiðum. Mér finnst mikilvægt að í stjórn félagsins sé að minnsta kosti einn sem hefur reynslu af veitinga- eða hótelrekstri og því býð ég mig fram. Fjórðungur teknanna kemur úr dótturfélögunum, og þar eru Icelandair-hótelin stór, og ég held að ég myndi jafnvel setja smá lit á fyrirtækið.“

### Þjónustan fyrst og fremst

Tommi er hluthafi í Icelandair Group en hann á að eigin sögn 110 þúsund hluti sem eru í dag metnir á rétt tæpar 1,7 milljónir króna. Af bréfinu og samtalinu við Tomma að dæma er ljóst að hann hefur mikinn áhuga á rekstri dótturfélaga Icelandair, eða hótel- og ferðaþjónustuhlutanum. Menntun hans er rakin í bréfinu en hann er með meistararéttindi í matreiðslu, verslunarpróf frá Verzlunarskóla Íslands og BS-gráðu í alþjóðlegri hótelstjórnun frá Florida International University. Að auki lauk Tommi stjórnunarnámskeiði hjá Cornell-háskóla árið 1997.

„Ég hef verið viðriðinn hótel- og veitingarekstur síðan 1967 eða í um 50 ár. Ég hef annaðhvort verið sjálfstætt starfandi veitingamaður og hóteleigandi síðan 1981 þegar ég opnaði Tommaborgara. Ég hef opnað og rekið vel yfir 30 veitingahús, þar á meðal hápunktinn Hard Rock í Kringlunni, og stjórnaði Hótel Borg í tíu ár. Flugferðir Icelandar snúast fyrst og fremst um þjónustu um borð í vélunum sem að miklu leyti tengist veitingum og sölustarfsemi.“

### Sjötta skilningarvitið

Bréfið var fyrsta og eina tilraun Tómasar til að ná athygli lífeyrissjóða og annarra stærstu eigenda Icelandair.



Tommi er einn sex frambjóðenda til stjórnar Icelandair Group. Aðalfundur fyrirtækisins verður á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég þarf ekki annað en að labba í gegnum suma af þessum stöðum þeirra og þá finn ég tapið, það bara lyktar.
>
> Tómas Andrés Tómasson

Tommi er að eigin sögn með sjötta skilningarvitið þegar kemur að markaðsmálum og bendir hann á að fyrir utan sjö Hamborgarabúllur Tómasar hér heima eru ellefu staðir í Evrópu og þrír í undirbúningi. Sonur hans, Ingvi Týr, hafi tekið við daglegum rekstri hamborgaraveldisins og því hafi Tommi talsverðan tíma aflögu.

„Árið 2015 unnu 3.384 starfsmenn hjá Icelandair og af því voru 568 sem unnu hjá hótelunum. Og enginn í stjórninni hefur reynslu af þessum málum. Ég þarf ekki annað en að labba í gegnum suma af þessum stöðum þeirra og þá finn ég tapið, það bara lyktar,“ segir Tommi.

„Ég er næmur á það sem er að gerast, þjónustuna, viðmótið og annað og hef áhuga á þessu. Þótt ég sé orðinn 68 ára þá líður mér eins og ég sé 42. Mig langar að vera partur af þessu og sé að ég á heima þarna. Ég er ekki að þessu fyrir stjórnarlaunin og myndi þess vegna gefa þau í góðgerðarstarfsemi.“

### Engan lággjaldastrúktúr

Icelandair Group mætir nú líkt og komið hefur fram talsverðum mótvindi sem endurspeglast í hlutabréfaverði fyrirtækisins. Það hefur fallið um 33 prósent á einum mánuði eða síðan flugfélagið birti svarta afkomuviðvörun. Bókanir höfðu þá dregist saman og útlit fyrir að hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta, og afskriftir (EBIDTA) myndi dragast saman um 30 prósent á þessu ári eða rúmlega átta milljarða króna.

„Það þarf að skapa jákvæða ímynd og filing í loftinu. Þetta snýst um að selja farmiða og halda kostnaði í skefjum og það liggur alveg ljóst fyrir að í þessu árferði sem við erum í – að fá á aðra milljón túrista til landsins á ári – að það er óeðlilegt að markaðurinn skuli ekki hafa meiri trú á félaginu,“ segir Tommi, aðspurður hvaða breytingar hann vilji ná í gegn í rekstri félagsins.

„Ísland er einhverra hluta vegna í tísku og það hefur ekkert með það að gera hvernig Icelandair er stjórnað. Hljómsveitir í gamla daga skömmuðust sín fyrir að koma fram á Íslandi því þá voru þær orðnar lummó. Nú byrja þær túrinn á Íslandi og þetta þarf að nýta betur.“

*Nú hefur Icelandair verið gagnrýnt fyrir að bjóða lággjaldafargjöld með kostnaðarstrúktúr hefðbundinna flugfélaga. Í hvora áttina á félagið að fara?*

„Við verðum aldrei lággjaldaflugfélag og eigum ekki að vera. Ég var með félagsheimilið Festi í Grindavík þegar sveitaballastemningin var upp á sitt besta. Þá voru nokkrar hljómsveitir sem báru af í aðsókn. Annars vegar var sú aðsóknarmesta sem hét Haukar en þeir voru brennivínsband. Svo voru Hljómar sem báru af í gæðum og það var unun að horfa á og hlusta. Svo fór að minnka aðsóknin hjá báðum þessum böndum og þá fóru Haukarnir að reyna að gera vel spilaða músík og Hljómar að verða brennivínsband. Þá voru þeir ekki lengur á heimavelli og hættu. Það er engin formúla fyrir velgengni en það er ein sem er ávísun á mistök og það er að reyna að gera öllum til hæfis.“

MOTTUMARS

Fréttablaðið vinnur í samstarfi við Krabbameinsfélagið að sérblaði um mottumars.

Blaðið kemur út 8. mars

Áhugasamir geta haft samband við auglýsingadeild sérblaða

Sími 512 5402

serblod@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

MOTTU MARS


Elizabeth Arden
white tea
the new fragrance
fangaðu augnablikið
Elizabeth Arden
white tea
Elizabeth Arden kynnir með stolti White Tea vörulínuna og að því tilefni er
20% afsláttur
af öllum vörum frá Elizabeth Arden dagana 2. – 8. mars
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Gegn krónunni



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Eitt stærsta vandamálið hér á landi fyrir og eftir bankahrunið var mikil erlend lántaka einstaklinga og fyrirtækja sem höfðu eingöngu tekjur í íslenskum krónum. Eftir hrun var girt fyrir þessar lántökur með lögum.

Fjármála- og efnahagsráðherra, núna með nýju nafni og flokksskírteini, freistar þess nú í þriðja sinn á jafnmörgum árum að búa til glugga í íslenskri löggjöf fyrir einstaklinga til að taka gengislán jafnvel þótt þeir hafi ekki tekjur í öðru en krónum.

Um er að ræða lagabreytingu sem opnar á lán til einstaklinga sem bundið er öðrum gjaldmiðli en tekjur lántaka eru í og eignir sem hann ætlar til endurgreiðslu. Frumvarpið opnar jafnframt á lán sem bundið er öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðli þess ríkis sem lántaki er búsettur í. Hér er um að ræða endurtekið efni frá árunum fyrir síðasta banka- og gjaldeyrishrun. Menn vilja sem sagt dusta rykið af gömlu gengislánaplötunni.

Sérfræðingar á sviði Evrópuréttar eru duglegir að minna á að Íslendingar fá ekki endalausa undanþágu frá einni af fjórum meginstoðum EES-samningsins. Ekki sé í boði varanlegt grænt ljós frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) til að takmarka frjálst fjármagnsflæði. Vandamálið sem við glímum við í þessu sambandi er þetta: Við áttum aldrei að opna á frjálst fjármagnsflæði án takmarkana. Reynslan úr bankahruninu kenndi okkur að við verðum að hafa stjórntæki til að takmarka frjálst flæði fjár með það fyrir augum að verja heimilin í landinu sem eiga allt sitt undir stöðugleika íslensku krónunnar. Þetta virðist hins vegar vefjast fyrir lögfræðingum fjármálaráðuneytisins. Þeir virðast telja það fullreynt að sannfæra ESA um réttmæti varanlegra undanþága fyrir örríki á sjálfstæðu 320 þúsund manna myntsvæði.

Þegar reynt var að koma frumvarpinu í gegn síðast kom fram hugmyndafræðilegur ágreiningur á milli þáverandi ríkisstjórnarflokka. Hann birtist í því að Sjálfstæðismennirnir vildu skapa frelsi fyrir fólk til að stunda spákaupmennsku og vaxtamunarviðskipti með tilheyrandi áhættu, meðan þingmenn Framsóknar vildu fara varfærnari leið og viðhalda fortakslausu banni á gengislán í lögunum.

Varnagli er í nýja frumvarpinu sem felur í sér að einungis verður hægt að veita erlend lán til óvarinna, þ.e. þeirra sem hafa ekki tekjur í öðru en krónum, að undangengnu greiðslu- og lánshæfismati. Í frumvarpstextanum er svofellt ákvæði: „Lánveitandi skal aðeins veita lán ef hann telur líklegt að neytandi geti staðið í skilum með lánið að teknu tilliti til niðurstöðu lánshæfis- og greiðslumats.“ Þessi texti þýðir efnislega að það verður eingöngu á færi efnafólks og tekjuhárra að taka þessi lán. Bankar munu ekki veita þessi lán ef það verður talið fyrirsjáanlegt að lántakinn geti ekki mætt kostnaðinum sem fylgir gengishruni ef illa fer að leikslokum. Þá má spyrja: Hver er sanngirnin í því? Og þýðir þetta ekki að verið sé að lögbinda mismunun og opna á stöðutökur efnaðra og tekjuhárra gegn íslensku krónunni? Svari nú hver fyrir sig.

**Þessi texti þýðir efnislega að það verður eingöngu á færi efnafólks og tekjuhárra að taka þessi lán.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Gott þingmál**

**Píratar hafa lagt fram frumvarp til breytingar á þingskaparlögum um að þingmál sem ekki fá afgreiðslu á þingi falli ekki niður við lok þings. Hugsunin að baki málinu er góð enda allmörg mál sem flutt eru á Alþingi og rædd einni umræðu en svo svæfð í nefnd. Yrði þetta frumvarp Pírata að lögum væri líklegt að þingmál eins og um smásölu á áfengi yrðu afgreidd í eitt skipti fyrir öll, í stað þess að flutningsmenn spóluðu endalaust með það í sömu hjólförunum ár eftir ár. Svo er bara spurning hvort frumvarp Píratanna verði afgreitt eða svæft í nefnd.**

**Ósammála hinum dæmdu**

**Það er skammt stórra högga á milli. Endurupptökunefnd ákvað fyrir helgi að mæla með endurupptöku í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum svokölluðu. Í gær ákvað nefndin svo að hafna kröfu um endurupptöku í al-Thani málinu. Sumir sem hafa tjáð sig um hrunmálin hafa líkt þeim við Guðmundar- og Geirfinnsmálin og telja að í báðum tilfellum hafi sakborningar verið dæmdir í fangelsi á grundvelli einhvers allt annars en lögfræði. Það er spurning hvort niðurstaða gærdagsins bendi til þess að endurupptökunefndin geti alls ekki tekið undir þau sjónarmið.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Öryggi nýrra debetkorta jafnmikið og eldri korta



Landsbankinn kynnti í vor nýja kynslóð debetkorta sem gefin eru út í samvinnu við VISA. Með kortunum er hægt að greiða snertilaust, þ.e. án þess að stinga kortinu í posa og slá inn PIN-númer. Fjárhæðin sem greidd er með snertilausum hætti getur þó ekki farið yfir 5.000 krónur í hvert skipti og uppsöfnuð fjárhæð án þess að PIN-númer sé slegið inn getur ekki orðið hærri en 10.500 krónur.

Nýju debetkortin fylgja nýjustu öryggisstöðlum og hafa kort af þessari gerð verið í notkun erlendis frá árinu 2012. Allir bankar á Íslandi bjóða nú upp á snertilaus debetkort. Samkvæmt upplýsingum frá VISA hafa um 200 milljón snertilaus kort nú verið gefin út í Evrópu og um 20% af öllum VISA-færslum eru nú snertilausar.

Eins og eðlilegt er þegar nýjungar sem þessar eru kynntar vakna spurningar hjá viðskiptavinum um eiginleika og öryggi kortanna. Á vef Landsbankans er að nálgast ítarlegar upplýsingar um nýju debetkortin. Þar kemur m.a. fram að ef debetkorti er stolið og það misnotað án þess að viðskiptin hafi verið staðfest með PIN-númeri, gilda sömu reglur um snertilausa kortið og um önnur kort. Sé snertilausu korti Landsbankans stolið og takist þjófnum að taka út af því fé með sviksamlegum hætti, án þess að PIN-númer sé notað, ber korthafi ekki ábyrgð á tjóninu. Eftir sem áður er að mikilvægt að gæta vel að greiðslukortum sínum og láta loka þeim ef þau glatast eða þeim er stolið. Sömuleiðis er mikilvægt að gæta vel að PIN-númerum því dæmi eru um að þjófar reyni að sjá PIN-númerið og stela síðan greiðslukorti viðkomandi.

Í grein eftir Gísla B. Árnason sem birtist í Fréttablaðinu í gær er m.a. vikið að þjónustugjöldum debetkorta. Af því tilefni er rétt að taka fram að færslugjald debetkorta Landsbankans er 17 kr. en gjaldið hækkaði úr 16 kr. í árslok 2015. Hækkunin tengdist ekki innleiðingu nýju debetkortanna og er færslugjaldið sem fyrr lægst hjá Landbankanum. Færslugjaldið er ávallt hið sama, hvort sem greitt er með eldri eða nýrri gerð debetkorta, með snertilausum hætti, í netverslunum eða með því að slá inn PIN-númer.

**Sé snertilausu korti stolið og það misnotað ber korthafi ekki ábyrgð á tjóninu.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þýzkaland, Þýzkaland

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Það var ekki auðvelt fyrir Frakka að standa frammi fyrir sameiningu Þýzkalands 1990 eftir fall Berlínarmúrsins árið áður og fall kommúnistastjórnar Austur-Þýzkalands um leið. Frá stofnun Evrópusambandsins 1957 hafði ríkt jafnræði milli Frakka og Þjóðverja. Enda var ESB sett á fót fyrst og fremst til að tryggja varanlegan frið milli þessara tveggja stórvelda sem voru nokkurn veginn jafnfjölmenn frá stríðslokum 1945 fram til 1990 þegar fólksfjöldi beggja landa var um 60 milljónir líkt og á Ítalíu og Bretlandi. Leiðin að friði lá í gegn um sameiginlega yfirstjórn auðlinda, gagnkvæmt aðhald, aukin viðskipti og opin landamæri. Nú stóðu Frakkar, Ítalar og Bretar skyndilega frammi fyrir því að Þýzkaland yrði fjölmennasta ríki ESB með 80 milljónir íbúa. Frakkar og aðrir óttuðust að jafnvægið innan ESB kynni að raskast.

**Lærðu af reynslunni**

Jafnvægið raskaðist þó ekki. Svo er fyrir að þakka m.a. hugulsemi og hyggindum Þjóðverja sjálfra, þ.e. þýzkra stjórnvalda. Þau höfðu lært mikilvæga lexíu fyrr á öldinni þegar nasistar brugðust við ósigri í fyrri heimsstyrjöldinni 1914-1918 með hroka og yfirgangi sem leiddi til síðari heimsstyrjaldarinnar 1939-1945 og kostaði 50 milljónir mannslífa. Þýzk stjórnvöld brugðust við ósigri Þýzkalands 1945 með allt öðrum hætti en áður. Þau sýndu nú auðmýkt undir leiðsögn sigurvegaranna, féllust á að hervæðast ekki á ný, settu landinu nýja fyrirmyndarstjórnarskrá 1949 og buðust til að binda hendur sínar með því að deila fullveldi Þýzkalands með Frökkum, Ítölum og öðrum Evrópuþjóðum á vettvangi ESB. Engin önnur þjóð hefur gert upp við fortíð sína af viðlíka hreinskilni og hugrekki. Þjóðverjar stjórnuðu peningamálum sínum og fjármálum vel eftir stríð og færðu því fórn þegar þeir tóku þýzka markið úr umferð 2002 til að greiða fyrir upptöku evrunnar sem sameiginlegrar myntar ESB-ríkjanna. Endursameining Þýzkalands 1990 fór því fram í friði við Frakka og aðra granna.

**Framför á flestum sviðum**

Undir sameiginlegri en óformlegri forustu Þjóðverja og Frakka hefur ESB náð miklum árangri á flestum sviðum eins og fjölgun aðildarríkja úr sex 1957 í 28 nú vitnar um. Kaupmáttur samanlagðrar landsframleiðslu ESB-ríkjanna hefur verið meiri en í Bandaríkjunum allar götur frá 1990. Bandaríkin eru nú þriðja stærsta hagkerfi heims á þennan kvarða, á eftir ESB og Kína. Langflest ESB-ríki skora hærra en Bandaríkin á velferðarkvarða Sameinuðu þjóðanna (e. Human Development Index) þegar misskipting er tekin með í reikninginn. Á þennan kvarða eru Bandaríkin nú á svipuðu róli og Grikkland og Pólland og standa að baki Eistlandi, Tékklandi og Ungverjalandi svo ekki sé talað um Vestur-Evrópulöndin. Á velferðarkvarða SÞ standa Þjóðverjar nú (nýjustu tölur eru frá 2014) jafnfætis Dönum, Hollendingum og Svíum, feti framar en Frakkar. Þýzk stjórnvöld hafa ræktað hvort tveggja, hagkvæmni í atvinnurekstri og jöfnuð meðal íbúanna. Atvinnuleysi er nú (2014) 5% af mannafla í Þýzkalandi á móti 10% í Frakklandi. Þjóðverjar hafa tekið við fleiri flóttamönnum frá Sýrlandi og öðrum stríðshrjáðum löndum og annars staðar að en allar aðrar þjóðir samanlagt.

**Með pálmann í höndunum en …**

Að einu leyti hefur þýzku ríkisstjórninni brugðizt bogalistin að undanförnu og það er í Grikklandi. Grísk stjórnvöld fóru illa að ráði sínu, rétt er það, og þurftu að lokum neyðarhjálp að utan 2010 líkt og m.a. Íslendingar 2008. Líkt og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þurfti fjárstuðning handa Íslandi frá Norðurlöndum og Póllandi til að láta dæmið ganga upp hér heima, þurfti sjóðurinn á stuðningi ESB og Seðlabanka Evrópu við Grikkland að halda til að láta gríska dæmið ganga upp. Þýzka stjórnin fór fyrir þríeykinu svonefnda (ESB, Seðlabanki Evrópu og AGS) sem tók að sér að reyna að hjálpa Grikkjum við að standa í skilum og semja við lánardrottna. Í stað þess að semja um skuldaniðurfellingu sem dygði til að koma grísku efnahagslífi á réttan kjöl bauð þríeykið ónóga niðurfellingu og þvingaði Grikki jafnframt til niðurskurðar sem hefur lagt lamandi hönd á efnahagslíf landsins og hleypt atvinnuleysi í áður óþekktar hæðir, fjórðung mannaflans.

> **Á velferðarkvarða SÞ standa Þjóðverjar nú (nýjustu tölur eru frá 2014) jafnfætis Dönum, Hollendingum og Svíum, feti framar en Frakkar. Þýzk stjórnvöld hafa ræktað hvort tveggja, hagkvæmni í atvinnurekstri og jöfnuð meðal íbúanna.**

Þessi aðgangsharka þýzku stjórnarinnar leiddi til ágreinings milli hennar og AGS sem telur Þjóðverja heimta of mikið af Grikkjum, m.a. til að friðþægja þýzka og franska banka. Hér er í reyndinni ekki um hagrænan ágreining að ræða heldur ágreining um viðeigandi framkomu gagnvart þjóð í þrengingum. Þýzka stjórnin heldur áfram að predika ráðdeild yfir Grikkjum í þeirri von að þeir láti sér neyð sína nú að kenningu verða og virðist ónæm fyrir því hversu illa ráð hennar hafa gefizt til þessa. En AGS kýs heldur að reisa landið við sem fyrst og láta umvandanir bíða betri tíma. Það tók AGS allmörg ár að komast að þessari niðurstöðu eftir að hafa lagt fram skakka útreikninga á afleiðingum niðurskurðar fyrir efnahag Grikklands. En það má sjóðurinn eiga að hann leiðrétti skyssuna í ljósi reynslunnar, baðst opinberlega afsökunar á henni og gerir nú ágreining um málið við þýzku stjórnina fyrir opnum tjöldum. Það flækir málið að þýzki fjármálaráðherrann Wolfgang Schäuble hefur sagt Yanis Varoufakis, fv. fjármálaráðherra Grikklands, að hann vilji losna við Grikkland úr evrusamstarfinu en Angela Merkel kanslari segist þvert á móti vilja halda Grikkjum innan vébanda ESB í lengstu lög með evrunni og öllu saman.





GULLIÐ TÆKIFÆRI
Í HJARTA MIÐBÆJARINS




**Kynningarfundur í Hörpu í dag, fimmtudaginn 2. mars kl. 14**

Reginn býður rekstraraðilum að kynna sér **HAFNARTORG** þar sem til verður fágætt sóknarfæri í miðbæ Reykjavíkur.

Um er að ræða leigurými fyrir m.a. verslanir og veitingahús sem áætlað er að afhenda um mitt ár 2018.

Leigutakar verða valdir með það fyrir augum að skapa spennandi blöndu mannlífs og fjölbreyttra verslana þar sem H&M verður í þungamiðju aðdráttaraflsins.

Kynningin verður haldin í Kaldalóni – fundarsal í tónlistarhúsinu Hörpu, einum af mörgum glæsilegum nágrönnum Hafnartorgs.

Við hlökkum til að sjá sem flesta.

reginn.is
reginn@reginn.is
sími 512 8900

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

# Lífsýni og DeCODE Genetics



Birgir Guðjónsson
læknir

**Lögfræðingur Kára veifaði málskjölum greinilega merktum DeCODE Genetics og krafðist sýknunar skjólstæðings hans og þáverandi forseta ÍSÍ og fékk.**

Ég er hissa og nánast hneykslaður á því að tilboði Kára Stefánssonar, forstjóra DeCODE, um lífsýnarannsóknir skuli hafnað jafnmikill og sannfæringakraftur hans hefur verið í öðrum málum. Hann gæti örugglega sannfært dómstóla um hvað sem er til sönnunar eða sýknu eins og dæmi eru um.

Sannfæringakraftur hans hefur verið slíkur að þegar hann stofnar DeCODE Genetics tekst honum að sannfæra almenning og jafnvel byggðarlög um að fara í sitt sparifé og varasjóði til kaupa á hlutabréfum með loforðum um mikla ávöxtun og nánast læknisfræðileg kraftaverk. Eitthvað standa efndir á sér.

Honum tókst að fá ríkisábyrgð fyrir smáupphæð fyrir DeCODE Genetics. Íslenska hlutabréfið er þrotið en nú nær hann fé úr vösum Bandaríkjamanna. Þetta er snjallt. Ponzi hefði ekki gert betur.

Sannfæringasnilli Kára náði þó hámarki í lyfja/dóping máli skjólstæðings hans. Lyfjamisnotkun þykir almennt mikil hneisa fyrir íþróttamann, íþrótt hans og jafnvel land. Norðmenn eru í sárum síðan margverðlaunuð heimsþekkt skíðagöngukona féll á lyfjaprófi og kenndi um varaþurrksáburði! Íþróttamönnum kjarnorkuveldisins Rússlands er bönnuð þátttaka í alþjóðamótum vegna víðtæks lyfjamisferlis. Þegar skjólstæðingur Kára varð uppvís að lyfjamisnotkun varð þáverandi forseti ÍSÍ æfur þegar ég varð að ákæra keppanda úr hans eigin félagsliði.

Kári hringdi í mig sem formann lyfjanefndar ÍSÍ og við áttum kurteislegt samtal. Ég sat þá einnig í Læknanefnd Alþjóða Frjálsíþróttasambandsins IAAF sem þá var virkasta aflið í lyfjaeftirliti í heiminum. Í nefndinni voru þrír einstaklingar sem sátu einnig í Læknanefnd Alþjóðaólympíunefndarinnar sem skilgreinir lyfjabannlistann og tveir þeirra jafnframt í sjálfri Alþjóðaólympíunefndinni. Ég hafði stjórnað lyfjaeftirliti á heimsmeistaramótum, haldið fyrirlestra á námskeiðum IAAF erlendis, skrifað bókarkafla og tímaritsgreinar í útgáfur IAAF. Eitthvað hlýt ég að hafa getað upplýst hann um þessi mál.

Þetta dugði þó lítið þegar kom að málsókn þar sem lágu fyrir niðurstaða um jákvætt sýni skjólstæðings hans frá viðurkenndri rannsóknarstofu, skriflega afstaða Alþjóðaólympíunefndarinnar og viðkomandi Alþjóðasérsambands.

Lögfræðingur Kára veifaði málskjölum greinilega merktum DeCODE Genetics og krafðist sýknunar skjólstæðings hans og þáverandi forseta ÍSÍ og fékk. Þetta er einsdæmi í heiminum í sögu lyfjadóps eins og fleira með hans fyrirtæki. Þurfti kannski eitthvað meira en stóð í venjulegum málskjölum til að láta dómara blindast fyrir augljósum staðreyndum. Skjólstæðingur Kára og lið forseta ÍSÍ gátu keppt áfram, en kjarnorkuveldið Rússland verður að sitja heima og fær ekki að keppa á alþjóðavettvangi. Hafa Rússar virkilega ekki leitað til hans? Ekki dettur mér í hug að vega að því að svipað gæti orðið með lífsýni einstaklings sem er honum kær ef hann fengi verkefnið.

Að sjálfsögðu varð ekki framar þörf á alvöru lyfjaeftirliti á Íslandi né mínu framlagi og ég gat snúið mér að öðru. Framtíðarhorfur DeCODE Genetics geta verið óvissar en nafn þess mun varðveitast um alla framtíð sem réttlætingaraðili í Dóping.

# Er Vinnslustöðin verst rekna fyrirtækið?



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum heldur því fram í blaðagrein í Fréttablaðinu að framlegðin af loðnuveiðum þetta árið sé aðeins 10%. Notaði hann útreikninga KPMG á skattaspori Vinnslustöðvarinnar hf. og yfirfærir þá á þær loðnuveiðar og vinnslu sem hófust eftir verkfall. Áætlar hann verðmæti loðnunnar 17 milljarða króna og segir að framlegðin (EBITDA) sé 1,7 milljarðar króna. Það er aðeins 10%.

Þetta rímar illa við opinberar hagtölur. Ekki liggja fyrir tölur um framlegðina af loðnuveiðum og loðnuvinnslu sérstaklega, en mjög góð afkoma hefur verið af uppsjávarveiðum og -bræðslu frá 2008 til 2015. Hreinn hagnaður hefur verið frá 17-36% að einu ári undanskildu. Það þýðir að framlegðin hefur verið enn meiri.

Árið 2015 var framlegðin hjá uppsjávarveiðiskipum 21,5% og 17,7% hjá uppsjávarfrystiskipum. Í mjöl- og lýsisvinnslu var framlegðin 20,2%. Í uppgjöri Hagstofunnar er veiðigjaldið til ríkisins fært til rekstrarkostnaðar og lækkar það framlegðina. Það er ekki eðlilegt þar sem veiðigjald er ekki kostnaður við útgerð skipsins heldur afgjald fyrir veiðirétt. Fyrir útgerðina í heild svarar veiðigjaldið 3% af tekjum þegar veiðigjaldið er fært frá rekstrarkostnaði.

Tölur um framlegð í uppsjávarveiðum eru því í raun a.m.k. 3% hærri en tölur Hagstofunnar. Þá fæst að framlegðin í uppsjávarveiðum árið 2015 var 21-25% af tekjum. Það er mun hærra en þau 10% sem fást með „speglun“ á skattaspori Vinnslustöðvarinnar. Til þess að gera rekstur Vinnslustöðvarinnar hf. enn ótrúverðugri þá var heildarafkoman í sjávarútvegi 2015 sú að framlegðin var 30%.

Full ástæða er til þess að efast um fullyrðingar um slæma afkomu af rekstri Vinnslustöðvarinnar hf. í ljósi opinbera upplýsinga um afkomu í sjávarútvegi, en séu þær engu að síður réttar blasir við að Vinnslustöðin hf. hlýtur að vera eitt verst rekna fyrirtækið í sjávarútvegi. Sé það raunin er verið að sóa verðmætum og rýra lífskjör þjóðarinnar með því að fela fyrirtækinu að nýta auðlind þjóðarinnar þegar aðrir geta gert það miklu betur.

# Hvað skýrir lélegan árangur íslenskra grunnskólanema?



Gunnlaugur H. Jónsson
eðlisfræðingur

Allt frá því að Jónas frá Hriflu skrifaði Íslandssöguna eftir sínu höfði á kostnað Dana hafa Íslendingar talið sig skara fram úr og farið eigin leiðir. Við lærðum að allir Íslendingar væru læsir en aðeins 80% til 95% annarra þjóða væru læs, töldum okkur greindari en þær. Vatnajökull væri stærsti jökull Evrópu og Bjargtangar vestasti oddi álfunnar.

Með tilkomu netsins og meiri samskiptum við önnur lönd hefur PISA-könnunin leitt í ljós að íslenskir 15 ára nemendur eru með verstu heildarútkomu allra landa í Vestur-Evrópu í lesskilningi, stærðfræði og raungreinum. Þriðjungur íslenskra drengja á þessum aldri geti ekki lesið sér til gagns. Þá segir Wikipedia að Vatnajökull sé þriðji stærsti jökull Evrópu á eftir jöklum á Novaya Semlya í Rússlandi og Svalbarða í Noregi. Vestasti oddi Evrópu er á Asóreyjum sem eru hluti Portúgal. Er kominn tími til að endurskoða stöðu okkar í samanburði við aðrar þjóðir? Lítum aðeins á tvo mikilvæga þætti í nútíma velferðarríkjum.

**Samanburður við erlend skólakerfi**

Í haust hefur farið fram mikil umræða um grunnskólann: lág laun kennara, mikið álag og léleg aðstöðu. Þegar tekið er mið af árangri grunnskólans á Íslandi samanborið við önnur lönd Vestur-Evrópu mætti ætla að lélegur árangur íslenskra grunnskólabarna í PISA-könnunum sé bein afleiðing af litlu fjármagni og fáum starfsmönnum í íslenskum grunnskólum. Það er íslenska söguskýringin.

Hvaða fréttir má finna um þetta á netinu? Samkvæmt tölum frá Hagstofunni voru á árinu 2015 6,4 nemar á hvern starfsmann íslensku grunnskólanna og 9,5 nemar á hvert stöðugildi kennara. Samkvæmt OECD eru að jafnaði 13 nemar á bak við hvern kennara í OECD-ríkjum. Þá bárust nýlega fréttir af því að breska ríkisstjórnin hefði ákveðið að bæta stöðu grunnskóla úti á landsbyggðinni í Englandi á kostnað skólanna í stórborgum. Árlegt framlag til kennslu og húsnæðis fyrir hvern nema á að hækka úr 4.600 pundum í 5.600, sem miðað við núverandi gengi samsvarar hækkun úr 650 þús.kr. í 800 þús. kr. Hagstofan var að gefa út nýjar tölur um kostnað við hvern grunnskólanema á Íslandi. Niðurstöður útreikningsins eru að áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, er 1.754.072 krónur í janúar 2017.

**Nemendur eru ekki of greindir; það mætti leggja meiri vinnu í að greina þarfir, getu og áhugasvið nemenda og skipa hverjum í skóla og bekk við hæfi.**

**Eru grunnskólanemar of greindir?**

Hvað getur skýrt að enskir nemar ná betri árangri en íslenskir í öllum þáttum PISA-könnunar, þó að tilkostnaðurinn sé helmingi lægri. Eru enskir nemar greindari en íslenskir nemendur, eru enskir kennarar betri og duglegri en íslenskir kennarar eða eru áherslur og skipulag íslenskra skólakerfisins rangar?

Skýringarnar eru eflaust margar og liggja ekki fyrir en ég ætla að leyfa mér að álykta að vandinn liggi m.a. í áherslum og skipulagi íslenska skólakerfisins, áherslum í kennaranámi og áherslum og skipulagi skólanna. Áherslan hefur verið á „skóla án aðgreiningar“ þar sem nemendur með mjög mismunandi þarfir, getu og áhugasvið hafa verið settir saman í einn bekk í sama skóla. Leyfi mér að leggja til aðra áherslu, „skóli við hæfi hvers nema“ þar sem leitast er við að koma hverjum nema fyrir í bekk sem hæfir hans þörfum, getu og áhugasviði.

Nemendur eru ekki of greindir; það mætti leggja meiri vinnu í að greina þarfir, getu og áhugasvið nemenda og skipa hverjum í skóla og bekk við hæfi.

*Greinin er fyrri grein af tveimur um skólakerfið og heilbrigðismál.*

# Mannætusagan



Ögmundur Jónasson
fv. alþingismaður

Nýlega var efnt til fundar í Iðnó í Reykjavík um hættuna sem stafar af innflutningi á hráum matvælum. Færustu sérfræðingar kortlögðu á skýran hátt í máli og myndum hver hættan væri. Málflutningurinn var hófsamur og öfgalaus. Það verður hins vegar ekki sagt um niðurstöðurnar, staðreyndirnar sem sérfræðingarnir bentu á, þær voru hrollvekjandi og martraðarkenndar.

Og martröðin er veruleiki, ekki draumur: Notkun sýklalyfja í dýrum til manneldis fer ört vaxandi og það sem verra er, þessu tengt er að bakteríur, sem eru ónæmar fyrir lyfjum, eru að verða mjög alvarleg ógn á sjúkrahúsum. Þessar bakteríur berast með dýraafurðum.

**Sumir tala um heimóttarskap, aðrir um auðlind**

Þennan blákalda veruleika eru menn nú að vakna upp við. Jafnframt sjá sífellt fleiri Íslendingar sóknarfærin í því að verja þá auðlind sem sjúkdómafríir bústofnar eru, og þar af leiðandi sú heilnæma matvara sem íslenskur landbúnaður framleiðir.

Þeir eru engu að síður margir sem telja allt þetta vera rugl og vitleysu og að það sé fáránlegur heimóttarskapur að galopna ekki fyrir flæði hrávöru inn í landið. Ég hef mikið velt því fyrir mér hvað valdi þessu, og komist að þeirri niðurstöðu að margir borgarbúar hafi fjarlægst matvælaframleiðsluna eftir að við hættum að vera bænda- og sjómannasamfélag að uppistöðu til. Þegar sú var raunin var þorri landsmanna tengdari matvælaframleiðslunni en nú er. Á móti kemur – hélt ég – meiri vitund um mikilvægi hvers kyns heilnæmis í fæðu og lífsháttum.

**En er það svo? Er kjöt bara kjöt? Ég bar þetta undir tvo menn.**

**Bara vigt og verð?**

Ráðherra landbúnaðarmála segist ætla að láta stjórnast af hagsmunum neytenda. Láti gott á vita, það er að segja ef ráðherrann er að tala um heilnæmi vörunnar, gæðin.

Í augum margra neytenda er matvara fyrst og síðast málefni buddunnar. Kjöt er þannig rauður biti á hvítum plastbakka sem hefur vigt og verð. Með öðrum orðum, kjöt er bara kjöt.

En er það svo? Er kjöt bara kjöt? Ég bar þetta undir tvo menn. Annar er kúabóndi í mjólkur- og kjötframleiðslu, hinn neytandi af þeirri tegund sem telur sig vera heimsborgara og blæs á allt verndartal, eða kjaftæði, eins og hann myndi kalla það.

**Svör úr tveimur áttum**

Kúabóndinn sagðist geta svarað með dæmi úr eigin reynsluheimi. „Ég er með heilbrigðan og góðan kúastofn sem sjúkdómar hafa almennt ekki plagað,“ sagði hann. „Það breytir því ekki að einstaklingarnir eru missterkir og heilbrigðir frá náttúrunnar hendi. Þegar ég læt slátra fyrir mig til heimaneyslu, ofan í börnin mín, þá neita ég því ekki að ég leyfi mér að velja gripi sem hafa alla tíð verið heilbrigðir. Svarar þetta spurningu þinni?“

Heimsborgarinn sagði að vissulega væri kjöt misjafnt að gæðum, það hefði hann reynt á veitingahúsum stórborganna, „en þá er bara að finna þá veitingastaði sem eru traustir“. Um sjúkdóma og sýklalyf vildi hann ekki ræða og sagði það ekki koma málinu við enda væri kjöt fyrst og fremst kjöt, þótt bitarnir væru að sönnu misgóðir og færi það eftir hvernig framreitt væri, skorið og matbúið.

**Svarafátt**

Ég var mát og ákvað því að láta mannætusöguna vaða. „Ef þú værir mannæta,“ spurði ég, „og þér væri boðið til matar, en þér jafnframt sagt að viðkomandi hefði verið berklaveikur og því þurft að innbyrða talsvert af lyfjum um dagana, og enn kynni að eima eftir af sjúkdómnum, hvort hefðirðu þá pantað léttsteikt og rautt eða gegnumsteikt, well done?“

Heimsborgaranum vafðist tunga um tönn.




VERÐ FRÁ:
**2.590.000** kr.
Eyðsla frá 3,5 l/100 | $CO_2$ losun frá 90 g/km

**FRELSI TIL AÐ FARA**

Gæði Peugeot 2008 heilla þig strax. Draumabíllinn þinn sem vilt sparneytinn, snaggaralegan bíl með mikla veghæð og háa sætisstöðu. Bíllinn sem veitir þér frelsi til að fara þangað sem þú vilt. Peugeot 2008 er glæsilegur bíll með mjúkum línum sem hentar við fjölbreyttar aðstæður. Peugeot 2008 er framdrifinn, duglegur í snjónum og með stórt farangursrými, 16,5 cm veghæð og innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Puretech vélarnar eru þekktar fyrir sparneytni og fáanlegar bæði beinskiptar og sjálfskiptar.

PEUGEOT 2008

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# KRÓNAN



**Krónan mælir með!**

# 249 kr. kg

Ferskur ananas, Kosta Ríka



**Gott verð!**

**-20%**

# 399 kr. pk.

Vínber í öskju, 500 g. Suður-Afríka

**Verð áður ~~499~~ kr. pk.**

Tilboðin gilda til 5. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is



KRÓNAN
Krónan mælir með!
ENGIN AUKEFNI
100%
KJÚKLINGAKJÖT
2429 kr. kg
Ali kjúklingalæri úrbeinuð
Verð áður 2699 kr. kg
-40%
Gott verð!
2799 kr. kg
Ungnauta Entrecote, Þýskaland
Verð áður 4699 kr. kg
ENGIN AUKEFNI
100%
KJÚKLINGAKJÖT
Ali
KJÚKLINGUR
BRINGUR
Nýtt..
• Ekki viðbætt vatn
• Engin aukaefni
• Hrein afurð
..og gott
2052 kr. kg
Ali kjúklingabringur
Verð áður 2280 kr. kg
SKYRTERTA FABRIKKUNNAR
2139 kr. pk.
Fabrikku Skyrterta, 700 g
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
12 stk. í pakka
HAMBORGARA FABRIKKAN
GERÐU ÞINN EIGIN
FABRIKKUBORGARA
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
Hamborgarar, brauð, Fabrikkusósa og salt og pipar
1299 kr. pk.
2 stk. í pakka, 100% ungnautahamborgarar
FABRIKKU SMÁBORGARAR
Smáborgarar, brauð, Fabrikkusósa og salt og pipar
1999 kr. pk.
12 stk. í pakka, 100% hágæða smáborgarar
Tilboðin gilda til 5. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Gott verð!**




88 stk. í pakka

80 stk. í pakka

84 stk. í pakka

72 stk. í pakka

**-25%**

# 1949 kr. pk.

Libero bleyjur, nr. 3, 4, 5, 6

**Verð áður ~~2599~~ kr. pk.**




LÍFRÆNT VOTTAÐ

**-20%**

Verð frá:

# 159 kr. stk.

Skvísur, Smoothie, 120 g

**Verð áður ~~199~~ kr. stk.**

# KRÓNAN

Ódýrt




Lasagne / Spaghetti Bolognese, 400 g

**299** kr. pk.




Ódýrt




**188** kr. stk.

Billys pizzur, Original, Pepperoni, 170 g stk.

**239** kr. pk.

Hvítlauksbrauð, 3 stk. í pakka

Tilboðin gilda til 5. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Framlengt á öskudaginn



**Barist um boltann** Valskonan Mia Loyd á hér í harðri baráttu við Maríu Björnsdóttur og Berglindi Gunnarsdóttur, leikmenn Snæfells, í leik liðanna í Valshöllinni í gær. Snæfell hafði sigur eftir framlengingu, 70-77. Þetta var níundi sigur Íslandsmeistaranna í röð en þeir eru áfram með tveggja stiga forskot á toppi Domino's deildar kvenna þegar átta umferðum er ólokið. Valur er sem fyrr í fimmta sætinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fékk fullt af jákvæðum svörum

**Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta gerði 1-1 jafntefli við Noreg í fyrsta leiknum á Algarve-mótinu í Portúgal. Landsliðsþjálfarinn var að mestu ánægður með frammistöðu Íslands þrátt fyrir ýmsa hnökra hér og þar.**

**FÓTBOLTI** „Þetta var mestmegnis jákvætt. Þetta var nokkuð kaflaskiptur leikur en mér fannst við spila seinni hálfleikinn mjög vel þegar við gátum farið aftur að pressa,“ sagði landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson eftir 1-1 jafntefli Íslands og Noregs á Algarve-mótinu í Portúgal í gærkvöldi.

„Það var erfiður 20 mínútna kafli í fyrri hálfleik þar sem við þurftum að fara í lágpressu. Það nýttist samt vel, við þurftum að æfa þær færslur og getum lært hvernig maður heldur í boltann þegar þú vinnur boltann í lágpressu. Við vorum í smá vandræðum með það. Ég fékk fullt af jákvæðum svörum og nokkrar einstaklingsframmistöður litu út fyrir að vera mjög góðar.“

Byrjunin á leiknum var ekki gæfuleg hjá íslenska liðinu því strax á 4. mínútu kom Ada Hegerberg, besta knattspyrnukona Evrópu í fyrra, Noregi yfir. En íslensku stelpurnar sýndu mikinn styrk og aðeins fjórum mínútum eftir mark Hegerbergs var staðan orðin jöfn, 1-1.

Elín Metta Jensen fór þá illa með varnarmann Noregs og sendi fyrir á Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur sem skoraði af stuttu færi. Þetta var sjötta landsliðsmark Gunnhildar en hún heldur áfram að sanna mikilvægi sitt fyrir íslenska liðið.

„Þær skoruðu gott mark en við vorum búnar að tala um að þetta væri þeirra leikur; þetta battaspil eftir langan bolta. Og þegar boltinn dettur svona fyrir besta framherja í heiminum klárar hún það,“ sagði Freyr um mark norska liðsins.

„Eftir markið stigu leiðtogarnir upp og stöppuðu stálinu í liðið og við fórum bara af stað. Við áttum góða sókn og svo góða sókn sem skilaði marki. Það var mjög jákvætt. Þetta var frábært mark; mjög sterkt einstaklingsframtak hjá Elínu og frábært hlaup inn í teiginn og vel klárað hjá Gunnhildi.“

Freyr stillti upp nokkuð ungu og óreyndu byrjunarliði í leiknum í gær. Meðal þeirra sem fékk tækifærið var Eyjakonan Sigríður Lára Garðarsdóttir sem lék aðeins sinn annan landsleik í gær. Landsliðsþjálfarinn kvaðst ánægður með frammistöðu hennar.

„Mér fannst hún heilt yfir standa sig með glæsibrag. Hún var hrikalega öflug í návígi, bæði á grasinu og í loftinu, og las hinn svokallaða seinni bolta mjög vel. Hún hefði oft á köflum getað gert betur með boltann en það kemur þegar hún finnur betri takt með liðinu. Hún má vera stolt af sinni frammistöðu,“ sagði Freyr um Sigríði Láru sem var hluti af líkamlega sterkri miðju, „sláttuvélarmiðju“ eins og landsliðsþjálfarinn komst að orði fyrir leik.

„Ég held það hafi virkað vel. Það sem klikkaði í fyrri hálfleik var áherslan mín í hápressu. Ég hefði viljað að leikmennirnir hefðu lesið það og leyst sjálfar en við löguðum það í hálfleik. Það var ekki miðjunni að kenna að við náðum ekki að hápressa, það var útfærslan mín,“ sagði Freyr.

Það eina sem skyggði á fína frammistöðu íslenska liðsins í gær voru meiðsli Söndru Maríu Jessen. Akureyringurinn lenti í samstuði eftir um 20 mínútna leik og var hún í kjölfarið borin sárþjáð af velli. Aðspurður sagðist Freyr ekki vita hvers eðlis meiðslin væru en þetta hefði ekki litið vel út.

Næsti leikur Íslands er gegn Japan á morgun. ingvithor@365.is

> Eftir markið stigu leiðtogarnir upp og stöppuðu stálinu í liðið og við fórum bara af stað.
>
> Freyr Alexandersson








## Nýjast

**Algarve-mótið í Portúgal**

**Noregur - Ísland 1-1**
1-0 Ada Hegerberg (4.), 1-1 Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir (8.).
**Lið Íslands:** Sandra Sigurðardóttir – Elísa Viðarsdóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Arna Sif Ásgrímsdóttir, Thelma Björk Einarsdóttir – Sara Björk Gunnarsdóttir, Sigríður Lára Garðarsdóttir (62. Dóra María Lárusdóttir), Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir (70. Rakel Hönnudóttir) – Elín Metta Jensen (70. Hallbera Guðný Gísladóttir), Sandra María Jessen (25. Fanndís Friðriksdóttir), Katrín Ásbjörnsdóttir (62. Berglind Björg Þorvaldsdóttir).

**Japan - Spánn 1-2**

**Domino's-deild kvenna**

**Skallagr. - Grindavík 119-77**
**Stigahæstar:** Tavelyn Tillman 32/13 fráköst/11 stoðs., Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 24/11 fráköst/10 stoðs. - Petrúnella Skúladóttir 25, Íris Sverrisdóttir 19/7 fráköst.

**Njarðvík - Stjarnan 84-71**
**Stigahæstar:** Carmen Tyson-Thomas 47/25 fráköst/5 stoðsendingar, Ína María Einarsdóttir 15 - Danielle Victoria Rodriguez 20, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 18/12 fráköst.

**Valur - Snæfell 70-77**
**Stigahæstar:** Mia Loyd 21/13 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 12 - Aaryn Ellenberg 36/12 fráköst/6 stoðsendingar, María Björnsdóttir 10/8 fráköst.

**Keflavík - Haukar 82-61**
**Stigahæstar:** Erna Hákonardóttir 14/4 fráköst, Ariana Moorer 12/9 fráköst/9 stoðsendingar, Birna Valgerður Benónýsdóttir 12 - Þóra Kristín Jónsdóttir 15/6 stoðsendingar/6 stolnir, Nashika Wiliams 13.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Snæfell | 38 | Valur | 20 |
| Keflavík | 36 | Njarðvík | 20 |
| Skallagrím. | 36 | Haukar | 12 |
| Stjarnan | 24 | Grindavík | 6 |

### DURANT FRÁ Í FJÓRAR VIKUR



Kevin Durant, leikmaður Golden State Warriors í NBA-deildinni í körfubolta, verður frá í að minnsta kosti fjórar vikur vegna meiðsla sem hann varð fyrir gegn Philadelphia 76ers í fyrrinótt. Durant tognaði á liðböndum á hné. Staðan á honum verður tekin að nýju eftir fjórar vikur.

### MEÐ HODGSON Í SIGTINU



Englandsmeistarar Leicester City hafa rætt við Roy Hodgson, fyrrverandi landsliðsþjálfara Englands, um að taka við liðinu. Leicester er í stjóraleit eftir að Claudio Ranieri var rekinn í síðustu viku. Hodgson hefur verið atvinnulaus síðan hann hætti með enska liðið.

## Í dag

19.00 **KR - Keflavík** Sport
19.00 **WGC: Mexico** Golfstöðin

**Domino's-deild karla:**
19.15 **KR - Keflavík** DHL-höllin
19.15 **Grindav. - Stjarnan** Mustad-h.
19.15 **Skallagr. - Tindast.** Borgarnes
19.15 **Þór Þorl. - ÍR** IG-höllin

**Olísdeild karla:**
18.30 **ÍBV - Grótta** Vestmannaeyjar
19.00 **Akureyri - Afture.** KA-heimilið
19.30 **Haukar - Stjarnan** Ásvellir
19.30 **Selfoss - Fram** Selfoss
19.30 **Valur - FH** Valshöllin

# Baráttan um sæti í úrslitakeppninni er gríðarlega hörð

**KÖRFUBOLTI** 20. umferð Domino's-deildar karla hefst í kvöld með fjórum leikjum en þetta er þriðja síðasta umferð deildarkeppninnar. Mikil spenna ríkir á öllum vígstöðvum um deildarmeistaratitilinn, síðustu sætin í úrslitakeppninni og hvaða lið fellur með Snæfelli.

Þrjú lið hafa stungið önnur af en aðeins tvö stig skilja þau að. Öll þrjú, KR, Tindastóll og Stjarnan, spila í kvöld en eiga erfið verkefni fyrir höndum. KR tekur á móti spræku liði Keflavíkur sem hefur ekki tapað leik síðan Friðrik Ingi Rúnarsson tók við þjálfun þess og hin tvö eiga erfiða leiki á útivöllum – Stjarnan gegn Grindavík og Tindastóll gegn Skallagrími sem er í harðri fallbaráttu gegn Haukum.

Í toppbaráttunni er KR skrefinu á undan með 30 stig en hin tvö eru jöfn að stigum með 28 stig hvort.

Aðeins tvö stig skilja að liðin í 5.-9. sæti deildarinnar en átta efstu komast áfram í úrslitakeppnina. Eitt þeirra mun því sitja eftir.

Einn innbyrðisslagur verður í þessari baráttu í kvöld þegar Þór tekur á móti ÍR í Þorlákshöfn. ÍR-ingar hafa verið sjóðheitir á heimavelli og unnið sex leiki í röð í Seljaskóla. Árangurinn á útivelli er hins vegar ekkert til að hrópa húrra fyrir, þrjú töp í röð og aðeins tveir sigrar í níu leikjum alls á tímabilinu.

Þess má einnig geta að í þessari viðureign mætast tveir skemmtilegustu stuðningsmannahópar deildarinnar; Græni drekinn sem verður á heimavelli og Ghetto Hooligans sem hafa gert allt vitlaust í Breiðholtinu að undanförnu.

Skallagrímur er sem stendur í tíunda sæti deildarinnar en gæti dottið niður í fallsæti með tapi gegn Tindastóli í kvöld ef Haukar vinna botnlið Snæfells á morgun. Nýliðarnir úr Borgarnesi voru þó hársbreidd frá því að vinna Stjörnuna í síðustu umferð.

Grindavík fer svo langt með að tryggja sér heimavallarrétt í fyrstu umferð úrslitakeppninnar með sigri á Stjörnunni í Mustad-höllinni suður með sjó í kvöld.

Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15 í kvöld en viðureign KR og Keflavíkur verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. – **esá**



ÍR-ingurinn Matthías Orri Sigurðarson hefur verið einn besti leikmaður deildarinnar eftir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ólafur Jóhannesson hefur misst nokkra lykilmenn frá síðasta tímabili en náð að styrkja hópinn í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tveir sömdu við Valsmenn

**FÓTBOLTI** Valur fékk góðan liðsstyrk fyrir komandi átök í Pepsi-deild karla næsta sumar en félagið gekk frá samningum við Sindra Scheving og hinn danska Nicolas Bögild. Sindri er tvítugur varnarmaður og er uppalinn hjá Val. Hann hefur síðustu ár verið á mála hjá Reading en snýr nú aftur í heimahagana.

Bögild er fjórði danski leikmaðurinn í herbúðum Vals en þessi 29 ára framherji var síðast á mála hjá Vendsyssel í dönsku B-deildinni. Hann hefur glímt við hnémeiðsli að undanförnu en ætlar að koma sér í gang á nýjan leik með Valsmönnum. Fyrir hjá Val voru Danirnir Rasmus Christiansen, Nicolaj Hansen og Nicolaj Köhlert. – **esá**



Ólafur Gústafsson leikur með Stjörnunni sem er rétt fyrir ofan fallsæti. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Lokasprettur hefst í kvöld

**HANDBOLTI** Átta umferðir eru eftir af deildarkeppninni í Olísdeild karla sem fer aftur af stað með heilli umferð í kvöld eftir að bikarkeppninni lauk um liðna helgi. Fram og Akureyri eru sem stendur í neðstu tveimur sætum deildarinnar en það er þó stutt í þrjú neðstu lið fyrir ofan. Átta efstu lið deildarinnar fara í úrslitakeppnina í vor en tvö neðstu falla.

Selfyssingar taka á móti Fram í mikilvægum leik en sigur síðarnefnda liðsins myndi hleypa enn meiri spennu í botnbaráttuna. Selfyssingar eru efsta liðið í neðri hluta deildarinnar með sautján stig en Fram er með þrettán, rétt eins og Akureyringar.

Tvö stig skilja að þrjú efstu liðin; Hauka, Aftureldingu og FH, en síðastnefnda liðið mætir í kvöld Valsmönnum sem eru í fjórða sætinu og þremur stigum á eftir Hafnfirðingum. – **esá**





OPINN ÁRSFUNDUR SAMORKU
2. MARS NORÐURLJÓSUM, HÖRPU, KL. 15-17



Helgi Jóhannesson
forstjóri Norðurorku



Þórdís K. R. Gylfadóttir
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



Ásdís Kristjánsdóttir
forstöðumaður efnahagssviðs SA



Stefán Pálsson
sagnfræðingur



Fundarstjóri:
Páll Erland
framkvæmdastjóri Samorku

ÁVARP FORMANNS
Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku

ÁVARP RÁÐHERRA
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir,
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

MIKIÐ VATN HEFUR RUNNIÐ TIL SJÁVAR
Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA

SVEITAPILTSINS STRAUMUR
Orkan og lífskjarabyltingin í Íslandssögu 20. aldar
Stefán Pálsson, sagnfræðingur

Skráning á samorka.is

Léttar veitingar í fundarlok

SAMORKA

ÞETTA GERÐIST: 2. MARS 1940

## Fyrsta loftárás á íslenskan togara í seinni heimsstyrjöldinni

Á þessum degi árið 1940 var fyrsta loftárásin á íslenskt skip í seinni heimsstyrjöldinni gerð. Togarinn Skutull frá Ísafirði var þá á siglingu í Norðursjó. Þótt allt benti til þess að togarinn væri frá hlutlausri þjóð, varpaði þýsk flugvél samt að honum sprengju. Einnig var skotið úr vélbyssum í átt að togaranum. Togarinn Skutull slapp þó vel og þegar þýska herflugvélin undirbjó aðra árás á ísfirsku sjómennina komu tvær breskar orrustuvélar og hröktu Þjóðverjana á brott. Þetta var fyrsta loftárásin af mörgum á íslensk skip á stríðsárunum. Eftir þetta felldu Þjóðverjar tugi íslenskra sjómanna með árásum sínum úr háloftunum en líka úr kafbátum. Á þessum tíma fórust einnig mörg útlensk skip við Ísland í loftárásum en einnig af völdum fárviðris.



**Togarinn Skutull var frá Ísafirði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILMUNUR

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sigrún Brynjólfsdóttir**

handavinnukennari,
Kársnesbraut 53,

lést föstudaginn 24. febrúar. Útför hennar fer fram frá Laugarneskirkju í Reykjavík mánudaginn 6. mars klukkan 13.00.

**Sigurjón Gíslason**
**Gísli Sigurjónsson** **Kristín Amalía Ólafsdóttir**
**Brynjólfur Sigurjónsson** **Þuríður Ragna Stefánsdóttir**
**Eva María Gísladóttir** **Sigrún Anna Gísladóttir**
**Eyþór Brynjólfsson** **Bjarki Brynjólfsson**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir samúð ykkar og hlýhug vegna fráfalls elsku föður okkar,

**Benedikts Frímannssonar**

Sérstakar þakkir færum við félögum hans í „Hornhópnum" á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi sem og öllu starfsfólki dvalarheimilisins fyrir einstakan hlýhug til handa okkur systrum og fjölskyldum okkar.

**Rebekka, Rakel, Kristín og Líney Benediktsdætur**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg A. Finsen**

Vesturgötu [illegible],
Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum þriðjudaginn 14. febrúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 3. mars kl. 13.00.

**Guðrún Finsen** **[illegible]**
**Aðalsteinn Finsen** **Helga Hrönn Finsen**
**Sigríður Finsen** **[illegible]**
**barnabörn og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Helga Jóhannesdóttir**

ljósmóðir,

lést 18. febrúar á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 3. mars kl. 13.00.

**Jóhannes Steingrímsson** **Rannveig B. Ragnarsdóttir**
**Ingólfur Steingrímsson** **Guðrún Erna Þórhallsdóttir**
**og barnabörn.**

---




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

---



✝

Móðir okkar,

**Jórunn Viðar**

tónskáld,

lést mánudaginn 27. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**F.h. aðstandenda, börnin.**

---



✝

Móðir mín, dóttir okkar, systir og mágkona,

**Ásdís Mjöll Guðnadóttir**

andaðist í Kaupmannahöfn laugardaginn 28. janúar. Bálför fór fram þar ytra. Útför verður gerð frá Grafarvogskirkju mánudaginn 6. mars kl. 13.

**Kjartan Helgi Sigurðsson**
**Lilja Bergsteinsdóttir** **Guðni Kolbeinsson**
**Hilmir Snær Guðnason** **Bryndís Jónsdóttir**
**Bergdís Björt Guðnadóttir** **Kristján Reinholdsson**
**Kristín Berta Guðnadóttir** **Hörður Sveinsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Gunnars Zoëga**

lögg. endurskoðanda.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Grund fyrir einstaka umönnun sem honum var veitt af hlýju og virðingu.

**Hebba Herbertsdóttir**
**Gylfi Zoëga** **Marta Guðrún Skúladóttir**
**Gunnar Már Zoëga** **Inga Sif Ólafsdóttir**
**Tómas Gylfi, Gunnar Snorri, Einar Skúli**
**Ólafur Már, Gerða María, Kristín Hebba Dís**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, bróðir okkar og faðir,

**Jóhann Jónasson**

Krummahólum 8,

lést 24. febrúar á líknardeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 3. mars kl. 13.00.

**Sigríður Bjarney Jónsdóttir**
**Benedikt Jónasson** **María Björk Jóhannsdóttir**
**Björk Elva Jónasdóttir** **Kjartan Kjartansson**
**Atli Viðar Jónasson** **Þórunn Brandsdóttir**
**Anna Jóna Pétursdóttir** **Ásgrímur Guðjónsson**

---



✝

Elskulegur bróðir minn,

**Hermann Elías Bjarnason**

áður til heimilis að Grenimel 26 í Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Fellsenda í Dölum að kvöldi sunnudagsins 26. febrúar.

**Guðsteinn Bjarnason**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðríðar Þórðardóttur**

**Þórður Viðar Njálsson** **Auður Berglind Stefnisdóttir**
**Jóhanna Sigríður Njálsdóttir** **Ellert Vigfússon**
**Þorgeir Ingi Njálsson** **Kristjana Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Dagný Þorgilsdóttir**

Smárahvammi 9, Hafnarfirði,

lést þann 17. febrúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við útför hennar. Innilegar þakkir til Helga Sigurðssonar krabbameinslæknis og starfsfólks krabbameinsdeildar. Einnig viljum við þakka starfsfólki Karitas og líknardeildar Landspítalans fyrir frábæra umönnun.

**Ámundi H. Ólafsson**
**Stefanía G. Ámundadóttir** **Einar Á. Sigurðsson**
**Þorgils E. Ámundason** **Jóna G. Jóhannsdóttir**
**Viktoría S. Ámundadóttir** **Valur G. Kjartansson**
**Ámundi Guðni Ámundason**
**og barnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og sonur,

**Kristján Hólmgeirsson**

Baugakór 3 í Kópavogi,

lést 17. febrúar 2017. Útförin fór fram frá Hafnarfjarðarkirkju í kyrrþey að ósk hins látna. Framúrskarandi heilbrigðisstarfsfólki eru færðar þakkir fyrir umönnun hins látna.

**Guðrún Sigurðardóttir og fjölskylda.**

# LEITAR AÐ FRAMTÍÐINNI Í DANAVELDI

**Helgi Snær** starfar í hringiðu hátískunnar í Kaupmannahöfn sem ljósmyndari og listrænn stjórnandi hjá Elite Model Management.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Helgi Snær Ómarsson hefur um sex ára skeið búið og starfað í Kaupmannahöfn sem ljósmyndari og listrænn stjórnandi (e. head scout) hjá Elite Model Management Copenhagen þar sem hann leitar m.a. að súpermódelum framtíðarinnar. Hann er því á kafi í nýjustu tísku alla daga ársins en á þrátt fyrir það erfitt með að lýsa fatastíl sínum í stuttu máli. „Ætli hann sé ekki bara alls konar; látlaus, afslappaður, hlýr, ekkert voðalega úthugsaður, frekar svartur og hvítur. Ég er kuldaskræfa á öllum fermillimetrum og er vel hulinn á veturna í stórri hettupeysu, stórum jakka, með spikfeitan trefil og örugglega húfu. Á sumrin kaupi ég helst vel valdar þunnar og brjálæðislegar flottar flíkur.“

Áhugi Helga á tísku kviknaði fyrir alvöru þegar hann sá myndir frá hönnunarhúsinu Heatherette fyrir rúmum tíu árum. Þá ákvað hann að gerast frægur fatahönnuður. „Síðan hef ég farið í gegnum alls konar vandræðaleg tískutímabil þar sem ég hélt að ég væri með þetta og væri súper flottur. Svo þegar ég horfi til baka smelli ég bara hendinni á ennið. Ég er ekkert rosalega góður að pæla í því hvað er í tísku hverju sinni heldur kaupi ég bara flíkur sem mér finnst flottar á slánni hverju sinni.“ Starfsins vegna á hann mjög auðvelt með að fylgjast með nýjustu tísku hverju sinni en fyrirsætur frá módelskrifstofunni hans sýna á flestum stærstu tískusýningum heims. „Auk þess senda flest stærstu tískutímaritin okkur nýjustu tölublöðin á skrifstofuna þannig að þegar ég nenni ekki að sinna starfinu tek ég mér kannski hálftíma pásu og kíki í nýtt blað. Annars er tískumenningin hér í Danmörku töluvert mikil og oft dugar bara að rölta á Nörrebrú eða miðbænum og þá er maður búinn að fá flest það nýjasta í æð.“

Mörg verkefni eru fram undan hjá honum í ár en ekki er hægt að greina frá þeim öllum á þessu stigi að hans sögn. „Ég mun m.a. stýra nýjum sjónvarpsþætti á Stöð 2 í mars ásamt Þóru Margréti Baldvinsdóttur og Gullu Jónsdóttur. Þar munum við heimsækja nokkur af fallegustu heimilum landsins. Einnig held ég áfram að blogga á Trendnet.is en þar hef ég verið síðan 2012. Annars þarf ég að fara á fund í Amsterdam í vor, heimsækja Lissabon, knúsa fjölskylduna mína um páskana ásamt því að halda áfram að sinna vinnunni og ljósmyndun. 2017 lítur allavega ágætlega út!“

**Hver er helsti munur á fatastíl íslenskra og danskra karla?**
Hann liggur helst í því hversu ótrúlega mikið er í boði af tískufatnaði í Kaupmannahöfn. Danskir karlar pæla meira í klæðnaði og eru almennt snobbaðri en Íslendingar. Við erum svo afslappaðir og minna í keppni um hver er flottastur og best klæddur.

**Áttu þér uppáhaldsfataverslanir í Kaupmannahöfn?** Acne Studios er númer eitt og ég er mjög spenntur þegar nýjar flíkur lenda þar. Svo kaupi ég eiginlega allar mínar flíkur í Magasin Du Nord, maðurinn minn vinnur þar og ég nýti afsláttinn hans óspart. Þar fást ýmis merki, t.d. Wood Wood, Whyred, Calvin Klein, Adidas Originals, »



Hér klæðist Helgi Snær fallegum jakka frá Wood Wood, rúllukragabol frá Cos og buxum frá Dr. Denim Jeansmaker.



VEISLAN HEFST Í
comma,
SMÁRALIND

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is*, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is*, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is*, s. 512 5367
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is*, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is*, s. 512 5358
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is*, s. 512 5357 **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is*, s. 512 5457 | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is*, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is*, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is*, s. 512 5433






Bolurinn er úr Soulland, jakkinn frá H&M Studio og buxurnar frá Filippa K.

» Won Hundred, Mads Nørgaard og Acne Studios. Einnig eru vintage-búðirnar Wasteland og Episode fullar af gersemum.

**Hverjir eru uppáhaldshönnuðir þínir?** Akkúrat núna er það Gucci eftir að Alessandro Michele tók við þar. En það er þá bara fyrir augað því það er ekki séns að ég geti keypt eina einustu flík þar. Alexander heitinn McQueen var jú eitthvað allt annað en mennskt. Hann mun eflaust alltaf vera í uppáhaldi hjá mér.

**Áttu þér uppáhaldsflík?** Það hlýtur að vera Jöklaúlpan frá 66°Norður, ég trúi varla hvað ég elska hana mikið. Lanvin-skórnir mínir taka annað sætið. Einnig er ég rosalega mikill jakkaperri og elska úlpur og jakka.

> Danskir karlar pæla meira í klæðnaði og eru almennt snobbaðri en Íslendingar.
> Helgi Snær Ómarsson

**Bestu og verstu kaup þín?** Ætli þau bestu séu ekki trefillinn frá Acne Studios sem er ein af mest notuðu flíkunum sem ég á. Ég keypti hann 2013 og hann er enn eins og nýr og hefur haldið að mér hlýju í mörg ár í alls konar skítaveðri. Verstu kaupin eru drullu ljót golla sem ég keypti í Spúútnik á Íslandi (ég elska samt Spúútnik). Þá var ég fátækur námsmaður í MH og stólaði á afgreiðslustúlkuna að finna eitthvað ofur kúl handa mér. Ég held að hún hafi eitthvað verið að trolla mig en ég borgaði 10.900 kr. fyrir hana og notaði aldrei.

**Notar þú fylgihluti?** Ég nota hringa af og til. Ég og kæró keyptum okkur óformlega trúlofunarhringa en ég er nýbúinn að týna mínum en ég gekk alltaf með hann. Núna geng ég með hauskúpuhring eða gullhring með onixsteini.

**Ertu spenntur fyrir sumartískunni?** Ætli ég sé ekki bara spenntastur fyrir klassíkinni; stuttbuxum og sólgleraugum. Sumartískan er yfirleitt bara sú sama hjá mér og fylgi ég aðeins trendum ef ég dett óvart inn á þau. Ég sakna þess að vera með sólgleraugu og er spenntastur fyrir þeim.




Leðurjakki og buxur eru frá Acne Studios en peysan keypt í Spúútnik á Laugavegi.




Bolurinn kemur frá Wood Wood en buxurnar eru frá Filippa K.








## Bar af á Óskarnum

Leikkonan Charlize Theron þótti bera af á rauða dreglinum á Óskarsverðlaunahátíðinni á sunnudagskvöldið. Bæði þótti hún í einstaklega fallegum Dior-kjól auk þess sem hárið var fullkomið. Reyndar hefur leikkonan alltaf vakið athygli fyrir glæsilega hárgreiðslu og förðun hvar sem hún kemur. Ekki sviku demantslokkarnir sem leikkonan bar. Eftir því sem tískulöggur vestan hafs segja var Charlize sannkölluð Hollywood-drottning á Óskarnum.

Hárgreiðslan var ekki flókin, hárið var tekið í tagl og toppurinn greiddur í bylgju. „Lítið er stundum meira,“ sögðu sérfræðingarnir um hárgreiðsluna. Charlize er 41 árs en hárgreiðslumeistari hennar Enzo Angileri vinnur með hárvörur frá Wella.

Charlize var ein þeirra sem afhentu verðlaun á hátíðinni en sjálf hreppti hún þau árið 2004 fyrir leik sinn í Monster. Aðrir leikarar sem fengu þann heiður voru Meryl Streep, Matt Damon, Faye Dunaway, Warren Beatty, Octavia Spencer, Ryan Gosling, Salma Hayek, Dev Patel, Taraji P. Henson ásamt fleirum.



## Sérviskuleg stjarna

Ein af rísandi stjörnum í tónlistarbransanum í London er hin sérstæða Petite Meller. Hún er raunar fædd í París, lærði tónlist í Tel Avív í Ísrael en býr og starfar í London. Meller er 22 ára og hefur mjög sérstakan stíl sem einkennist af ofgnótt kinnalitar auk þess sem hún skartar iðulega eldrauðum varalit, þó hún hafi valið bláan á myndinni sem hér fylgir. Fötin sem hún klæðist bera iðulega keim af sjötta og sjöunda áratugnum.

Nýverið gerðist Petite Meller talsmaður Complét-handtöskumerkisins frá Tel Avív sem stígur sín fyrstu skref á alþjóðlegum markaði um þessar mundir en merkið þykir nútímalegt og skemmtilega furðulegt og passar því eins og flís við rass við stíl Petite Meller.

# VISSIR ÞÚ ÞETTA UM HÚÐINA?

**1 Þú þarft ekki að þvo andlitið með heitu vatni**
Það þurrkar og ertir húðina. Það sama á við um húðina almennt. Notaði heldur ylvolgt vatn. Það gerir sama gagn.

**2 Olía er góð fyrir húðina, ekki slæm**
Jurtaolíur geta margar hverjar nært húðina og gefið henni góðan raka. Má þar nefna kókosolíu, sesamolíu og ólífuolíu. Eftir nokkurra daga notkun finna flestir mun á húðinni. Hún verður bæði sléttari og jafnari. Á það jafnt við um þá sem eru með feita og þurra húð.

**3 Þú þarft ekki að skrúbba húðina**
Þó þér líði kannski eins og húðin verði hreinni með því að skrúbba hana ýtir það frekar undir bólumyndun og önnur húðvandamál en hitt. Það er best að fara um húðina mjúkum höndum.

**4 Fegurðin kemur að innan**
Ef þú vilt fallega húð skaltu fyrst og fremst huga að mataræðinu. Fegurðin kemur svo sannarlega að innan í þessum efnum. Sýnt hefur verið fram á að matur sem hækkar blóðsykur ýtir undir bólumyndun og önnur húðvandamál. Hreint óunnið mataræði gerir hins vegar húðinni gott.

**5 Ekki fara út í kulda með óvarða húð**
Það þarf að verja húðina fyrir kulda. Annars getur hún orðið fyrir skaða. Best er að bera á hana gott krem og jafnvel farða.
















Uppáhaldsflík Tinnu Þórudóttur Þorvaldar er hekluð kósípeysa sem hún hannaði sjálf. MYND/STEFÁN

# HEKLUÐ KÓSÍPEYSA Í UPPÁHALDI

**Tinna Þórudóttir Þorvaldar** er forfallinn heklari. Eftir að hafa heklað kósípeysu á eiginmanninn varð hún að gera eins peysu á sjálfa sig og fer varla úr henni í kuldanum. Hún heldur námskeið í hekli á sunnudag.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is

„Uppáhaldsflíkin mín núna er æðisleg síð kósípeysa sem ég var að klára. Enda ekki seinna vænna að hekla sér þykka og góða ullarpeysu í þessu fannfergi sem er úti núna. Ég hannaði hana upphaflega fyrir manninn minn og heklaði peysu úr ljósu bandi á hann. Fór svo bara ekkert úr henni sjálf þannig að ég þurfti að hekla aðra handa mér. Nú erum við í stíl hjónin,“ segir Tinna Þórudóttir Þorvaldar, spurð um uppáhaldsflíkina í fataskápnum.

Ekki kemur á óvart að hekluð flík sé í uppáhaldi en Tinna er forfallinn heklari og hefur gefið út þrjár heklbækur með eigin hönnun og þá hefur hún ritstýrt þeirri fjórðu. Bók hennar Havanahekl kom út fyrir jól og þar er að finna uppskriftina að kósípeysunni. Tinna segir ekki lengi gert að hekla eina peysu.

„Þessi peysa er fljótleg því hún er úr grófu garni og hekluð með nál 7-8. Ætli ég hafi verið nema viku með hana með því að grípa í hana á kvöldin. Garnið rennur líka afar vel áfram í höndunum á manni. Þetta er tiltölulega klassísk kósípeysa en sporið í henni er með mjög skemmtilegri áferð. Oftast verður hönnunin bara til í höndunum á mér en svo þarf að útfæra stærðir, reikna út og lagfæra. Svo prófar maður sig bara áfram, heklar og mátar og rekur svo upp ef þarf.

Bandið heitir Peru og er gæðablanda úr alpaca, ull og akrýl. Þykkt og mjúkt garn svo peysan hangir þung niður og fer svo vel. Svo er ótrúlega þægilegt að vera í henni.“

Tinna segir litla hefð fyrir því hér á landi að hekla flíkur á fullorðna. Prjónaðar peysur séu miklu algengari. Í bókinni Havanahekl leggur Tinna áherslu á heklaðar peysur á fullorðna og unglinga.

„Hér á Íslandi er aðallega verið að hekla teppi, gardínur og milliverk en þegar kemur að fullorðinsfötum er miklu sterkari hefð fyrir því að prjóna peysur. Ég hef gert það líka en mér finnst skemmtilegra að hekla peysur. Það er líka svo miklu fljótlegra. Það fer aðeins meira garn í hekl en prjón en verkið gengur hraðar,“ segir Tinna.

Á sunnudaginn hefst námskeið hjá Tinnu þar sem hægt verður að velja úr fimm peysum úr nýjustu bók hennar og fá leiðsögn við gerð þeirra. Nánar er hægt að kynna sér það á Facebook undir Heklnámskeið Tinnu.


Í nýjustu bók sinni leggur Tinna áherslu á heklaðar peysur á fullorðna og unglinga.


Peysuna heklaði Tinna á eiginmann sinn. MYND/LILJA BIRGISDÓTTIR.


30-70% afsláttur
af völdum vörum!
PRINCE
Coke
FRÁBÆR stemning og Coke og prince polo í boði fyrir gesti!
Stærðir 36-56
KRINGLUKAST!
Nýjar vörur á frábæru tilboðsverði dagana 2-6.mars.
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
BLÚSSA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. 42-56
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
BUXUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314



KRINGLU KAST
20% afsl.
af öllum buxum og toppum
2 fyrir 1
af ilmkertum
KRINGLUNNI I 588 2300
INDISKA

Aðalfundur
Ferðafélags Íslands
verður haldinn fimmtudaginn 9. mars kl. 20 í sal félagsins Mörkinni 6.
Hefðbundin aðalfundarstörf
Stjórnin.





Sofðu rótt í alla nótt
rekkjan
HEILSURÚM



Stuttur, hvítur jakki frá Armani sem sýndur var í Mílanó á dögunum.



Tory Burch sýndi þessa loðkápu á tískuvikunni í New York þegar vetrartískan 2017 var sýnd.



Stutt, hvít kápa frá sem Philosophy Di Lorenzo Serafini sýndi í Mílanó.

# HVÍTAR VETRARKÁPUR

Tískulöggur segja að nauðsynlegt sé að eiga hvíta kápu þennan veturinn. Helst kápu eins og Ali MacGraw klæddist í lokaatriði myndarinnar Love Story. Tískuhönnuðir hafa einmitt mikið horft til sjöunda og áttunda áratugarins í fatatísku þessa árs og næsta.

Kvikmyndin Love Story var frumsýnd árið 1970 og var ein mest sótta mynd á sínum tíma bæði í Bandaríkjunum og Kanada. Hún var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna en hlaut aðeins ein. Hún fékk hins vegar fimm verðlaun á Golden Globe hátíðinni 1971. Myndin hefur löngum haft mikil áhrif á tískuhönnuði, enda þykir fatastíllinn í myndinni tímalaus og klassískur. Margir þeirra hafa nú sett hvíta kápu á lista yfir það sem allar konur þurfa að eiga í fataskápnum fyrir haust-vetur 2017-2018. Meðal þeirra er Christian Dior, Jil Sander og Proenze Schouler.

Margir hönnuðir sýndu hvítar kápur á tískuvikunni í Mílanó sem fram fór síðustu vikuna í febrúar. Þar var haust- og vetrartískan 2017-2018 sýnd. Gucci, Fendi, Armani og fleiri sýndu fallegar hvítar kápur.

Hér á síðunni má sjá nokkrar fallegar hvítar kápur sem sýndar voru í Mílanó. Það verður að viðurkennast að allar konur eru fínar í hvítum kápum, þær hafa yfir sér einhvern fagurkerablæ.



Þessi glæsilega kápa er frá Fendi og var sýnd á tískuvikunni í Mílanó. Takið eftir rauðu stígvélunum.



Gucci sýndi þessa hlýju og góða kápu í Mílanó.



Falleg kápa frá Genny sem sýnd var á tískuvikunni í Mílanó fyrir haust og vetur 2017-2018.




Veriga er öflugur framleiðandi mannbrodda sem halda okkur á réttum kili í hálkunni, þú finnur gott úrval af ís- og hálkubroddum í verslun okkar GG•Sport.

# Verum viðbúin snjó og hálku á Veriga mannbroddum



MOUNTTRACK

**Fjallgöngubroddar**
- 13 punkta broddar
- Askja fylgir með
- Soðin samskeyti
- Sterkar lamir
- Ryðfrítt stál
- Frostþolið gúmmí
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

**Verð 5900 kr.**



ICETRACK

**Sterkir utanslóðabroddar**
- Góðir utanslóðabroddar
- Geymslupoki með beltafestingu
- Soðin samskeyti
- Ryðfrítt stál
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

**Verð 5490 kr.**



CITYTRACK

**Innanbæjarbroddar**
- Henta við hálar aðstæður
- 10 punktar veita hámarks grip
- Passa á flestar gerðir skófatnaðar
- Hágæða gúmmíteygja
- Auðveldir í notkun
- Geymslupoki fylgir
- Stærðir M (36-41), L (39-46), XL (45-48)

**Verð 2890 kr.**



PROTRACK

**Grófir innanbæjarbroddar**
- Grípa vel í hálku
- Grófir án gadda
- Fara innfyrir þröskuld án þess að skemma gólf (t.d. verslanir)
- Stærðir M (36-41), L (41-44,5), XL (45-48)

**Verð 6490 kr.**

# Hafðu AKU® með í valinu

**AKU SUPERALP GTX** **39.900 kr.**

**Framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum**

**Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli. Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu útsölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.**




„Finndu okkur á Facebook"




GG•sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is

„Kryddaðu fataskápinn"





Bolur á 6.900 kr.
- einn litur
- stærð: 36 - 46

Bolur á 6.900 kr.
- einn litur
- stærð: 36 - 46

Opið
virka daga
kl. 11–18
laugardaga
kl. 11-15

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook



Nýjar vorvörur



Jakki kr. 14.900.
Str. S-XXL - 2 litir

Síðar skyrtur kr. 9.800.
Str. S-XXL - 5 litir

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

N1 olís nettó BÓNUS




# SKRAUTLEG SKÆÐI Í MÍLANÓ

Skófatnaður fellur iðulega í skuggann af meira áberandi flíkum á tískupöllunum. En gaman er að rýna í hvað tískuhönnuðir eru að boða þegar kemur að skótískunni. Hér eru nokkur sköpunarverk frá tískuvikunni í Mílanó þar sem sýnd var haust- og vetrartískan 2017.



Versace



Stella Jean



Prada



**Fyrirsæta í loðstígvélum á tískusýningu Prada á tískuvikunni í Mílanó á dögunum.**



Dolce & Gabbana



Gucci


Food & Fun
1.-5. MARS
2017
www.foodandfun.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

### Bílar til sölu



Til sölu Ford Fusion 2004 ekinn 157þ sjalfskiptur topp bíll ný skoðaður 18 fæst a 300þús staðgreitt uppl í síma 616 6636

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**




### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

**GRÁSLEPPUSJÓMENN**
Tilboðsverð 65 metra löng ný felld net með nýlegum teinum Verð 22.940 m/vsk til eru 20 stk. 30 stk 71 metri löng nýfelld net 24.552 m/vsk flottir teinar vönduð felling. Heimavík ehf 892 8655 heimavik.is

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

### Bókhald

**FRAMTAL 2017**
Framtöl einstaklinga, verktaka

og rekstraraðila.

Góð og traust þjónusta.

Vönduð vinna.

FRAMTALSÞJÓNUSTAN,
Ármúla 19.

Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Faglærðir málarar geta bætt viðs sig sparsl og málningarvinnu. Jón og Marteinn 8611242

Málarameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Upp. s. 821 1333 Verkfar ehf

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

Símaspá, spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

### Rafvirkjun

**Uppsetning og Þjónusta**
Ljósleiðara/Ljósnetstengingum
Loftnets/Gerfihnattadiskum
Sjónvarps/Netlagnir
Flatskjáir/Mynvarpar

**Loftnetstaekni.is**
**S: 894 2460.**

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni

### tilboð

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð**

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***á aðeins 5.500.-***

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**BÍLAMIÐSTÖÐIN**

# Bíldshöfða 5, 110 Reykjavík
## S. 567 4949
**Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 11-15 • Lokað sunnudaga.**



**LAND ROVER Range rover Evoque.**
Árg 2015, ek 22 Þ.KM, dísel, sjálfsk.
**V. 6.790 þús.** Rnr.102190.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



**KIA Ceed lx 1.4.**
Árg 2016, ek 39 Þ.KM, dísel, 6 gíra.
**V. 2.690 þús.** Rnr.102336.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



**TOYOTA Land cruiser 150 gx frábært verð.**
Árg 2016, ek 47 Þ.KM, dísel, sjálfsk.
**V. 7.990 þús.** Rnr.101237.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



**RENAULT Kadjar expression 4x4 .**
Árg 2016, ek 52 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**V. 3.680 þús.** Rnr.102399.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



**HYUNDAI Tucson comfort.**
Árg 2015, ekinn 48 Þ.KM, dísel, sjálfs.
**V 4.250 þús.** Rnr.100880.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



**KIA Sorento luxury 2,2 200hö.**
Árg 2016, ek 36 Þ.KM, dísel, sjálfsk.
**V 6.090 þús.** Rnr.101032.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

# TIL SÖLU 25 - 47 M² STÚDIÓÍBÚÐIR

## VERÐ FRÁ 19.9M TIL 23.5M

Auðveld kaup, möguleiki á aðeins 5% útborgun

**AÐEINS 5 ÍBÚÐIR EFTIR!**

**OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 2. MARS KL. 18 - 18:30.**

Nánari upplýsingar í síma: **535 1000**

KÁRSNESBRAUT 106, 200 KÓPAVOGUR










**VERÐDÆMI:**

| ÍBÚÐ | VERÐ | LÁN FRÁ BANKA | LÁN FRÁ SELJANDA | ÚTBORGUN AÐEINS |
|---|---|---|---|---|
| 47 fm | 23.5 M | 80% | 15% | 1.175.000 |

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

## Húsaviðhald


ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
- MÚRVINNA
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA
- JARÐVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !
Uppl. í s: 788 8870 eða murumogsmidum@murumogsmidum.is
Múrum og smíðum ehf


## KEYPT & SELT

### Til sölu

Til sölu grásleppuúthald, færar rúllur 12W og 24W, ýsunet, þorskanet, lína og lagningstrekt ofl. Upp. s. 847 3758 5572392

### Óskast keypt


KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910


## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

### Hönnun


KG HÖNNUN


**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## ATVINNA

### Atvinna í boði


Bakarameistarinn

BAKARAMEISTARINN SUÐURVERI
leitar af bakara með metnað og reynslu. Brennandi áhugi á terugerð, bakstri og fagleg vinnubrögð skilyrði. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
Áhugasamir geta fyllt út umsókn á heimasíðu okkar bakarameistarinn.is


Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. Sukhothai.sukhothai@yahoo.com

### Atvinna óskast


PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

Barnaheill Save the Children á Íslandi
vissir þú að... börn eiga rétt á aðstoð og hjálp ef þau lenda í ofbeldi

Ertu að leita að talent?
Við finnum starfsmanninn fyrir þig
Umsækjendur, skráið ykkur á
www.talentradning.is
talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
Sími: 552-1600
TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF


## húsnæði óskast

**Ártúnsholt / Árbær**

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**

## tilkynningar

### Auglýsing um skipulagsmál í Skaftárhreppi

Í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulag.

**Deiliskipulag – Hemra F – 209887**
Um er að ræða alls 2,5 ha svæði sem tekur til núverandi bygginga á lóð Hemru F og fyrirhugaðs byggingarlands. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir frístunda og gestahúsi innan lóðarinnar.

Tillagan þessi liggur frammi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps, Klausturvegi 10 , 880 Klaustur og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is. Frá 2. mars 2017 til og með 14. apríl 2017. Athugasemdir ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10 , 880 Kirkjubæjarklaustri eða í tölvupósti á bygg@klaustur.is.
Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 14.apríl 2017.

*Jón Garðar Jónsson*
*Verkefnastjóri Skipulags og byggingarmála Skaftárhrepps*


Við finnum rétta einstaklinginn í starfið
capacent
Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.
www.capacent.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:
N1 alis nettó BÓNUS


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Er vandamál með neysluvatnið?
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR
Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# Heill heimur af rafmagnsverkfærum

BAUHAUS POWER TOOLS

BLACK+DECKER · RYOBI · BOSCH · STANLEY FATMAX · metabo · AEG POWERTOOLS · DEWALT · Real Bosch!

ÁBYRGÐ 5 ÁRA · BAUHAUS




## Varanleg verðlækkun á rafmagnsverkfærum!

Við kynnum með stolti nýju verkfæradeildina okkar eða heilan heim af rafmagnsverkfærum eins og við kjósum að kalla hana. Eins og alltaf er markmið okkar að geta boðið lágt verð, við fylgjumst vel með hvað samkeppnisaðilar okkar gera og munum lækka okkar verð, ef við komust af því að þeirra verð er lægra. Við erum stolt af að geta boðið upp á eitt mesta úrvalið á markaðnum, bæði hvað varðar fjölda vörunúmera og merkja. Með því tryggjum við að hjá okkur ættu allir að geta fundið það sem þeir leita að - á lágu verði.

STANLEY FATMAX

### Bor-/skrúfvél

FMC601C2S-QW. 18V. 2 x 1,3 Ah Li-Ion rafhlöður. 0-350/1500 snún./mín. Kemur í tösku og hleðslutæki fylgir.

**14.995.-**

BAUHAUS

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Bjart og fallegt vetrarveður í dag, en nokkuð ákveðin norðanátt með skýjuðu veðri og dálitlum éljum austanlands. Frost yfirleitt á bilinu 0 til 8 stig.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -5° | -3° |
| 8 | 4 | 1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | -1° | -6° |
| 4 | 6 | 2 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -5° | -5° |
| 11 | 5 | 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -2° | -1° | -7° |
| 6 | 8 | 4 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. fjármunir
6. tveir eins
8. svipuð
9. ögn
11. hljóta
12. angar
14. íshroði
16. hvort
17. knæpa
18. óðagot
20. þófi
21. fimur

**LÓÐRÉTT**
1. töng
3. fæddi
4. freðmýri
5. skjón
7. endalaus
10. skilaboð
13. struns
15. sálga
16. bókstafur
19. leyfist



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** góss, **6.** ee, **8.** lík, **9.** fis, **11.** fá, **12.** ilmar, **14.** ísrek, **16.** ef, **17.** krá, **18.** fum, **20.** íl, **21.** frár.
**LÓÐRÉTT: 1.** kefi, **3.** ól, **4.** sífreri, **5.** ská, **7.** eilífur, **10.** sms, **13.** ark, **15.** kála, **16.** eff, **19.** má.

### Skák Gunnar Björnsson

R. Pereira átti leik gegn S. Pereira í Portúgal árið 1978.



**Svartur á leik**
**1...Hg3!! 2. fxg3 Dxh2+! 3. Kxh2 Hh6+ 0-1.** Íslandsmót skákfélaga hefst í kvöld. Teflt er í Rimaskóla.
www.skak.is: Árangurinn í Moskvu.

BLÓÐGJAFAFÉLAG ÍSLANDS
The blood donors society of Iceland
Ég gef blóð
Ég bjarga lífi

AÐALFUNDUR

Blóðgjafafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 9. mars 2017 kl; 19:30 í Hringssal Landspítala Háskólasjúkrahús við Hringbraut.

Dagsskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Fræðsluerindi,
3. Afhending viðurkenninga
4. Önnur mál

Veitingar í lok fundar, fundurinn er öllum opinn.

Stjórn Blóðgjafafélags Íslands




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | 5 | | | | | |
| | 9 | | | | 4 | 8 | 6 | |
| | 4 | 7 | | 8 | 3 | 9 | | |
| 7 | | | | 9 | 6 | | 3 | |
| | 3 | | 1 | | 2 | | | |
| 8 | 5 | | | 4 | 7 | | 2 | |
| | | 4 | | | | | 8 | 7 |
| | | | | 7 | 1 | | 5 | |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | 9 | 5 | | |
| 7 | | | 4 | | | | | 3 |
| | 9 | | | | 1 | 4 | | 7 |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 3 | | | 7 | | 5 | | 2 | 1 |
| | | | | | 2 | | | |
| | 1 | 4 | 8 | | | | 5 | 9 |
| | | 5 | 2 | | 4 | | | 6 |
| | 8 | | | | 6 | | 3 | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | | | | 9 | |
| | | | | 6 | | | | 7 |
| | | | 9 | 2 | 4 | | | 6 |
| | | | | | 5 | 3 | | |
| 9 | | | 4 | 1 | 8 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | 8 | 2 |
| | | 4 | | | | 7 | | 1 |
| | 7 | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 2 | 9 | 8 | 4 | 6 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 | 4 |
| 1 | 5 | 4 | 3 | 2 | 9 | 8 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 6 | 4 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 1 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 9 | 3 |
| 1 | 9 | 2 | 7 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 3 | 6 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 3 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 3 | 4 | 5 | 1 |
| 3 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 4 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# VARTA RAFGEYMAR

Ekki láta frostið koma þér á óvart og haltu bílnum gangandi með VARTA.

MIKIÐ ÚRVAL




# GÍRAÐU BÍLINN!

## RAIN-X

Berðu á framrúðuna og regnið, snjórinn, saltið og drullan flýgur af.

**200 ML / 500 ML.**




## RÚÐUSKÖFUR

Rúðusköfur í öllum stærðum og gerðum.

VERÐ FRÁ
**291 KR.**

MIKIÐ ÚRVAL



## OSRAM PERUR

**OSRAM NIGHT BREAKER LASER**

Allt að 130% meira ljós sem nær allt að 40 metrum lengra.

allt að 130% meira ljós




# STÆRSTA VARAHLUTAVERSLUN LANDSINS

**Bíllinn heldur ábyrgðinni með vottuðum varahlut frá okkur!**

LÆGRA VERÐ | 3 ÁRA ÁBYRGÐ | VOTTUÐ GÆÐI

**SJÖ VERSLANIR UM LAND ALLT**

**REYKJAVÍK,** Dvergshöfða 2, **KÓPAVOGUR,** Smiðjuvegi 4a, græn gata, **HAFNARFJÖRÐUR,** Dalshrauni 17, **REYKJANESBÆR,** Krossmóum 4, **SELFOSS,** Hrísmýri 7, **AKUREYRI,** Furuvöllum 15, **EGILSSTAÐIR,** Lyngási 13

**www.bilanaust.is** | **Sími: 535 9000**

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

markhönnun ehf

# netto



**GRÍSASNITSEL**
MEÐ RASPI
**1.469 KR/KG**
ÁÐUR: 2.098 KR/KG
**-30%**




**HEITREYKTUR LAXABITI**
MEÐ PROVENCAL KRYDDI
**2.996 KR/KG**
ÁÐUR: 5.166 KR/KG
**-42%**

## *Gott í matinn...*

### *Fiskur í úrvali*



**ÝSUBITAR**
ICE FRESH - 1 KG.
**1.189 KR/PK**
ÁÐUR: 1.698 KR/PK
**-30%**



**-20%**
**ÞORSKHNAKKAR**
LÉTTSALTAÐIR
**878 KR/KG**
ÁÐUR: 1.098 KR/PK



**-30%**
KJÖTBANKINN
**NAUTAFILE - FERSKT**
**3.429 KR/KG**
ÁÐUR: 4.898 KR/KG



**-32%**
GOÐI
**PÍTUBUFF**
MEÐ BRAUÐI - 6X60 GR.
**1.087 KR/PK**
ÁÐUR: 1.598 KR/PK





**-30%**
GOÐI
**UNGNAUTAHAMBORGARAR**
MEÐ BRAUÐI - 4X90 GR.
**979 KR/PK**
ÁÐUR: 1.398 KR/PK



**-50%**
**PERUR**
**105 KR/KG**
ÁÐUR: 209 KR/KG




**CAPRI SONNE**
ÁVAXTADRYKKUR 330 ML
– 4 TEGUNDUR
**129 KR/STK**
ÁÐUR: 159 KR/STK

*Góðir ávaxta-drykkir*



**Tilboðin gilda 2. – 5. mars 2017**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




**LAMBABÓGUR**
KYLFA - 2 STK.
**798** KR/KG
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~




**LAMBAKÓTILETTUR**
Í RASPI - FERSKT
**1.781** KR/KG
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~




**LAMBALÆRI**
SNEITT
**1.299** KR/KG
ÁÐUR: ~~1.998 KR/KG~~




nettó

**KJÚKLINGAVÆNGIR**
**279** KR/KG
ÁÐUR: ~~398 KR/KG~~



ÍSFUGL

**MEXICO LEGGIR**
FULLELDAÐIR
**1.175** KR/KG

*Vegan skyndiréttir*




**QUORN**
4 TEGUNDUR
**499** KR/PK
ÁÐUR: ~~629 KR/PK~~




**PALMOLIVE STURTUSÁPA** GOURMET - 3 TEGUNDUR
**299** KR/STK ÁÐUR: ~~498 KR/STK~~




**ICARE BLAUTKLÚTAR**
FLUSHABLE - 60 STK
**239** KR/PK
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~




**CADBURY FINGERS**
MJÓLK SÚKKULAÐI - 114 GR.
**99** KR/PK
ÁÐUR: ~~155 KR/PK~~

*Sætt á milli mála*




**SKITTLES**
180 GR - 4 PK
**395** KR/PK
ÁÐUR: ~~449 KR/PK~~




**SNICKERS** SNACKSIZE 142 GR - 4 PK
**279** KR/PK
ÁÐUR: ~~349 KR/PK~~

# Fjársjóður á mörkum tveggja heimsmynda

**Viðar Hreinsson hlaut í gær viðurkenningu Hagþenkis fyrir bókina Jón lærði og náttúrur náttúrunnar. Viðar segir að Jón lærði eigi ótvírætt erindi við samtímann þar sem nú sé að losna um hugsun upplýsingarinnar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Upphafið að þessu verkefni má eiginlega rekja til þess þegar ég var að vinna við Íslenskan Söguatlas fyrsta bindi, svona 1989, þá nýkominn frá námi í bókmenntafræði í Kaupmannahöfn. Hafði reyndar skrifað lokaritgerð um fornbókmenntir, án þess að hafa sérstakan áhuga á íslenskum bókmenntum, en féll soldið fyrir Jóni og tímabilinu.“

Segir Viðar Hreinsson, höfundur bókarinnar Jón lærði og náttúrur náttúrunnar, sem hlaut í gær verðlaun Hagþenkis fyrir verkið. „Svo komst ég í rannsóknarverkefni upp úr 1990 sem Sverrir Tómasson stýrði á viðtökum Snorra Eddu og þá náði ég að sökkva mér aðeins betur ofan í kallinn. Hef alveg haft hann á heilanum síðan þangað til ég byrjaði á þessu verki á fullu um 2011 en hef verið fullkomlega einhverfur í honum síðan.“

Jón Guðmundsson lærði (1574-1658) var skáld, fræðimaður, læknir, náttúrufræðingur, listaskrifari, málari, tannsmiður, sjálflærður andófsmaður og fyrstur til að skrifa rit á íslensku um náttúru Íslands. Það er því margt sem kallaði á skoðun og rannsóknir á ævi og störfum Jóns og aðspurður um hvernig fari þá fyrir Viðari eftir að hann hafi loks sett lokapunktinn á verkið þá segir hann einfaldlega: „Þá bara dettur maður ofan í eitthvað annað.“ Og hlær við. „En ég er nú að reyna að venja mig af því að vinna svona stíft. Það er ekkert hollt til lengdar enda var þetta hörð glíma að ná tökum á því sem ég vildi, einkum hugmyndasögulega samhenginu, náttúruhugsuninni og því öllu. Svona æviþræði er ekkert stórmál að púsla saman en hugmyndirnar í kring eru snúnari og að koma þeim á eitthvert mannamál.“

### Andófsmaður í sér

Viðar segir að honum finnist Jón vera einn almerkilegasti karakter Íslandssögunnar. „Hann var allt þetta sem upp hefur verið talið og meira til og sjálfmenntaður að auki, sennilega, þó ekki sé vitað nákvæmlega um uppvöxtinn. Þó svo hann virðist ekki hafa komist formlega í skóla hefur hann þó greinilega alist upp í einhvers konar nágrenni við bækur eða haft af þeim mikil kynni. Hann er alltaf mjög sjálfstæður í hugsun og verður nánast andófsmaður við það að andæfa Baskavígunum. Þá byrja ákveðnar ofsóknir á hendur honum og hann er svona einhvern veginn andófsmaður í sér, getur ekki lúffað. Getur ekki lagað sig að kröfum valdastéttarinnar í kringum hann. Þetta virðist vera sterkt í honum því það er í raun ekki hægt að finna neina rökrétta skýringu á því af hverju hann er að skrifa þetta rit um Baskavígin. Hann er ekki að koma sér í mjúkinn hjá neinum og gat vitað að þetta mundi koma honum í koll.

En svo tínir hann saman svo stórmerkileg fræði þegar hann kemst í frið á efri árum sem eru mögnuð heimild um hugarfar og hugsun. Auk þess yrkir hann ævikvæði og fleira persónulegt sem hleypir manni nær honum en nokkrum öðrum frá þessum tíma.“



Viðar Hreinsson segir að það sé ekkert stórmál að púsla saman æviþræði en hugmyndirnar í kring geti reynst snúnari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### DRENGIR OG FJÖLMÓÐUR

**Forvitinn stráklingur ráfar um grýtta og klettótta fjöru í Ófeigsfirði á Ströndum og les í umhverfið, svipast um eftir dýrgripum sem gæti hafa skolað á land, beinum eða rekaviðarbútum sem mætti smíða úr eða tálga, því hann var að læra að beita hnífi, milli þess sem hann æfði sig í að stauta á bækur og draga bókstafi á hvað sem fyrir varð, í sand eða snjó, á skinin herðablöð eða kjálka úr stórgripum. Mikill rekaviður var í fjörunni og strákurinn dáðist að litríku þangi og sjávargróðri meðan hann stiklaði varlega um sleipa steina sem sumir voru grænir af slýi. Hann potaði í þangið og skoðaði vandlega, velti jafnvel fyrir sér hvort eitthvað af fjörugróðrinum væri ætilegt.**

**Æðarkollur lögðu á hraðan flótta með hálfstálpaða unga á eftir sér, mynduðu á vatnsfletinum setningar sem drengurinn reyndi að ráða í, mávar svifu yfir öldunum, fjölmóður trítlaði um fjöruna áhyggjufullur og kvikur í hreyfingum, betur þekktur undir heitinu sendlingur. Maríuerlur og steindeplar flögruðu nærri jörðu. Drengurinn horfði á hlykkjóttar slóðir sendlingsins meðan brim barði kletta, dranga og berggöng sem sums staðar mynduðu bása eða naust. Hrjóstrugt umhverfið bjó yfir ýmsum náttúrum sem drengurinn vildi forvitnast um. Óræð öfl iðuðu af lífi, veður og hafstraumar, steinar og klettar, dýr, fuglar og fiskar. Þetta er seint á 16. öld en jafnaldri drengsins á 21. öld væri álíka innréttaður um margt, jafn forvitinn og leitandi að viðfangi fyrir sköpunargáfuna. Hann væri líklega í þann veginn að komast að þeim kynlegu sannindum að jörðin er hnöttótt og hverfist um sólu. Þannig rekst margt á beinan hversdagsskilning. Nútímabarn þarf fáein misseri til að meðtaka þekkingu sem var mörg hundruð ár að mótast, allt frá Pýþagórasi til Kópernikusar.**

**Nútímadrengur í könnunarferð um fjöruna í Ófeigsfirði fyndi plastrusl, netadræsur, netakúlur og hringi, nælonreipi, fiskikassa, og plastbrúsa en líka gersemar á borð við slípuð glerbrot, fallega steina, skeljar og kuðunga. Honum þætti fjörugróðurinn og græna slýið kannski ógeðslegt viðkomu og kærði sig varla um að snerta það, hvað þá bragða á því, nema kannski þurrkuð og snyrt söl keypt í stórmarkaði eða heilsubúð. Efnisheimur og áþreifanleiki gæti ekki verið það sama fyrir þessum drengjum. Annar alinn upp í návígi og snertingu við mold, skít, grjót, dýr, fisk, fugla dauða og lifandi. Hinn vaninn við hreinlæti og dauðhreinsaða tilveru enda brýnir móðirin fyrir honum að óhreinka sig ekki og hann verði að passa sig á þessum ógeðslegu fuglahræjum sem geti verið full af bakteríum og skorkvikindum.**

***Upphaf bókarinnar Jón lærði og náttúrur náttúrunnar eftir Viðar Hreinsson.***

### Á mörkum heimsmynda

Náttúruvísindin eru stór hluti af höfundarverki Jóns lærða og Viðar segir að eitt verkið, það síðasta sem hann skrifaði, hafi verið fyrsta lýsingin á íslenskri náttúru sem er skrifuð á íslensku og hefur varðveist. „Þetta er makalaus ritsmíð að mörgu leyti. Þar blandar hann saman sínum eigin athugunum á fyrirbærum og hins vegar því sem í dag er kallað hindurvitni. Ég vil þó síður nota það orð því þetta var bara önnur heimsmynd, önnur sýn, síns tíma hugsun um náttúruna og þetta blandast saman hjá honum. Það sem ég er að reyna að sýna og útskýra er að þetta er fjölþættari og fjölbreyttari heimsmynd en menn ímynda sér. Það hafði allt einhverja merkingu í kosmísku samhengi.

**ÞAÐ SEM ÉG ER AÐ REYNA AÐ SÝNA OG ÚTSKÝRA ER AÐ ÞETTA ER FJÖLÞÆTTARI OG FJÖLBREYTTARI HEIMSMYND EN MENN ÍMYNDA SÉR.**

Þegar fer að líða á endurreisnartímann gengur yfir mikil og skapandi gerjun áður en menn fara að þrengja soldið hugsunina með þeim mekaníska hugsunarhætti sem fylgir upplýsingunni. Mig langaði til þess að lyfta Jóni upp vegna þess að hann stendur svo nærri þessum mörkum á milli tveggja heimsmynda.

En erindið við samtímann er að núna er mikið að losna um hugsunina – heimsmyndina. Menn eru meira farnir að velta fyrir sér óreiðu, flækjum, ólínulegri hugsun og fjölbreyttari heimsmynd. Þess vegna er svo spennandi að stefna saman tvennum tímum. Þá er mikill fjársjóður að eiga svona karakter til þess að lýsa þetta upp.“

### Umhverfishugvísindi

En hvert skyldi Viðar stefna í framhaldi af svo stóru verkefni? „Maður heldur bara áfram að tuða eitthvað,“ segir Viðar léttur. „En ég er í rannsóknaverkefni núna og hef aldrei verið betur settur. En þessi vinna mín með Jón var í raun hluti af því að ég var að endurhæfa mig fræðilega séð og setja mig inn í umhverfishugvísindi sem er mikill og skemmtilegur vaxtarbroddur í hugvísindum. Ég er með í hópi þar sem við erum að rannsaka Mývatn, svona þverfaglega á síðari öldum, sautján hundruð og fram á tuttugustu öld. Svo er ég líka að skoða fornbókmenntir, bókmenntasögu og ritaðar heimildir í svona umhverfisfræðilegu ljósi. Verð í því næstu árin en svo kemur í ljós hvernig mér tekst að flétta þetta saman, annars vegar með því að skrifa greinar í akademísk tímarit og hins vegar að skrifa eitthvað læsilegt fyrir almenning. Mér finnst mjög spennandi að flétta þessu saman, að reyna alltaf að miðla læsilega og vel. Það er mikilvægt að fræðin lokist ekki inni í þessum akademísku kerfum og það er mikilvægt að þekkingin komist út til almennings á meðan fólk vill lesa.“



**Hvítur postulínskaktus**
Verð með afslætti: 1.875 kr.
Verð áður: 2.499 kr.



**Borðklukka**
Verð með afslætti: 2.999 kr.
Verð áður: 3.999 kr.



**Skartgripaskrín**
Verð með afslætti: 4.499 kr.
Verð áður: 5.999 kr.

# 25% AFSLÁTTUR

# AF ÖLLUM GJAFAVÖRUM
## FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

**2. - 6. mars**



**Lykla- og smáhlutageymsla**
Verð með afslætti: 1.499 kr.
Verð áður: 1.999 kr.



**Skartgripastandur**
Verð með afslætti: 3.749 kr.
Verð áður: 4.999 kr.



**Gylltur ananas**
Verð með afslætti: 2.999 kr.
Verð áður: 3.999 kr.



**Hvít járnhilla**
Verð með afslætti: 5.999 kr.
Verð áður: 7.999 kr.



**Skrautdoppur á vegg, kopar**
Verð með afslætti: 2.999 kr.
Verð áður: 3.999 kr.




**Hvítt kertaglas**
Verð með afslætti: 1.125 kr.
Verð áður: 1.499 kr.

**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Nýta aðrar aðferðir við miðlum þekkingar

**Hugarflug er ráðstefna á vegum Listaháskóla Íslands. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir ráðstefnustjóri segir að þar sé leitast við að tengja saman aðferðafræði listanna við nálgun hefðbundnari fræðigreina.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, ráðstefnustjóri Hugarflugs Listaháskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hugarflug er árleg ráðstefna Listaháskólans um rannsóknir á fræðasviði lista og verður nú haldin í sjötta sinn. Ráðstefnan sem hefst á morgun er öllum opin og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir ráðstefnustjóri segir að Hugarflug sé mikilvægur liður í að byggja upp rannsóknarvettvang á sviði lista og menningar hér á landi.

„Í ár erum við með ákveðna áherslubreytingu sem felst í því að við leitumst við að lyfta upp listrænni dagskrá. Erum sem sagt ekki bara að miðla rannsóknum og þekkingu í orði í formi fyrirlestra heldur líka með listrænum verkum. Við erum því með mun fjölbreyttari dagskrá en verið hefur, það er meira um gjörninga, sýningar, innsetningar, vídeóverk, hljóðverk, dansverk og margt fleira sem er fléttað inn í dagskrána í bland við hefðbundnari málstofur þar sem fólk leggur fram þekkingu í orði. Þetta er eitthvað sem við erum vissulega ánægð með og spennt fyrir að sjá hvernig þetta á eftir að koma út, og er í samræmi við þróun listrannsókna í þeim listaháskólum sem við berum okkur saman við.“

Hugarflug skapar vettvang fyrir faglega og gagnrýna umræðu um þekkingarsköpun í listum og menningu, með áherslu á þann fjölbreytileika sem einkennir nálgun, aðferðir, efnistök og miðlun á sviðinu. Eitt helsta markmið ráðstefnunnar er að bjóða upp á öruggt rými jafningja þar sem óhætt er að spyrja opinna spurninga, framkvæma tilraunir og setja fram ókláraðar rannsóknarniðurstöður. Ólöf Gerður segir að það hafi líka verið ákveðið að kalla í fyrsta skipti eftir þátttöku út frá tilteknu þema. „Í ár er þemað minni og við vildum ekki þrengja það neitt sérstaklega að svo stöddu. Vildum frekar kalla eftir ólíkum nálgunum á þetta hugtak. Það getur verið fagurfræðilegt, pólitískt, listrænt, sögulegt og eins út frá hinum ýmsu fræðum og kenningum. En líka bara hvernig listamenn sjálfir vinna með hugtakið minni. Það getur verið hvort heldur sem er persónulegt eða stór söguleg minni eins og t.d. varðandi umhverfismál. Við erum með til að mynda málstofur og framsetningu á verkum sem hafa með umhverfismál að gera og lífheiminn í stóru samhengi. Allt er þetta tengt við minnið eins og t.d. hvernig jarðlög geyma sögulegt minni um loftslagsbreytingar og þá eru listamenn að vinna út frá því í sínum verkum. Aðrir eru svo að vinna með hvernig hlutir ferðast með sjávarstraumum og gera verk út frá því.

En svo má einnig nefna að þátttakendur eru talsvert að vinna með hvernig minni er fólgið í líkama okkar. Svokallað líkamlegt og efnislegt minni en það er mjög áhugaverður vinkill því það er hvorki skrifað í sögubækur né greipt í persónulegt minni heldur hluti af manneskjunni – líkama hennar. Sumt er nefnilega erfitt að segja með orðum og þá er gott að geta gripið til gjörnings eða aðferða sviðslistanna til þess að geta fjallað um það.

Ólöf Gerður segir að það sé Listaháskólanum mikilvægt að skapa sér rými innan hins almenna þekkingar- og fræðasamfélags, ekki síst vegna lágra fjárframlaga til rannsókna og slæmrar stöðu hvað varðar rannsóknafé úr samkeppnissjóðum. „Fyrst og fremst eru það hefðbundnir háskólar sem leggja fram rannsóknarverkefni í formi texta eða talaðs orðs. En við erum að benda á aðrar leiðir til þess að stunda rannsóknir og þá í gegnum listsköpunarferlið sjálft. Í gegnum meðhöndlun efnislegra eiginda eða með aðferðum listanna eins og t.d. sviðlistirnar gera. Í ofanálag eru listamenn líka að stuðla að annars konar aðferðum við miðlun þekkingar, sem byggja á skynrænum, efnislegum og líkamlegum leiðum. Þetta er grundvallarforsenda þess að við erum að efna til svona ráðstefnu og leitumst við að gera okkur gildandi í fræðasamfélaginu. Á sama tíma viljum við gjarnan eiga í samræðu við fræðimenn úr öðrum fögum, sem einmitt taka þátt í ráðstefnunni og við teljum að þetta sé góð leið til þess að fjalla um samfélagið á gagnrýninn, þverfaglegan og uppbyggilegan hátt.“

> **Á SAMA TÍMA VILJUM VIÐ GJARNAN EIGA Í SAMRÆÐU VIÐ FRÆÐIMENN ÚR ÖÐRUM FÖGUM, SEM EINMITT TAKA ÞÁTT Í RÁÐSTEFNUNNI OG VIÐ TELJUM AÐ ÞETTA SÉ GÓÐ LEIÐ TIL ÞESS AÐ FJALLA UM SAMFÉLAGIÐ Á GAGNRÝNINN, ÞVERFAGLEGAN OG UPPBYGGILEGAN HÁTT.**

Þess má geta að myndlistarmaðurinn Charles Gaines flytur opnunarfyrirlestur Hugarflugs, en hann er þekktur fyrir verk sem velta upp spurningum um tengsl fagurfræði og stjórnmála, hugmyndafræðileg kerfi og tungumál. Sem listamaður og prófessor við California Institute of the Arts í Los Angeles hefur hann um árabil stundað rannsóknir á tengslum tungumáls og tónlistar, og eru verk hans Manifestos unnin út frá því viðfangsefni.

Ráðstefnan er öllum opin, engin þörf á að skrá sig en dagskrána má nálgast á vefsíðu Hugarflugs og svo er prentuð dagskrá á staðnum og að sjálfssögðu allir velkomnir. Sjá nánar á lhi.is/hugarflug.

Dalakofinn
1. árs á nýja staðnum
Linnetsstíg 2
25%
afmælisafsláttur
af öllum vörum 2.-4. mars




Takk fyrir frábærar móttökur
Úlpa: 17.900kr
Kápa: 14.700kr
Dalakofinn
Linnetsstíg 2 • 220 Hafnarfirði • Sími: 555 4295




1990.-




1990.-




1990.-



OPIÐ
KL. 10 – 21
ÖLL KVÖLD

# BÓKA MARKAÐURINN
## Laugardalsvelli



24. FEBRÚAR - 12 MARS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL · ÞÚSUNDIR TITLA




690.-




490.-




999.-




490.-




2999.-




1990.-




1799.-




690.-




799.-

# BARNALEGIR VILDARDAGAR!




30% vildar-afsláttur

Blandaðir kubbar
Best-Lock (72 bitar)
**VILDARVERÐ: 2.449.-**
Verð: 3.499.-




30% vildar-afsláttur

Tréfígúra - Moomin
**VILDARVERÐ: 699.-**
Verð: 999.-




30% vildar-afsláttur

Tréfígúrur -
Moominfjölskyldan
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.999.-

## ALLIR BEST-LOCK KUBBAR 30% VILDAR AFSLÁTTUR




Slökkvibíll / vélmenni
Best-Lock
**VILDARVERÐ: 1.399.-**
Verð: 1.999.-




Sérsveitarbíll
Best-Lock
**VILDARVERÐ: 559.-**
Verð: 799.-




Kappakstursbíll
Best-Lock
**VILDARVERÐ: 1.119.-**
Verð: 1.599.-




Lögregluþyrla, bíll & bátur
Best-Lock
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.999.-




Vörubíll & mótorhjól
Best-Lock
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.999.-




Öskubuska
Best-Lock
**VILDARVERÐ: 1.399.-**
Verð: 1.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




**Teikni-leikni Dútl
fyrir 3-5 ára**
**VILDARVERÐ (per stk.): 999.-**
Verð (per stk.): 1.299.-




**Kolbeinn ungi - Baðbók
gúmmíönd fylgir**
**VILDARVERÐ: 1.199.-**
Verð: 1.559.-




**Snati Már / Heiðrún Ýr
barnabækur**
**VILDARVERÐ (per stk.): 1.299.-**
Verð (per stk.): 1.699.-




**Vonda frænkan**
**VILDARVERÐ: 2.299.-**
Verð: 2.999.-




**Viltu vita meira um
íþróttir / tölvur**
**VILDARVERÐ (per stk.): 2.999.-**
Verð (per stk.): 3.899.-




**Stafakarlarnir**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.899.-




**Fyndin skrímsli**
**VILDARVERÐ: 1.999.-**
Verð: 2.499.-




**Strumparnir og óhræsið**
**VILDARVERÐ: 2.599.-**
Verð: 3.339.-




**Lukku-Láki - Draugabærinn**
**VILDARVERÐ: 2.599.-**
Verð: 3.499.-




**Teljum saman - Leikföngin mín**
**VILDARVERÐ: 2.299.-**
Verð: 2.899.-




**Óvættaför - Skuggi dauðans**
**VILDARVERÐ: 2.599.-**
Verð: 3.299.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 5. mars, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.















Renton, Spud og Carlyle eru komnir aftur á kreik í kvikmyndinni T2 Trainspotting. NORDICPHOTOS/AFP

# Dekkri hliðar nostalgíunnar

**KVIKMYNDIR**

**T2 Trainspotting**

★★★★☆

**Leikstjóri:** Danny Boyle
**Framleiðendur:** Andrew MacDonald, Christian Colson, Danny Boyle
**Handrit:** John Hodge
**Kvikmyndataka:** Anthony Dod-Mantle
**Aðalhlutverk:** Ewan McGregor, Ewen Bremner, Jonny Lee Miller, Robert Carlyle

Hugtakið nostalgía er talið geta þýtt tvennt: í fyrsta lagi heimþrá og í öðru lagi ljúfsáran söknuð til fyrri tíma, þegar allt var betra, einfaldara, viðkomandi var yngri o.þ.h. Hvort tveggja á mjög vel við um allan efniviðinn og undirstöðu þeirra þemu sem finna má í T2 Trainspotting. Á meðan Hollywood-færibandið leikur sér endalaust að því að halda upp á og selja þér nostalgíu, er mikla tilbreytingu að finna í þessari litlu, merkilega áhrifaríku framhaldssögu. Hér er aðeins meira kafað ofan í það slæma sem getur fylgt fortíðarþránni.

Nú gægjumst við aftur í lífið hjá þeim Mark Renton, Spud Murphy, Simon og Begbie og skoðum hvernig þeir gera upp síðustu árin. Liðnir eru tveir áratugir síðan Mark Renton sveik gömlu félaga sína og stal frá þeim 16.000 pundum. Sagan hefst þegar hann snýr aftur til heimaslóðanna, en þá vaknar að sjálfsögðu sú mikilvæga spurning: Hversu líklegt þykir það að Begbie, sem er nýsloppinn úr fangelsi, nái að halda „kúlinu“ þegar hann fréttir af því?

Þegar Trainspotting kom út árið '96 fór það ekki fram hjá fólki hvað leikstjórinn Danny Boyle náði að gæða þessa svokölluðu „músíkvídeó“ kvikmyndagerð miklu lífi og flytja hana upp á glænýtt stig. Myndin eldist vel því hún er hress, truflandi, faglega unnin og í alla staði minnisstæð. Það var í rauninni aldrei hægt að toppa frummyndina en í T2 Trainspotting er ekki einu sinni reynt að leggja í slíka örvæntingu.

Í stað þess að apa eftir sambærilegri formúlu fáum við allt öðruvísi kvikindi; sögu um minningar, vináttu, gremju, eftirsjá, sjálfsskoðun, kynslóðina fyrir neðan og rembinginn við það að horfa fram á við. Útkoman er mildari, blíðari, þroskaðri og jafnvel aðeins ýktari bíómynd, sem græðir reyndar líka á því að vera hröð, klikkuð og fyndin á köflum.

Fjórmenningarnir eru allir í forgrunni hér en þegar upp er staðið er það Spud sem er aðall sögunnar og nær eflaust bestu tengingunni við áhorfandann. Ewen Bremner nær enn áreynslulaust að eigna sér einfalda ljúflinginn sem lumar á ýmsum hæfileikum. Ewan McGregor og Jonny Lee Miller eru heldur ekki lengi að finna gömlu taktana, sömuleiðis Robert Carlyle, sem týnir sér aftur í hlutverki hins bráðláta Begbie á brillerandi máta. Búlgarska leikkonan Anjela Nedyalkova lætur annars vel um sig fara innan um drengina sem „kærasta“ Simons, Veronika, trúlega snjallasta persóna myndarinnar.

Danny Boyle er vissulega ekki alveg sami leikstjóri og þegar hann var að byrja, en lítið hefur það þó breyst hvað hann hefur frábært auga fyrir dýnamískri beitingu á tökuvélinni, gott eyra fyrir flottri tónlistarnotkun og oftast þétt tök á keyrslu með úthugsaðri klippingu. T2 er talsvert rólegri mynd heldur en sú fyrri en það vantar samt ekki púlsinn eða orkuna sem Boyle stuðar í rennslið, eins með allt skrautið sem fylgir poppandi litadýrðinni í stílbrögðunum. Tónlistarvalið spilar líka stóran þátt í þessu og virðist algjörlega smellpassa við og líma þetta allt saman.



Ewan McGregor á rauðadreglinum á frumsýningu T2 Trainspotting í Edinborg í lok janúar.

Myndin er lauslega byggð á framhaldsbókinni Porno, sem Irvine Welsh gaf út árið 2002, en segir að mestu frumsamda sögu. Myndin yfirstígur samt aldrei þann galla að hana skortir þessi „sjokk-áhrif“ sem einkenndu þá fyrri (enda þessi bara bönnuð innan tólf hér!). Auk þess eru nokkrir litlir söguþræðir skildir eftir í lausu lofti, sem gerir heildina pínu slitrótta. En í stærra samhenginu siglir T2 í áttina að fullnægjandi samantekt með skemmtilegri framvindu þar sem glímt er við flóknar tilfinningar af mikilli sál og hreinskilni. Forveri hennar er virtur og ýmsu bætt við hann frekar en að setja sig í gömlu sporin aftur.

Ef myndin er skoðuð með opnum huga er líklegt að Trainspotting-aðdáendur sjái hana sem annaðhvort verðuga framlengingu eða eftirmála sem er bitastæður á sinn hátt. Það er gaman að hanga með þessum aulum aftur og er lítið grafalvarlegt til að setja út á, nema arfaslaka titilinn. **Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** T2 Trainspotting verður aldrei sama klassíkin og forveri hennar en vel heppnuð er hún samt sem áður. Léttgeggjuð, lifandi, stílísk og skemmtileg saga um minningar, uppgjör og vináttu.


TÓNLEIKUR KYNNIR
HERBIE HANCOCK
HLJÓMLEIKAR
ELDBORG 20. JÚLÍ
VINNIE COLAIUTA
JAMES GENUS
LIONEL LOUEKE
TERRACE MARTIN
MIÐASALA Á HARPA.IS - TIX.IS OG Í SÍMA 528 5050
HERBIEHANCOCK.COM
@HERBIEHANCOCK
@HERBIEHANCOCKOFFICIAL
a Marshall Arts Ltd presentation IN ASSOCIATION WITH HANCOCK MUSIC MANAGEMENT AND RED LIGHT MANAGEMENT







# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 2. MARS

### Tónlist

**Hvað?** Reykjavík folk festival
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Reykjavík Folk Festival er þriggja daga tónlistarhátíð með það að markmiði að blanda saman tónlistarmönnum á öllum aldri og úr mismunandi áttum og búa þannig til einlæga og notalega kvöldstund, með sterkum þjóðlegum undirtóni. Hátíðin hefst í kvöld í Gym og tónik sal Kex hostels. Helgarpassi kostar 8.500 krónur en stakt kvöld kostar 3.300 krónur.

**Hvað?** David Åhlén
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Sænski lagahöfundurinn og söngvarinn David Åhlén kemur fram í Mengi ásamt píanóleikaranum Andreaz Hedén og flytur eigin tónlist, gamla og nýja.

**Hvað?** Trúbadorar og Trobairitzur – farandtónlistarmenn fyrri alda
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Sjaldheyrðar tónlistarperlur munu óma úr fortíðinni á Tíbrártónleikum í kvöld kl. 20.00 þegar hljómsveitin Umbra stígur á svið. Á tónleikunum munu tónlistarkonurnar í Umbru gluggа í úrval þjóðlagaarfs liðinna alda með áherslu á hlutverk konunnar. Vensl milli mismunandi málsvæða verða könnuð með tilliti til sameiginlegra tákna og sagnaminna. Tónlist farandtónlistarmanna Mið-Evrópu verður í brennidepli, allt frá Al-Andalús Íberíuskaga 10. aldar, til trúbadoratónlistar Frakklands, Minnesänger Þýskalands og hljóðfæratónlistar á Ítalíu, með viðkomu á Bretlandseyjum.

**Hvað?** Chino & Victor Puertas
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Chino og Victor Puertas eru nú komnir til Íslands í fyrsta skipti. Þessir frábæru tónlistarmenn eru tvö af þekktustu nöfnunum í blússenunni í Barcelona þar sem þeir eru búsettir og hafa komið fram í Bandaríkjunum, Rússlandi, Bretlandi, Argentínu, Austurríki, Frakklandi, Ítalíu, Danmörku, Finnlandi og Noregi. Árið 2013 hlaut Chino, ásamt hljómsveit sinni „Big Bet“, önnur verðlaun á The European Blues Challenge sem haldin var í Toulouse í Frakklandi. Sama ár vann Victor Puertas, ásamt bróður sínum Santos Puertas (The Suitcase Brothers), einnig til annarra verðlauna á The International Blues Challenge í Memphis, Tennessee. Saman spila þeir blús eins og hann gerist bestur og sem mun hrista upp í hverjum sem er.

**Hvað?** Cozy country kvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Fram koma stórsöngvararnir Kristina Bærendsen frá Færeyjum og Páll Rósinkranz, sem taka þátt í Söngvakeppni RÚV 2017 með lagið Þú og ég. Einnig koma fram gestasöngvararnir Mark Brink, sem er höfundur lagsins Þú og ég, og Axel Ómarsson úr kántríhljómsveitinni Axel O & Co. Á efnisskránni verða kántrílög úr ýmsum áttum. Þeim til halds og trausts verða valinkunnir hljóðfæraleikarar eins þeir Þórir Úlfarsson og Pétur Valgarð Pétursson.





Það er nóg um að vera í Háskóla Íslands í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Viðburðir

**Hvað?** Hvað er helst í fréttum?
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið Grófinni
Hvað er helst í fréttum? er fjölmenningarleg þjónusta sem boðið er upp á í Borgarbókasafninu í Grófinni. Henni verður ýtt úr vör í dag kl. 17.30 þegar þær Sigyn og Snæfríður Jónsdætur, sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum, taka á móti áhugasömum gestum og aðstoða þá við að fara yfir helstu fréttir og benda á þau mál sem eru í brennidepli hverju sinni.

**Hvað?** Ferðakynning á Akureyri
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Strandgata 23, Akureyri
Opið hús verður hjá Ferðafélagi Akureyrar í dag. Þar kynnir formaður Ferðafélagsins Norðurslóðar sumarleyfisferðir félagsins, þ.e. Langanes - Fontur og Öxarfjörður út og suður . Einnig hina árlega Sléttugöngu og aðrar ferðir félagsins.

**Hvað?** Spurt og svarað – Magnús Pálsson og Erling Klingenberg ásamt Nýlókörnum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Boðið er upp á samtal við listamenn sem eiga verk í sýningaröðinni Hrinu. Rætt verður um tilurð verkanna, inntak þeirra og útfærslu, auk þess sem horft er til samhengis þeirra við önnur verk á ferli listamannanna sem og þróun vídeólistar almennt. Sigurður Trausti Traustason, deildarstjóri safneignar og rannsókna, og Markús Þór Andrésson, deildarstjóri sýninga og miðlunar, leiða samtalið og er gestum velkomið að taka þátt.

**Hvað?** Tímamótakvöld í Neskirkju: Gerður Helgadóttir
**Hvenær?** 19.57
**Hvar?** Neskirkja
Fjallað verður um verk Gerðar Helgadóttur í Neskirkju kvöld í tilefni af 60 ára afmæli kirkjunnar, sem var vígð árið 1957. Suðurgluggınn í kirkjunni er meðal stærstu verka Gerðar og meðal síðustu verka hennar. Sýnt verður úr heimildarmynd um þennan kunna listamann og erindi flutt.

**Hvað?** Erindið Af íslenskum vinnumönnum og vinnukonum
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Aðalsafn Bókasafns Kópavogs
Ættfræðiáhugakonan Anna Kristjánsdóttir ræðir ættir sínar, en í ættartré hennar má víða hnjóta um vinnuhjú en leita þarf langt aftur í ættir áður tekst að hafa þar uppi á prestum eða sýslumönnum.

**Hvað?** Fyrirlestur hjá Miðaldastofu: Between Unity and Diversity—Articulating Pre-Christian Nordic Religion and its Spaces in the Late Iron Age
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Oddi, Háskóli Íslands
Luke John Murphy, doktorsnemi við Árósaháskóla og stundakennari við Háskóla Íslands, flytur fyrirlestur hjá Miðaldastofu Háskóla Íslands.

**Hvað?** Málstofa 2017.is: Konur sem viðfangsefni í guðfræði Lúthers og þátttakendur í siðbót hans
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Aðalbygging Háskóla Íslands
Arnfríður Guðmundsdóttir kynnir rannsóknir sínar á afstöðu Marteins Lúthers til kvenna og þátttöku þeirra í siðbótarhreyfingunni í Þýskalandi og Sviss á 16. öldinni.

**Hvað?** Þýðingar á hugtökum samfélagsmiðla úr ensku yfir í spænsku og portúgölsku
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Oddi, Háskóla Íslands
María Teresa Ortego Antón, lektor í túlkun og þýðingum við Valladolid háskólann á Spáni, flytur fyrirlesturinn „Þýðingar á hugtökum samfélagsmiðla úr ensku yfir í spænsku og portúgölsku“ í Odda 106, fyrirlesturinn fer fram á ensku.

### Sýningar

**Hvað?** Uppspuni frá rótum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Litla leikhúsið, Selfossi
Leikfélag Selfoss sýnir verkið Uppspuna frá rótum í Litla leikhúsinu við Sigtún 1 á Selfossi. Verkið er eftir þá Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Miðaverð er 2.500 krónur.



# FRAMKVÆMDA-DAGAR

## 23. FEBRÚAR - 13. MARS

Skoðaðu blaðið á byko.is



ÞAR SEM FAGMENNIRNIR VERSLA ER ÞÉR ÓHÆTT



## MARGIR LITIR Í BOÐI!

Allt borðplötu- og sólbekkjaefni* -30%

*plastlagt

# BOSCH

Elsti og stærsti framleiðandi rafmagnsverkfæra í Evrópu. Bosch ábyrgist að varahlutir fáist í rafmagnsverkfæri frá fyrirtækinu í allt að 10 ár frá framleiðslu þeirra sem er ábyrgð sem fáir bjóða.



TILBOÐSVERÐ

**HÖGGBORVÉL**
PSB 500-RE, 500W
13mm patróna, 1,5 kg, taska
**7.995kr.**
74860500
Almennt verð: 9.895kr.

TILBOÐSVERÐ

**RAFHLÖÐUBORVÉL**
PSR 14,4 LI-2, 2x2,5Ah rafhlöður, 2 gírar, 40 Nm hám. hersla, 10 herslustillingar, taska, 1,14 kg
**22.995kr.**
74864116
Almennt verð: 27.995kr.

TILBOÐSVERÐ

**MULTISÖG**
PMF 220 CF, 220W,
4x fylgihlutir, 1,1 kg, taska
**15.995kr.**
74862194
Almennt verð: 19.995kr.

TILBOÐSVERÐ

**HÁÞRÝSTIDÆLA**
AQT 37-17, , 1700W, 130 bör, 370 l/klst, 3-in-1 stútur, 6m slanga.
**27.995kr.**
74810237
Almennt verð: 34.595kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 13. mars eða á meðan birgðir endast.



4 l.

**INNIMÁLNING**
Glitra, gljástig 10, hvít, 4 l.
**6.295kr**
86620040

9 l.

**INNIMÁLNING**
GJØCO PROFF
gljástig 7, 9 l. allir litir
**7.295kr**
80602509

## VIÐ ERUM MEÐ ÁRATUGA REYNSLU

-spurðu okkur

BLÖNDUM ALLA LITI



GÓÐ RÁÐ

byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



HIÐ BLÓMLEGA BÚ

Skemmtilegir og fræðandi þættir sem kitla bragðlaukana. Árni hefur fengið nóg af skapstyggð Huppu og hefur ákveðið að selja kúna ásamt kálfinum litla. Fyrir peningana ætlar Árni að láta gamlan draum rætast og smíða eldofn á hjólum.

SPENNANDI
FIMMTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslu-meistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



THE BLACKLIST

Raymond Reddington er hvergi banginn þegar hann og snillingarnir hjá FBI leysa stórglæpamál í sameiningu. Hörkuspennandi þættir!



HOMELAND

Magnaðir þættir þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson sem er aftur flutt til Bandaríkjanna eftir að hafa komið í veg fyrir hryðjuverkaárás í Berlín.



LETHAL WEAPON

Spennandi framhaldsþáttur, byggður á hinum vinsælu Lethal Weapon-myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um tvo lögreglumenn sem eru mjög ólíkir í leik og starfi.



BÍÓ

ÓSKARSVERÐLAUNAMYND

BIRDMAN

Myndin fjallar um bandarískan leikara sem eitt sinn naut mikilla vinsælda. Hann reynir að endurlífga feril sinn og sættast við fortíð sína um leið.



3

KLOVN

Bráðfyndnir þættir um þá félaga Frank og Casper og ótrúleg ævintýri þeirra sem oft á tíðum eru meira en lítið neyðarleg.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** The Middle
**08.15** Ellen
**08.55** Tommi og Jenni
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Jamie's 30 Minute Meals
**10.40** Undateable
**11.00** The Goldbergs
**11.20** Landnemarnir
**11.55** Poppsvar
**12.35** Nágrannar
**13.00** Mary and Martha
**14.30** The Flinstones in Viva Roc
**16.05** Tommi og Jenni
**16.30** Simpson-fjölskyldan
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The Big Bang Theory
**19.45** Masterchef Professionals - Australia Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
**20.30** Hið blómlega bú Fjórða þátttaröðin af þessum fræðandi og notalegu þáttum sem kitla bragðlaukana. Árni Ólafur heldur áfram að yrkja sitt blómlega bú í Árdal í Borgarfirði. Hann er orðinn öruggur á bændastörfunum og leitast við að finna ný og spennandi hráefni og verkefni til að takast á við í matargerðinni.
**21.05** The Blacklist Fjórða spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.
**21.50** Homeland
**22.40** Lethal Weapon
**23.25** Steypustöðin Ný sketsaþáttaröð með einvalaliði íslenskra gamanleikara. Þau Steinda Jr, Sögu Garðars, Sveppa, Ágústu Evu og Auðun Blöndal þarf vart að kynna fyrir Íslendingum og ekki er stórleikarinn María Guðmunds síðri.
**23.55** Big Little Lies
**00.50** Apple Tree Yard
**01.45** Taboo
**02.45** Furious 7
**05.00** Mary and Martha

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15** Barcelona - Sporting
**08.55** Real Madrid - Las Palmas
**10.35** Valur - Snæfell
**12.15** Lengjubikarinn
**13.55** Chelsea - Swansea
**15.40** Messan
**17.20** Valur - Snæfell
**19.00** KR - Keflavík
**21.10** MD 2017 - Samantekt
**21.45** Premier League World
**22.15** Everton - Sunderland
**23.55** KR - Keflavík

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.35** Njarðvík - KR
**09.15** Domino's körfuboltakvöld
**10.55** FA Cup
**12.35** Hull - Burnley
**14.15** Crystal Palace - Middlesbrough
**15.55** Leicester - Liverpool
**17.35** Premier League Review
**18.30** Real Madrid - Las Palmas
**20.10** Barcelona - Sporting
**21.50** Watford - West Ham
**23.30** Útsending frá leik Stjörnunnar og Þróttar R.

## STÖÐ 3

**17.30** 2 Broke Girls
**17.55** Raising Hope
**18.15** New Girl
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Bara grín
**20.10** Veistu hver ég var?
**20.50** Supergirl
**21.35** Angie Tribeca
**22.00** Arrow
**22.45** Klovn
**23.15** Gilmore Girls
**00.00** The New Adventures of Old Christine
**00.20** Curb Your Enthusiasm
**00.55** Bara grín
**01.20** Veistu hver ég var?
**01.55** Supergirl
**02.40** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Grettir
**07.11** Zigby
**07.25** Blíða og Blær
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Grettir
**11.11** Zigby
**11.25** Blíða og Blær
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Strumparnir
**14.22** Hvellur keppnisbíll
**14.34** Ævintýraferðin
**14.46** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Grettir
**15.13** Zigby
**15.27** Blíða og Blær
**15.49** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Strumparnir
**18.22** Hvellur keppnisbíll
**18.34** Ævintýraferðin
**18.46** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Skógardýrið Húgó



Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.55** Golfing World
**09.45** The Honda Classic
**14.45** PGA Highlights
**15.40** AT&T Pebble Beach National Pro-Am
**17.45** Golfing World
**18.35** Inside the PGA Tour
**19.00** WGC. Mexico Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.30** Baby Mama
**13.10** 500 Days Of Summer
**14.45** Mona Lisa Smile
**16.45** Baby Mama
**18.25** 500 Days Of Summer
**20.00** Mona Lisa Smile
**22.00** Birdman Frábær og margverðlaunuð Óskarsverðlaunamynd frá árinu 2014 með þeim Michael Keaton og Emmu Stone í aðahlutverkum. Myndin fjallar um bandarískan leikara sem eitt sinn naut mikilla vinsælda í hlutverki ofurhetju. Hann reynir að endurlífga feril sinn og sættast við fortíð sína um leið og hann vinnur sem leikstjóri að uppsetningu leikrits á Broadway.
**00.00** To Write Love On Her Arms Sönn saga Renee Yohe, en barátta hennar við eiturlyfjafíkn, þunglyndi og sjálfsvígshugsanir varð rótin að fjöldahreyfingunni To Write Love on Her Arms. Renee Yohe leiddist á unglingsaldri út í lyfjaneyslu sem fljótlega varð til þess að hún fór að neyta krakks og annarra hættulegra vímuefna. 19 ára að aldri var hún komin í algjört öngstræti í lífi sínu og vildi hjálp, en kom að lokuðum dyrum hjá meðferðarstofnunum sem tóku ekki við henni þar sem hún var enn í neyslu. Vinur hennar, Jamie Tworkowski, tók sig þá til og skrifaði um baráttu hennar við kerfið. Söguna gaf hann síðan út og af henni má segja að fjöldahreyfingin To Write Love on Her Arms hafi sprottið, en hún beitir sér fyrir aðstoð við þá sem eru í sömu sporum og Renee var.
**01.40** Two Faces of January
**03.20** Birdman

## RÚV

**15.20** Söngvakeppnin 2017
**16.45** Gettu betur
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Litli prinsinn
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.00** Íslensku tónlistarverðlaunin
**21.30** Hulli
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Fortitude
**23.10** Glæpasveitin
**00.10** Kastljós
**00.30** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Three Rivers
**10.35** Síminn + Spotify
**12.45** Dr. Phil
**13.25** American Housewife
**13.50** Your Home in Their Hands
**14.50** The Bachelorette
**16.20** The Tonight Show
**17.00** The Late Late Show
**17.40** Dr. Phil
**18.20** Everybody Loves Raymond
**18.45** King of Queens
**19.10** How I Met Your Mother
**19.35** The Mick
**20.00** Það er kominn matur
**20.35** Speechless
**21.00** This is Us
**21.45** MacGyver
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Californication

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


TÓNLEIKUR KYNNIR
MEISTARI HUGANS
LIOR SUCHARD
ELDBORG 9. MAÍ
„There really are things which defy explanation. When I first experienced Lior's mental gifts, I knew I was in the presence of someone extraordinary. Each time our paths cross, I'm more and more fascinated by how he does what he does."
- Barbara Streisand
„I will never tell people what to say. I know what they are going to say before they say it."
Lior Suchard
"Unbelievable! I can't believe he guessed the name of Zac Efron's first love. What a great guest to have on the show."
Jay Leno
„Absolutely breathtaking! You overthrow us! I will keep promoting you everywhere I go"
- Tony Blair
„I thought I seen it all"
- Bill Gates
„It´s the most amazing thing I saw in my life. And I´ve seen a lot"
Larry King
„Absoutely incredible. And funny too. I could watch this guy for hours"
Alicia Keys
„Lior is really amazing, he is among the best mentalists we've seen in our life"
- People magazine
„Seriously, it´s like you´ve ever seen before. He´ll have you on the edge of your seat, sweating with exitement"
Rene Zellweger
„Holy $%!&&! That was just awesome"
Leonard DiCaprio
TRÚIR ÞÚ AÐ EINHVER GETI LESIÐ HUGSANIR ÞÍNAR?
LIOR SUCHARD GETUR ÞAÐ.
MIÐASALA Á HARPA.IS-TIX.IS OG Í SÍMI 528 50 50



Allir fagurkerar ættu að fylgjast með Bryndísi á Instagram en notendanafnið hennar er bryndismaria3.



Fallegir munir prýða hvern krók og kima heimilisins.

# Hér búa augljóslega fagurkerar

**Bryndís María Björnsdóttir** býr ásamt kærasta sínum, Hermanni Frey, og sonum þeirra tveimur í vel skipulagðri íbúð í Hafnarfirði. Fjölskyldan hefur komið sér vel fyrir og það er augljóst að þarna búa fagurkerar.

Heimilið er bjart, stílhreint og greinileg skandinavísk áhrif eru víðs vegar," segir Bryndís María spurð út í stílinn sem einkennir heimilið. „Ég heillast mjög mikið af skandinavískri hönnun og þá helst danskri. Íslenskir hönnuðir hafa svo sótt í sig veðrið undanfarið og ég á mikið af fallegri íslenskri hönnun. Það fylgir því ákveðið stolt, að þetta litla land geti átt eins marga flotta hönnuði og raun ber vitni."

Bryndís fær innblástur úr öllum áttum þegar kemur að því að innrétta. „Innblásturinn kemur núna víða að. Ég á mjög smekklegar vinkonur sem veita mér innblástur á margan hátt. Ég fæ líka margar hugmyndir á Instagram og hef gaman af að setja þar inn myndir af heimilinu okkar í bland við annað. Ég hef ekki enn gerst svo fræg að nota Pinterest en er farin að sjá það betur og betur að ég neyðist væntanlega til að fá mér aðgang," útskýrir Bryndís sem hefur forðast Pinterest hingað til því hún er nokkuð viss um að hún myndi festast þar inni.



Bryndís er ansi handlagin en hún bjó til þennan bakka úr gömlum myndaramma og marmarafilmu.

Húsgögnin sem prýða heimili Bryndísar og Hermanns eru flest úr Ikea. „Ikea er verslun sem ég fæ ekki nóg af að heimsækja og ég er heppin að því leyti að það er ótrúlega stutt fyrir mig að fara þangað. Dýrari hlutirnir eru svo frá verslunum á borð við Pennann, Epal og Líf & list. Ég hef þó mest gaman af því að fara í svona perlubúðir eins og Söstrene Grene og Tiger þar sem maður getur fundið flotta og stílhreina hluti á ótrúlega góðu verði. Draumurinn væri samt að hafa einn góðan danskan „loppumarkað" í næsta nágrenni."

gudnyhronn@365.is



Skandinavísku áhrifin eru áberandi.



Hér sést glitta í sófaborðið sem Bryndís og Hermann gerðu saman úr trépallettum og glerplötu. Borðið er á hjólum svo auðvelt er að færa það til.



Bryndís og Hermann tóku forstofuna nývverið í gegn og eru himinlifandi með útkomuna.



Bryndís bjó til þessa mottu sjálf úr dúskum sem hún þæfði og saumaði svo saman.

Glæsilegt úrval á pier.is



# TAX FREE Í PIER

## TILBOÐIN GILDA 2.–8.MARS




## 40% AFSLÁTTUR AF KERTUM

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 22.02.17 – 28.02.17




**1** **Löggan**
Jo Nesbø




**2** **Eftir að þú fórst**
Jojo Moyes




**3** **Þögult óp**
Angela Marson




**4** **Speglabókin**
E.O. Chirovici




**5** **Iceland Small World**
Sigurgeir Sigurjónsson




**6** **Svartalogn - kilja**
Kristín Marja Baldursdóttir




**7** **This is Iceland**
Ýmsir höfundar




**8** **Englar vatnsins**
Mons Kallentoft




**9** **Allt sem ég man ekki**
Jonas Hassen Khemiri




**10** **Vögguvísurnar okkar**
Ýmsir höfundar

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT


Penninn Eymundsson







**Eins og sjá má er nýjasta lag Áttunnar gífurlega vinsælt.**

# Áttan segist ekki hafa keypt áhorf

Nýjasta lag Áttunnar, Neinei, hefur átt gífurlega miklum vinsældum að fagna síðan það kom út fyrir um viku og hefur sankað að sér geysilega miklu áhorfi, eða næstum 200 þúsund skiptum. Á Twitter segja sumir að hér sé um svindl að ræða og að áhorfið sé keypt.

Nokkur umræða hefur skapast í kringum nýjasta lag Áttunnar, Neinei – en einhverjum notendum á Twitter þótti lagið vera komið með heldur háar áhorfstölur, en á þessari rúmlega viku síðan laginu var hlaðið upp á YouTube er það komið með rúm 182 þúsund áhorf sem verða að teljast undraverðar tölur, en til samanburðar má nefna að hið geysivinsæla lag Emmsjé Gauta, Strákarnir, stendur í 610 þúsund áhorfum, en það kom inn í ágúst 2015.

„Það er náttúrulega algjör della,“ segir Aron Ingi Davíðsson, einn liðsmaður Áttunnar, um þær ásakanir að þetta séu keypt áhorf.

„Nökkvi Fjalar póstaði mynd af „statistic“ fyrir lagið af YouTube og þar sést að 95,7% af okkar áhorfi kemur frá íslensku fólki. Þannig að það er ekkert mál að sýna fram á að þetta er della. Þessir keyptu fylgjendur eru alltaf erlendir, það er ekki hægt að fá svona hérna heima,“ segir Aron og leggur áherslu á að Áttu-teymið hafi lagt hart að sér við að búa til skemmtilegt efni fyrir aðdáendur sína.




**NÖKKVI FJALAR PÓSTAÐI MYND AF „STATISTIC“ FYRIR LAGIÐ AF YOUTUBE OG ÞAR SÉST AÐ 95,7% AF OKKAR ÁHORFI KEMUR FRÁ ÍSLENSKU FÓLKI.**

Aron Ingi Davíðsson

### Hvers vegna að kaupa fylgjendur?

Það er kannski ekkert skrýtið að fólki detti í hug að um svindl sé að ræða því nú til dags virðist leikur einn að kaupa áhorf, „like“ og fylgjendur.

„Það eru ótal þjónustur, misfullkomnar, þar sem er leikur einn að kaupa sér viðbrögð, þ.e. athugasemdir og „like“. Sumar þjónustur gera þetta mjög sannfærandi. Hjá Takumi höfum við séð keypt „like“ frá prófílum sem líta út fyrir að vera í eigu einhverra, en eru í rauninni búnir til með forritum,“ segir Jökull Sólberg Auðunsson hjá Takumi spurður að því hvernig hægt sé að verða sér úti um illa fengin „likes“ og áhorf. Jökull segir að tilgangur þess að kaupa sér áhorf eða fylgjendur sé fyrst og fremst sá að vekja athygli á sjálfum sér og verða sér úti um „lífræna“ fylgjendur.



**Jökull Sólberg Auðunsson er einn stofnandi Takumi sem er áhrifavaldaþjónusta.**

Jökull segir að hjá Takumi sé farið vel yfir umsækjendur hjá þeim og gengið úr skugga um að slíkum bellibrögðum sé ekki beitt hjá áhrifavöldum sem fyrirtækið tekur inn í þjónustu sína.

Ýmis brögð eru notuð til að koma sér á framfæri enda getur verið um mikla fjármuni að ræða – velgengni á samfélagsmiðlum getur skilað sér í háum launum fyrir suma og ókeypis varningi frá fyrirtækjum sem sýna áhuga.

„Það er allur gangur á þessu. Lúmskast er að láta eitthvert forrit „engage-a“ við aðra til að þú komir upp í „notification“ og verðir þér þannig úti um „follow“ sem er ekki 100% svindl en mér finnst samt ekki vera „organic“. Við erum mjög ströng á þessu hjá Takumi og höfum þurft að neita rúmlega 50% þeirra sem hafa sótt appið okkar um inngöngu út af svona rugli,“ segir Jökull.

**stefanthor@frettabladid.is**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



VELKOMIN Í HR
Á HÁSKÓLADAGINN
Laugardaginn 4. mars kl. 12–16
Á Háskóladaginn getur þú spjallað við nemendur, kennara og náms- og starfsráðgjafa um allt sem viðkemur náminu við Háskólann í Reykjavík. Hægt verður að kynnast háskólanámi af eigin raun í opnum tímum í grunnnámi og fara á kynningar á brautum í meistaranámi.
Í Sólinni geta ungir sem aldnir prófað viðbragðshraða undir stýri í bílhermi, fælniviðbrögð í sýndarveruleika, spretthraðann, golfsveifluna, tölvuleiki sem nemendur hafa búið til, loftknúna bíla og margt fleira. Skema býður upp á skemmtilegt Minecraft-námskeið fyrir yngstu kynslóðina.
Opnir tímar í grunnnámi
Kl. 13:00
Hagfræði
Tölvunarfræði
Frumgreinanám
Kl. 13:30
Viðskiptafræði
Hátækni-, véla- og heilbrigðisverkfræði
Iðnfræði / byggingafræði
Kl. 14:00
Íþróttafræði
Fjármála- og rekstrarverkfræði
Lögfræði
Kl. 14:30
Sálfræði
Tæknifræði
Tölvunarstærðfræði / hugbúnaðarverkfræði
Kynningar á meistaranámi
Kl. 13:30
Sálfræði
Verkfræði
MPM - nám
Kl. 14:00
Íþróttafræði
Tölvunarfræði
MBA - nám
Kl. 14:30
Viðskiptafræði
Íslenski orkuháskólinn
Lögfræði
Dagskráin er á hr.is/haskoladagurinn
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
HÁSKÓLA DAGURINN
4. mars
f /haskoladagurinn
haskoladagurinn.is
#hdagurinn
Kynning á öllu háskólanámi á Íslandi
Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands
verða á Háskólatorgi Háskóla Íslands
Háskóli Íslands
kynnir nám sitt á Háskólatorgi, í Aðalbyggingu, Öskju og Háskólabíói
Háskólinn í Reykjavík
kynnir nám sitt í Háskólanum í Reykjavík
Háskólinn á Bifröst
kynnir nám sitt í Háskólanum í Reykjavík og á Háskólatorgi Háskóla Íslands
Listaháskóli Íslands
kynnir nám sitt í húsnæði skólans að Laugarnesvegi 91






20%
AFSLÁTTUR

**ELLY**
Hægindastóll. Bleikt eða grátt slitsterkt áklæði.
**43.990 kr.** ~~54.990 kr.~~

**COSTA**
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Vandað slitsterkt svart eða hvítt PU-leður og ljós- eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 305 × 215 × 84 cm.

**199.995 kr.**
~~399.990 kr.~~



RÝMUM FYRIR NÝJUM LITUM
50%
AFSLÁTTUR

**FRIDAY**
Hornsófi 2H2
Dökkgrár eða brúnn.
Stærð:
300 x 300 x 90 cm.

25%
AFSLÁTTUR



**224.990 kr.** ~~299.990 kr.~~



20%
AFSLÁTTUR

**KIRUNA**
Tveggja og þriggja sæta sófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
3ja: 227 x 90 x 78 cm
**79.990 kr.**
~~99.990 kr.~~
2ja: 162 x 90 x 78 cm
**69.900 kr.**
~~89.990 kr.~~



22%
AFSLÁTTUR

**ELLY**
Þriggja sæta. Bleikt eða grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 183 x 82 x 85 cm
**69.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



40%
AFSLÁTTUR

**PRADO**
Þriggja sæta retrosófi.
Fáalegur í gráu, dökkgráuog bláu áklæði.
Viðarfætur. Stærð: 182 x 86 x 82 cm
**59.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri** **Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður** **Skeiði 1**
**www.husgagnahollin.is** 558 1100
*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



**43%**
AFSLÁTTUR

## JOLENE
Borðstofustóll.
Svart PU-leður og krómfætur.

**7.990 kr.** ~~13.990 kr.~~

# HELGAR SPRENGJA



ALLAR KÄHLER VÖRUR
**30–50%**
AFSLÁTTUR



**50%**
AFSLÁTTUR

## ASTRO
Hægindastóll, rautt og kakí áklæði.

**29.995 kr.** ~~59.990 kr.~~

## MANDAL
Borðstofustóll.
Rauður,
hvítur,
svartur og
blár.



**50%**
AFSLÁTTUR

**4.995 kr.** ~~9.990 kr.~~



**38%**
AFSLÁTTUR

## DIMA
Borðstofustóll. Hvítur eða svartur
með svörtum eða viðalitum löppum.

**7.990 kr.** ~~12.990 kr.~~



**40%**
AFSLÁTTUR

## EBBA
Hægindastóll blátt sléttflauel.

**35.990 kr.** ~~59.990 kr.~~

HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar



Tómasar Þórs Þórðarsonar

# Er ég einn í soðkökunni?

Í gær lauk þriggja daga hátíð sem samanstendur af bolludegi, sprengidegi og öskudegi. Þetta er hamingjusamasta hátíð ársins þar sem henni fylgir bara át á rjómafylltu deigi með glassúr, söltuðu kjöti og nammi. Bollusprengiöskudegi fylgir ekkert stress eins og jólunum og engar gjafir. Hátíðarnar gerast ekki mikið betri.

Bolludagur hefur alltaf verið uppáhaldið mitt. Hann varð enn betri þegar ég fann sálufélaga í vinnunni sem er jafnmikill aðdáandi en saman hefjum við svokallaða bolluviku 6-7 dögum áður en bolludagurinn sjálfur gengur í garð.

Ég skal þó viðurkenna að þegar ég var hálfnaður í gegnum eina Nutella-bollu frá Bakarameistaranum í öðru bollukaffi mánudagsins eftir sex daga át var ég feginn að 300 plús dagar eru í næsta bolluát.

Öskudagurinn er minnst sérstakur í minningunni. Þrátt fyrir ágætis barnæsku var búningagerð eða áhugi á þeim ekki í fyrirrúmi hjá foreldrum mínum. Í eina skiptið sem ég grenjaði í gegn að fá alvöru búning reif ég grænu sokkabuxurnar hans Hróa hattar frá rassgati til pungs og þurfti að klára daginn í gallabuxum. Engum hefði verið hleypt inn í Skírisskóg þannig klæddum.

Stærsta spurningin mín varðandi þessa hátíð er í tengslum við sprengidaginn þar sem saltkjöt og baunir (túkall, sorrí, ég varð) er á boðstólum hjá landsmönnum. Ég ólst upp við að fá og fæ enn einhvers konar soðinn hafraklatta sem kallast soðkaka. Með hverju árinu virðist koma betur og betur í ljós að þetta er bara á boðstólum á mínu heimili. Það virðist enginn kannast við þetta, eða hvað?

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**

BÓKA MARKAÐURINN
LAUGARDALSVELLI
24. FEBRÚAR TIL 12. MARS
OPIÐ FRÁ: KL. 10 – 21 ÖLL KVÖLD






Sóma Veislubakkar
FERSKAR HUGMYNDIR
FYRIR VEISLUR OG FUNDI

**GAMLI GÓÐI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Hangikjöt, eggjasalat.
Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.
Rækjusalat.

**EÐALBAKKI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Hangikjöt, lauksósa, salatmix.
Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.
Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

**LÚXUSBAKKI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.
Kjúklingur, egg, lauksósa.
Reyktur lax, íssalat.

**PÍTUBAKKI**
3.980 kr.

24 bitar fyrir 5 manns
Tikka masala kjúklingur og íssalat.
Reykt skinka.
Eggja- og íssalat.

**PARTÝBAKKI**
4.430 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.
Fetaostur, rauðlaukur, spínat.
Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

**VEISLUBAKKI**
4.430 kr.

30 bitar fyrir 5 manns
Reykt skinka, egg, íssalat.
Tikka masala kjúklingur, íssalat.
Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

**ÁVAXTABAKKI**
3.050 kr.

40 - 60 bitar fyrir 5 - 8 manns
Vínber, melónur, ananas, appelsínur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

**DESERTBAKKI**
2.450 kr.

50 bitar fyrir 10 manns
Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
Kókostoppar með súkkulaði.

**KÖKUBAKKI**
3.550 kr.

24 bitar fyrir 10 manns
Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.
Gulrótarkaka með rjómaostakremi.
Eplakaka með kanilkeim.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is**

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO





Heimsþekktu amerísku heilsurúmin frá Spring Air

SPRING AIR

Trusted by millions since 1926.

## Komdu og leggstu í draumarúmið!

Beverly og Regency eru sérlega vönduð heilsurúm frá Spring Air, einum þekktasta rúmaframleiðanda Bandaríkjanna.

**Gerðu kröfur um gæði – Spring Air stenst þær.**

## Spring Air **BEVERLY**
heilsurúm með Classic botni




Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

LÆKKAÐ VERÐ

DORMA
Láttu drauminn rætast

### SPRING AIR BEVERLY
heilsurúm með botni

| Stærð cm | Verð áður kr. | Lækkað verð kr. |
|---|---|---|
| 120x200 | ~~149.900~~ | **135.900** |
| 140x200 | ~~169.900~~ | **149.900** |
| 160 x 200 | ~~192.900~~ | **174.900** |
| 180 x 200 | ~~204.900~~ | **189.900** |
| 180 x 210 | ~~214.900~~ | **209.900** |
| 192 x 203 | ~~229.900~~ | **209.900** |

- Pokagormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Bómullaráklæði
- Steyptur svampur í köntum
- Sterkur botn

## Spring Air **REGENCY**
heilsurúm með Classic botni




Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

LÆKKAÐ VERÐ

DORMA
Láttu drauminn rætast

### SPRING AIR REGENCY
heilsurúm með botni

| Stærð cm | Verð áður kr. | Lækkað verð kr. |
|---|---|---|
| 140x200 | 229.900 | **199.900** |
| 160 x 200 | 252.900 | **224.900** |
| 180 x 200 | 279.900 | **249.900** |
| 180 x 210 | 309.900 | **269.900** |
| 192 x 203 | 309.900 | **269.900** |

- Fimm svæðaskipt pokagormakerfi
- Tvöfalt gormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Silkiblandað bómullaráklæði
- Steyptur svampur í köntum
- Sterkur botn







## NATURE'S REST
heilsurúm með Classic botni

LÆKKAÐ VERÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast

+ FERMINGAR TILBOÐ + SHAPE BY NATURE'S BEDDING COMFORT heilsukoddi

Aukahlutur á mynd: Helsinki höfuðgafl.
Val um þrjá liti á botni: Hvítt, svart og grátt.



Öllum fermingartilboðum fylgir Shape Comfort heilsukoddi að verðmæti **5.900 kr.**

| Stærð cm | Verð áður kr. | Lækkað verð kr. | Fermingar tilboð kr. |
|---|---|---|---|
| 80x200 | ~~62.900~~ | ~~55.900~~ | 45.900 |
| 90x200 | ~~68.900~~ | ~~59.900~~ | 49.900 |
| 100x200 | ~~72.900~~ | ~~63.900~~ | 53.900 |
| 120x200 | ~~79.900~~ | ~~69.900~~ | 59.900 |
| 140x200 | ~~92.900~~ | ~~79.900~~ | 69.900 |
| 160x200 | ~~99.900~~ | 89.900 | |
| 180x200 | ~~117.900~~ | 99.900 | |




## DÚNMJÚKT TVENNUTILBOÐ

Sæng 140x200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
**Fullt verð: 9.900 kr**

Koddi 50x70 cm. 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
**Fullt verð: 4.900 kr.**

**Fullt verð samtals: 14.800 kr.**

**9.900 kr.**



## MISTRAL HOME
sængurföt

Sængurföt úr 100% bómullarsatíni tveir litir.
300 tc.

**Fullt verð: 8.990 kr.**

FERMINGAR TILBOÐ

**6.990 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Verð gildir til 12. apríl 2017 eða á meðan birgðir endast.*

DORMA
Láttu drauminn rætast